



ÁRSSKÝRSLA 2014-2015



Krabbameinsfélagið

Ársskýrsla 2014-2015

Lögð fram á aðalfundi
Krabbameinsfélags Íslands
9. maí 2015

Efni

Afl til góðs (formáli forstjóra).....	3
Stjórn og skipurit	6
Reikningar	7
Rekstrarsvið	17
Fræðsla og útgáfa	18
Markaðsmál og fjáröflun	19
Ráðgjafarþjónustan Krabbameinsfélagsins	22
Íbúðirnar á Rauðarárstíg	26
Krabbameinsskráin	27
Leitarstöð Krabbameinsfélagsins	34
Frumurannsóknastofa	38
Ritskrá	39
Aðalfundur 2014	41
Formannafundur 2014.....	44
Aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands	46
Lög Krabbameinsfélags Íslands	75

Afl til góðs

Starfsárið milli aðalfunda árin 2014 og 2015 hefur einkennst af framsækni og vilja til góðra verka, bæði hjá starfsfólki og félagsmönnum. Þannig hafa margvíslegar breytingar litið dagsins ljós og aðrar undirbúnar sem ætlað er að auka og bæta þjónustu við þá sem til okkar þurfa að sækja.

Fræðsla til almennings er eitt af lykilhlutverkum Krabbameinsfélagsins. Ráðinn hefur verið lækni sem er í doktorsnámi í lýðheilsuvísindum í starf fræðslustjóra og hefur hann fag- og fræðsluráð sér til samstarfs og ráðgjafar. Lögð er áhersla á að efla fræðslu á netinu og á samfélagsmiðlum og hefur tekist vel til, efnið er skoðað og sótt meira en áður. Þá hefur almenningsfræðslan í auknum mæli farið fram í fjölmiðlum og framundan er reglubundin samvinna Krabbameinsfélagsins og fjölmiðla um kynningar og upplýsingamiðlun. Fræðslustarf fer nú fram á vegum Ráðgjafarþjónustunnar, fræðslustjóra (fag- og fræðsluráðs), markaðsdeildar, Leitarstöðvarinnar og Krabbameinsskrárinnar. Á grundvelli samnings Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur er unnið að margvíslegum fræðsluverkefnum og kemur framkvæmdastjóri Reykjavíkurfélagsins að fjölmörgum fræðsluverkefnum félagsins. Mikil samvinna er milli allra þessara starfseininga. Forvarnaverkefni eru mörg og tengjast oft fræðslu og kynningarstarfi. Sem dæmi mætti nefna að gefin eru út skilaboð um heilbrigða lífshætti og þeim dreift víða. Við tókum þátt í starfi Evrópusamtaka Krabbameinsfélaga (European Cancer Leagues) og leggjum með þeim áherslu á að kynna viðvaranir sem unnar hafa verið á vegum þeirra samtaka og alþjóðastofnana; European Code Against Cancer.

Leitarstarfið hefur tekið breytingum á árinu. Skipulagsbreytingar á skilgreiningum markhópa sem boðaðir eru í leit að leghálskrabbameinum og gerðar voru í ársbyrjun 2014 hafa ekki haft neikvæð áhrif á mætingu. Breytingin hafði í för með sér fækkun sýna sem komu til skoðunar hjá frumurannsóknastofnunni. Árvekníatak í bleika mánuðinum („Erum við að leita að þér?“) hafði góð áhrif á mætingu og nýtt fræðslumyndband var líka gagnlegt. Í ársbyrjun 2015 voru í fyrsta sinn send leghálsvökvasýni til greiningar á HPV (veira sem valdið getur leghálskrabbameini) til Svíþjóðar. Þessi tilraun tókst vel og gert er ráð fyrir að HPV-greiningar verði nú þáttur í leitarstörfunum og taki jafnvel við af smásjárskoðun á PAP-strokum á næstu árum eins og þróunin er í nágrennalöndum okkar. Töluverð vandamál blöstu við um tíma vegna skorts á röntgenlæknum til starfa við leit að krabbameinum í brjóstum, sérstaklega til þess að sinna klínískri leit, þ.e. konum sem þurfa frekari skoðunar með en hópleit gefur kost á. Þetta leystist með því að tveir röntgenlæknar sem starfa á Landspítala sinna klínískri leit í Skógarhlíð en gert er ráð fyrir að þessi þáttur brjóstaleitarinnar færist síðar yfir á Landspítala.

Hópleit að ristilkrabbameinum þarf að komast sem fyrst til framkvæmda að mati Krabbameinsfélagsins sem undanfarin ár hefur lagt áherslu á þessa forvörn með margvíslegum hætti. Í desember sl. veitti tryggingarfélagið Okkar líf félaginu veglegan styrk til að vinna að undirbúningi skipulegrar leitar að ristilkrabbameini. Í rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2015 var gert ráð fyrir (að höfðu samráði við ráðuneyti) að hafinn yrði undirbúningur að slíkri hópleit. Ráðinn var sérfræðingur í meltingarlækningum sem verkefnisstjóri og á vormánuðum 2015 fór ráðuneytið þess á leit við Krabbameinsfélag Íslands að það gerði tillögur að verkaskiptingu við undirbúning þessarar hópleitar. Tillögum hefur verið skilað og hefur verið myndaður samstarfsvettvangur ráðuneytis, Embættis landlæknis og Krabbameinsfélagsins um næstu skref.

Ráðgjafarþjónustan er rekin að mestu leyti fyrir sjálfsaflafé Krabbameinsfélagsins, en þjónustan móttók nokkra góða styrki á starfsárinu (sjá skýrslu Ráðgjafarþjónustunnar). Starfsemin fer vaxandi ár frá ári. Opnast hafa möguleikar á að efla stuðning og leiðbeiningar gegnum síma og á netinu og bundnar eru vonir við að þessi þjónusta gagnist vel. Ráðgjafarþjónustan hefur mjög víðtækt hlutverk og vinnur náið með öðrum starfseiningum. Nauðsynlegt er að fjölga starfsmönnum þar á árinu 2015 og að auka við húsnæðið. Hvoru tveggja nýtur stuðnings stjórnar og er í skoðun.

Krabbameinsfélagið beitir sér fyrir *margvíslegum hagsmunum sjúklinga og aðstandenda þeirra* svo og almennum verkefnum sem tengjast velferð almennings og krabbameinum. Á þessu starfsári voru gefnar út tvær skýrslur, sem vænst er að komi að gagni, hvor með sínum hætti. Skýrsla um endurhæfingu fyrir

krabbameinssjúklinga var unnin í samvinnu við fjölmarga þá sem starfa á þessu sviði og er unnt að leggja hana til grundvallar stefnumótunar í þessum málaflokki. Skýrslan hefur verið kynnt ítarlega og er nú til skoðunar í velferðarráðuneytinu. Þá var gefin út ný og endurbætt skýrsla um hagnýtar upplýsingar fyrir krabbameinssjúklinga og var henni dreift víða og er hún mjög til hagsbóta fyrir alla þá sem fjalla um þessi mál, starfsmenn heilbrigðisþjónustu jafnt sem sjúklinga. Krabbameinsfélagið hefur tekið virkan þátt í opinberri umræðu um málefni sjúklinga, m.a. í tengslum við átök og kjaradeilur heilbrigðisstarfsmanna, greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu og ýmis mál sem tengjast gæðum þjónustunnar.

Tekist hefur á þessu ári að safna stofnfjármagni til *vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins* frá Krabbameinsfélaginu, aðildarfélögum þess og úr sjóðum sem verið hafa í vörslu félagsins, Kristínarsjóði og Ingibjargar-sjóði. Upphæð stofnfjár er um 200 milljónir króna. Drög að starfsreglum sjóðsins liggja fyrir. Sjóðurinn mun efla möguleika íslenskra rannsakenda til að stunda vísindastörf og er hans beðið með nokkurri óþreyju. Væntanlega verða styrkir auglýstir til umsóknar með haustinu.

Vísindastarf á vegum félagsins hefur að vanda mest verið á vegum Krabbameinsskrárárinnar. Litið er svo á að fjárframlög félagsins til skrárárinnar séu fyrst og fremst til að styðja við rannsóknir á vegum hennar, en fjárveiting á fjárlögum greiði kostnað við skráningu meinanna. Heilsusöguverkefnið, samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Krabbameinsfélagsins sem rekið er í kjallaranum í Skógarhlíðinni hefur gengið vel, og er verið að vinna úr rannsóknargögnum. Fjármagn vantar til að unnt sé að halda áfram gagnasöfnun með þeim krafti sem upphafleg áform gerðu ráð fyrir.

Íslendingar eiga *Nordic Cancer Union (NCU)* þakkar að gjalda fyrir margvíslegan stuðning á liðnum árum. Á það ekki síst við um styrki veitta til vísindastarfa, en líka um ýmiss konar ráðgjöf og þróunarverkefni sem leitt hafa til árangursríkari verka Krabbameinsfélagsins. Nú er komin röðin að Íslandi að leiða starf NCU og tók forstjóri Krabbameinsfélagsins við formennsku þess í ársbyrjun. Formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands verður einnig virkur í starfi stjórnar NCU og margir starfsmenn félagsins munu leggja af mörkum vinnu til þessa verkefnis næstu þrjú árin.

Flestar þjóðir eiga sér sína *krabbameinsáætlun*. Árið 2011, á 60 ára afmæli Krabbameinsfélagsins, lofaði ráðherra heilbrigðismála að við Íslendingar fengjum okkar áætlun. Verkið hefur sóst seint, en á þessu starfsári var það tekið fastari tókum af hálfu ráðuneytisins og liggja nú fyrir drög að krabbameinsáætlun fyrir Ísland, sem vænst er að verði kynnt fljótlega. Krabbameinsfélagið hefur lagt vinnu í þessa áætlun og bindur miklar vonir við hana.

Framtíðarlífeyrisskuldbindingar Krabbameinsfélagsins hafa verið til skoðunar hjá fjármálaráðuneytinu sl. ár ásamt sambærilegum skuldbindingum annarra sjálfseignarstofnana og frjálsra félagasamtaka, sem hafa samninga um rekstur þjónustu við stjórnvöld. Samið var við mörg hjúkrunarheimili en loforð liggur fyrir um að næst verði rætt við Krabbameinsfélagið. Bið eftir þeim viðræðum er orðin löng en fyrir liggur ítarleg og vel rökstudd greinargerð frá Krabbameinsfélaginu sem kynnt hefur verið fjármálaráðuneytinu og verður lögð til grundvallar þessum viðræðum.

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með þeim breytingum sem *húsið í Skógarhlíð* hefur tekið, en verklok vegna klæðingar hússins og ýmissa endurbóta voru nú á vordögum. Dráttur á verklokum kemur til af því að um var að ræða mun viðameiri viðgerð á húsinu en gert hafði verið ráð fyrir, sérstaklega vegna mikils raka og fúa víða. Grunur vaknaði um myglusvepp á nokkrum stöðum í húsinu. Vegna jákvæðrar afstöðu starfsfólks til þessara viðgerða og tillitsemi verktaka við starfsemina tókst að ljúka þessu verki án þess að starfsemin truflaðist að ráði. Er það samdóma álit starfsmanna að mjög vel hafi tekist til alla staði og að mun betra sé að vera og vinna í húsinu.

Að vanda hefur *samvinna og samskipti við stjórnvöld* verið með margvíslegum hætti og hefur félagið ritað umsagnir um þingmál og komið á framfæri sjónarmiðum sínum um mál sem tengjast krabbameinum.

Markaðsdeild hefur að vanda borið ábyrgð á *fjáröflun og markaðsmálum* félagsins og jafnframt komið að ýmsum kynningarmálum og almannatengslamálum. Velunnarkerfi félagsins hefur verið tekið til skoðunar og nú fá allir velunnarar sem hafa gefið okkur netföng sín kveðjur og upplýsingar mánaðarlega um

starfsemina. Fjáröflunar- og árvekníátök í október og í mars hafa vakið gríðarlega athygli og langt útfyrir landssteinana. Sérstaklega hefur árveknin verið öflug og bæði október átakið „Erum við að leita að þér?“ og marsátakið með áherslu á leit að ristilkrabbameinum, m.a. í „Dillibossamyndbandi“, hafa vakið verðskuldaða athygli. Fjáröflun á vegum markaðsdeildar er undirstaða margra góðra verka hjá Krabbameinsfélaginu og því mjög mikilvægt að vel til takist. Á árinu hefur gefist kostur á að vinna með nokkrum fyrirtækjum að stærri verkefnum og þannig að tryggja fjármagn til þeirra, og gerir þetta félaginu kleyft að sinna verkefnum af meiri styrk en ella.

Fjölmiðlaumfjöllun á árinu hefur verið óvenjulega mikil og oft er kallað eftir álitum starfsmanna Krabbameinsfélagsins auk þess sem fræðsla og árvekni á vegum félagsins hefur komið oft til umfjöllunar. Félagið lét nú í vor gera fjölmiðlagreiningu sem varpar ljósi á umræðuna undanfarin misseri. Umfjöllunin hefur í langflestum tilvikum verið jákvæð í garð félagsins og mælist aðeins brot fjölmiðlaumfjöllunar neikvæð í garð Krabbameinsfélagsins. Í þeim tilvikum hafa forsvarsmenn félagsins leitast við að svara með málefnalegum hætti og notað tækifærið til að gera grein fyrir störfum og starfsemi félagsins.

Samskipti fara nú fram í vaxandi mæli á félagsmiðlunum og einnig er upplýsingarveita á heimasíðu félagsins notuð mikið. Forstjóri sendir öðru hverju fréttir til félaga að vanda og haldnir eru reglubundnir starfsmannafundir í Skógarhlíðinni.

Aðildarfélög Krabbameinsfélagsins breytast og þróast ár frá ári. Starfið er misjafnt eftir aðstæðum á hverjum stað og ekki síst eftir því hvort reknar séu þjónustumiðstöðvar á vegum félaganna. Ljóst er að þjónustuskrifstofurnar geta eflt starfsemina og verið mikill stuðningur. Á aðalfundi 2014 voru kynntar niðurstöður könnunar meðal aðildarfélaganna á viðhorfum þeirra til samskipta við „regnhlífina“ – Krabbameinsfélagið. Voru niðurstöður þær að ánægja ríkir með samskipti og stuðning. Formannafundur var haldinn á Akureyri og nutum við gestrisni heimamanna. Fundað var í höfuðstöðvum KAON og rætt um ýmis innri mál. Velunnarakerfi Krabbameinsfélagsins kom til umræðu, skipulag þess og framkvæmd. Úr velunnarasjóði félagsins er nú veitt ár hvert styrkjum til skilgreindra verkefna aðildarfélaganna og þarf að sækja um og rökstyðja beiðnir um styrkina. Nauðsynlegt er að aðildarfélögin fái upplýsingar um þróun velunnarakerfisins og hvernig staðið er að því.

Fjárhagsleg afkoma Krabbameinsfélagsins er þökkaleg, og með ráðdeild hefur verið unnt að auka starfsemina á ýmsum sviðum, svo sem í fræðslumálum. Fjáröflun hefur gengið vel og það styrkir alla starfsemina. Reglur um meðferð fjár hjá Krabbameinsfélaginu er að finna á heimasíðu þess og þar er líka skjal sem veitir margvíslegar upplýsingar um starfsemina, m.a. um fjármál, og var gefið út í október 2014. Skjalinu var dreift í 1.000 eintökum, m.a. til heilsugæslu og aðildarféлага. Mæltist þetta vel fyrir og verður væntanlega framhald á þessari upplýsingamiðlun.

Starfsárið hefur verið viðburðarríkt í sögu Krabbameinsfélagsins og verður m.a. minnst sem ársins þegar undirbúningur var hafinn að hópleit að ristilkrabbameinum, húsið í Skógarhlíð var endurnýjað og vísindasjóður var áfram undirbúinn og fjármagnaður, teknar voru upp HPV-mælingar og margt fleira. Lagður hefur verið góður grunnur að mörgum mikilvægum verkefnum og önnur þróast vel á árinu. Allt er þetta mögulegt vegna framlags íslensku þjóðarinnar til félagsins og þess trausts sem félagið nýtur. Meðan þess stuðnings nýtur getur Krabbameinsfélagið áfram verið það *afl til góðs* sem Íslendingar vænta.

Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn og skipurit

Verndari Krabbameinsfélags Íslands:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands 2014-2015:

Aðalmenn:

Jakob Jóhannsson læknir, formaður

Stefán Eiríksson lögreglustjóri, varaformaður

Sigurður P. Sigmundsson viðskiptafræðingur, gjaldkeri

Hulda Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, ritari

Árni Einarsson uppeldisfræðingur, meðstjórnandi

Friðrik Vagn Guðjónsson, meðstjórnandi

Jón Þorkelsson viðskiptafræðingur, meðstjórnandi

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2008)

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2010)

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2009)

(kjörtímabil 2013-2015, fyrst kosin 2013)

(kjörtímabil 2014-2015, fyrst kosinn 2014)

(kjörtímabil 2013-2015, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2013)

Varamenn:

Hinrik Greipsson viðskiptafræðingur


Steinunn Eva Þórðardóttir sálfræðingur

(kjörtímabil 2014-2015, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2014-2015, fyrst kosin 2012)

Forstjóri:

Ragnheiður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur



Reikningar

Frá Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 2014

		2014	2013
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Skóðanagjöld		162.068.469	173.090.510
Samningur við Ríkissjóð vegna leitar		342.200.000	324.025.000
Fjárveiting frá Ríkissjóði		27.700.000	26.600.000
Fjáröflunarverkefni		297.683.882	284.695.351
Aðrar tekjur		39.542.102	43.596.754
		<u>869.194.453</u>	<u>852.007.615</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	340.288.127	274.261.504
Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar	4	32.046.208	58.443.244
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		46.551.357	150.135.218
Aðkeypt önnur þjónusta		145.757.660	115.948.478
Húsnæðiskostnaður		36.060.989	41.346.864
Styrkir		63.121.222	49.947.142
Annar rekstrarkostnaður	5	144.630.783	134.571.761
Afskrifað af rekstrarfjármunum	6	56.995.076	32.144.185
		<u>865.451.422</u>	<u>856.798.396</u>
Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		3.743.031	(4.790.781)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		16.017.135	26.541.714
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(681.401)	(1.125.919)
		<u>15.335.734</u>	<u>25.415.795</u>
Tekjuafgangur		<u>19.078.765</u>	<u>20.625.014</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

		2014	2013
	Skýr.		
Fastafjármunir			
Skógarhlíð 8	6	503.380.698	412.674.434
Rauðarárstígur 33	6	87.691.122	64.318.153
Áhöld, tæki og annar búnaður.....	6	231.877.032	270.089.183
Fastafjármunir samtals		<u>822.948.852</u>	<u>747.081.770</u>
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	7	470.044.530	459.238.114
Fjáreignir samtals		<u>470.044.530</u>	<u>459.238.114</u>
Veltufjármunir			
Ýmsir skuldunautar og aðrar eignir		61.507.833	50.264.823
Handbært fé		244.917.718	224.527.991
Veltufjármunir samtals		<u>306.425.551</u>	<u>274.792.814</u>
Eignir samtals		<u><u>1.599.418.933</u></u>	<u><u>1.481.112.698</u></u>

Sjóðstreymi 2014

		2014	2013
Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.		
Samkvæmt rekstrarreikningi		19.078.765	20.625.014
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	6	56.995.076	32.144.185
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	11	4.396.485	33.318.013
Reiknaðar verðbætur langtímalána		196.755	496.285
Reiknaðar verðbætur á verðbréf.....	7	(10.806.416)	(21.875.497)
Hreint veltufé frá rekstri		69.860.665	64.708.000
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Lækkun (aukning) viðskiptakrafna		(11.243.010)	3.981.437
(Lækkun) aukning viðskiptaskulda		94.920.844	42.234.345
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		83.677.834	46.215.782
Handbært fé frá rekstri		153.538.499	110.923.782
Fjárfestingarhreyfingar			
Seld áhöld og tækí	6	0	600.000
Framkvæmdir við fasteign o.fl.....	6	(132.862.158)	(24.634.724)
Aukning fjármagns í fjárvörslu	7	0	(48.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar		(132.862.158)	(72.034.724)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		(286.614)	(272.120)
Fjármögnunarhreyfingar		(286.614)	(272.120)
Breyting á handbæru fé á árinu		20.389.727	38.616.938
Handbært fé í ársbyrjun		224.527.991	185.911.053
Handbært fé í árslok		244.917.718	224.527.991

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Krabbameinsfélag Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur félagsins að styðja og efla í hvítvetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem eru færðar á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þess dags sem gangvirði var ákvarðað.

Verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2015. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu stofnverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 6.

Skýringar

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Mat á gangvirði miðast við síðasta skráða kaupgengi á reikningsskiladegi þegar til er virkur markaður með viðkomandi eign. Markaður telst virkur ef hægt er að nálgast opinbert verð frá kauphöll eða öðrum aðilum og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila. Þegar virkur markaður er ekki til staðar er gangvirði viðkomandi fjárfestingar reiknað út með almennum viðurkenndum matslíkönum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður aðrar en þær sem eru hluti af fjárvörslusamningum.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttekis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	2014	2013
Laun	274.495.828	228.195.204
Launatengd gjöld	65.792.299	46.066.300
	<u>340.288.127</u>	<u>274.261.504</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins 58 í 46 stöðugildum, samanborið við 54 starfsmenn í 40 stöðugildum árið áður. Laun stjórnenda námu um 65,2 milljónum króna á árinu, en um 69,7 milljónum króna árið áður. Stjórn félagsins þiggur ekki laun fyrir sín störf.

4. Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar

	2014	2013
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	4.396.485	33.318.013
Greiddur lífeyrir	27.649.723	25.125.231
	<u>32.046.208</u>	<u>58.443.244</u>

Lífeyrisskuldbinding félagsins er færð sem 55,5 - 59,6% af fullum réttindum. Nánar er gerð grein fyrir skuldbindingu félagsins í skýringu nr. 11.

Skýringar

5. Annar rekstrarkostnaður

	2014	2013
Rekstur áhaldna og tækja	47.025.853	35.819.687
Skrifstofukostnaður	27.536.085	25.860.482
Stjórnun og umsýsla	24.640.163	41.001.688
Vörunotkun	23.556.604	23.453.253
Annar kostnaður	21.872.078	8.436.651
	<u>144.630.783</u>	<u>134.571.761</u>

6. Varanlegir rekstarfjármunir

	Skógarhlíð 8	Rauðarár- stígur 33	Áhöld tæki og annar búnaður
Heildarverð í ársbyrjun	605.861.665	73.221.713	438.858.874
Viðbót á árinu	108.022.158	24.840.000	0
Selt á árinu	0	0	0
Heildarverð í árslok	<u>713.883.823</u>	<u>98.061.713</u>	<u>438.858.874</u>
Afskrifað áður	193.187.231	8.903.560	168.769.691
Afskrifað á árinu	17.315.894	1.467.031	38.212.151
Afskrifað í árslok	<u>210.503.125</u>	<u>10.370.591</u>	<u>206.981.842</u>
Bókfært verð í árslok	<u>503.380.698</u>	<u>87.691.122</u>	<u>231.877.032</u>
Fyrningahlutföll	2,0%	2,0%	10 - 15%

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Vátrygginga- verðmæti	Bókfært verð
Skógarhlíð 8	424.745.000	552.755.000	503.380.698
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir	117.300.000	93.880.000	87.691.122
	<u>542.045.000</u>	<u>646.635.000</u>	<u>591.071.820</u>

7. Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands samanstanda af bankareikningum, verðbréfum og öðrum eignum í fjárvörslu sem bókfærðar eru við markaðsverði í árslok.

	2014	2013
Bankareikningar	27.655.468	15.338.015
Hlutabréf	13.209.586	12.266.014
Skuldabréf	112.954.595	107.156.678
Eignastýringarsjóðir	316.224.881	324.477.407
	<u>470.044.530</u>	<u>459.238.114</u>

Skýringar

Breyting verðbréfaeignar og eigna í fjárvörslu greinist þannig:

	2014	2013
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu í ársbyrjun	459.238.114	389.362.617
Aukning (úttekt) fjármuna í fjárvörslu	0	48.000.000
Ávöxtun ársins.....	10.806.416	21.875.497
	<u>470.044.530</u>	<u>459.238.114</u>

8. Veltufjármunir

Ýmsir skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar við nafnverði að teknu tilliti til óbeinnar niðurfærslu. Óbein niðurfærsla krafna nemur kr. 485.000 í árslok.

9. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	2014	2013
Óráðstafað frá fyrra ári	571.858.781	548.556.720
Leiðrétting vegna lífeyrisskuldbindinga	0	2.677.047
Hagnaður ársins	19.078.765	20.625.014
	<u>590.937.546</u>	<u>571.858.781</u>

10. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán	4.611.763
Næsta árs afborgun	(292.810)
	<u>4.318.953</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2015	292.810
Afborganir 2016	292.810
Afborganir 2017	292.810
Afborganir 2018	292.810
Afborganir 2019	292.810
Afborganir síðar	3.147.713
	<u>4.611.763</u>

Langtímaskuld félagsins er lán frá Íbúðarlánasjóði, með veði í fasteign félagsins að Rauðarárstíg 33. Lánið ber 4,9% vexti.

Skýringar

11. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingastærðfræðingur reiknaði út lífeyrisskuldbindingar félagsins miðað við árslok 2014. Miðað er við 2% reiknivexti og nýjar lífslíkur, byggðar á reynslu árunna 2007 - 2011. Útreikningurinn gerir ráð fyrir að 55,5% af áfallinni skuldbindingu vegna LSR B-deildar falli á félagið og 59,6% af áfallinni skuldbindingu vegna LH falli á félagið. Miðað er við 2% vexti og skiptast lífeyrisskuldbindingar þannig í árslok.

	2014	2013
Vegna ellilífeyris	655.239.462	639.329.198
Vegna makalífeyris	69.386.952	80.309.285
Vegna örorkulífeyris	11.184.323	11.775.769
	<u>735.810.737</u>	<u>731.414.252</u>
Vegna núverandi starfsmanna	130.238.500	146.648.558
Vegna fyrrverandi starfsmanna	212.134.235	212.475.840
Vegna lífeyrisþega	393.438.002	372.289.854
	<u>735.810.737</u>	<u>731.414.252</u>

Tryggingastærðfræðingur tekur fram að útreikningur þessi byggir á forsendum, sem eru um margt háðar óvissu og þess vegna er niðurstaðan einnig óvissu bundin.

Rétt er að taka fram að þessi framsetning, þ.e. að færa lífeyrisskuldbindingarnar í ársreikning félagsins, felur ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á því að skuldbindingarnar tilheyri félaginu, en að álitum stjórnenda félagsins tilheyra skuldbindingarnar íslenska ríkinu, en ekki félaginu.

Á undanförunum árum hafa stjórnendur félagsins rætt þessi sjónarmið sín við forsvarsmenn íslenska ríkisins, með það fyrir augum að íslenska ríkið taki með formlegum hætti skuldbindingarnar yfir. Í ljósi þess að félaginu hefur enn ekki orðið nægjanlega ágengt í viðræðum sínum við opinbera aðila, eru skuldbindingarnar færðar í ársreikninginn.

Lífeyrisskuldbindingar skiptast þannig á deildir félagsins í árslok.

	2014	2013
Laghálskrabbameinsleit	194.633.174	198.355.409
Frumurannsóknarstofa	151.442.523	145.568.841
Brjóstakrabbameinsleit	59.418.419	58.103.956
Röntgendeild	41.484.071	39.198.705
Krabbameinsskrá	36.678.974	35.203.100
Tölvinnustofa	26.232.819	24.189.134
Heilbrigðismál	33.314.480	31.320.031
Skrifstofa og stjórnun	76.510.939	90.677.485
Rannsóknastofa.....	69.729.961	66.172.488
Heimahlýning	27.302.382	25.588.630
Ráðgjöf	444.912	403.175
Félagastarfsemi	18.618.083	16.633.298
	<u>735.810.737</u>	<u>731.414.252</u>

Skýringar

Breyting lífeyrisskuldbindinga á árinu greinist þannig á deildir

	<u>2014</u>	<u>2013</u>
Leghálskrabbameinsleit	(3.722.235)	9.690.924
Frumurannsóknarstofa	5.873.682	7.427.747
Brjóstakrabbameinsleit	1.314.463	2.620.779
Röntgendeild	2.285.366	1.601.842
Krabbameinsskrá	1.475.874	1.948.972
Tölvinnustofa	2.043.685	2.705.397
Heilbrigðismál	1.994.449	1.406.229
Mötuneyti	0	(4.079.430)
Skrifstofa og stjórnun	(14.166.546)	2.633.889
Rannsóknarstofa.....	3.557.473	4.852.117
Heimahlýning	1.713.752	1.438.304
Ráðgjöf	41.737	29.411
Félagastarfsemi	1.984.785	1.041.832
Krabbameinsfélag Reykjavíkur	0	(2.677.047)
	<u>4.396.485</u>	<u>30.640.966</u>

Rekstrarsvið

Í árslok 2014 störfuðu sjö starfsmenn á rekstrarsviði Krabbameinsfélags Íslands. Undir sviðið heyra skrifstofa, tölvudeild og mötuneyti.

Skrifstofa. Á skrifstofu starfa fimm starfsmenn. Meginverkefni skrifstofu eru fjármálastjórn, starfsmannastjórn, launavinnsla, innheimta, bókun reikninga, greiðsla reikninga, móttaka, símavarsla og umsjón með minningakortum ásamt ýmsum sérverkefnum og samningamálum.

Mötuneyti. Matráður félagsins hefur umsjón með mötuneyti félagsins og sér um veitingar fyrir fundi tengda starfsemi félagsins þegar það á við.

Tölvudeild. Í tölvudeild starfar einn starfsmaður og er aðalviðfangsefni hans þjónusta við aðrar deildir félagsins á sviði vélbúnaðar og hugbúnaðar.

Þröstur Árni Gunnarsson.

Fræðsla og útgáfa

Undir fræðslu- og útgáfusvið heyrir fræðsla, útgáfa, samskipti við aðildarfélög og fasteignin að Skógarhlíð 8. Heilbrigðismál, tímarit Krabbameinsfélagsins, hefur komið út óreglulega undanfarin ár. Tímaritið er aðgengilegt á timarit.is allt frá 1949. Af öðrum útgáfuverkefnum má nefna ársskýrslu, sem gefin var út fyrir aðalfund og frágang ársskýrslu Leitarstöðvarinnar. Ritstjórn efnis á vefsíðu félagsins er eitt af verkefnum.

Fræðslu- og fagráð Krabbameinsfélagsins hefur verið endurskipað og starfar í samvinnu Krabbameinsfélags Íslands, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustunnar. Á fundum ráðsins hefur meðal annars verið unnið að stefnumótun.

Starfsmenn sviðsins unnu ýmis önnur störf á vegum Krabbameinsfélagsins. Þá hvíldi undirbúningur fyrir aðalfund Krabbameinsfélagsins vorið 2014 og formannafund um haustið að miklu leyti á þessari deild. Stuðningshópar sjúklunga voru aðstoðaðir á ýmsan hátt. Loks var sinnt öðrum verkefnum svo sem húsnæðismálum, undirbúningi fyrir árveknisátök o.fl.

Sviðsstjóri er ritari á fundum stjórnar félagsins, formaður húsnæfndar og ritari rannsóknasjóða og velunnarsjóðs.

Jónas Ragnarsson.

Markaðsmál og fjáröflun

Megintilgangur markaðssviðs er að efla starfsemi félagsins og kynningu á því, styrkja ímynd þess og auka og efla fjáröflunarleiðir og þar með tekjur félagsins. Undir markaðssvið fellur öll fjáröflun sem stunduð er undir vörumerki félagsins, að undanskildu Happdrætti Krabbameinsfélagsins. Markaðs- og fjáröflunarstjóri ber ábyrgð á ímynd og virði vörumerkjanna Krabbameinsfélagið, Bleika slaufan og Mottumars (Karlar og krabbamein). Markaðssvið sér um ýmis samskipti við fjölmiðla fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands, birgja er tengjast markaðs- og kynningarmálum, annast vefsíðu Krabbameinsfélagsins sem og samfélagsvefsíður þess og annast hverja þá markaðssetningu sem tengist félaginu.

Samtals eru tvö stöðugildi á sviðinu er annast markaðs- og fjáröflunarstarf félagsins, sem og kynningarstarf og heldur utan um þau ýmsu verkefni sem þar fellur undir.

Verkefni 2014

Mottumars. Í mars 2014 fékk Krabbameinsfélag Íslands íslenska karlmenn til að safna yfirvaraskeggi og um leið að safna áheimum á vefnum www.mottumars.is. Yfirvaraskeggið er táknrænt og á að hvetja karlmenn til að tala um krabbamein og taka þátt. Þetta var í sjöunda sinn sem átakið Karlar og krabbamein var framkvæmt en í fimmta sinn sem Mottumars var haldinn með þessu sniði. Meginmarkmið átaksins er að bæta þekkingu þjóðarinnar á krabbameini karla og auka árvekni, sem og að afla fjár sem gerir félaginu kleift að sinna forvörnum, fræðslu, ráðgjöf og rannsóknum á krabbameinum karla en framtíðarmarkmið er að fækka krabbameinum hjá karlmönnum. Gerðar voru nýjar auglýsingar til að ná til almennings. Farið var af stað með nýja herferð sem bar yfirskriftina „Hraustir menn“ og hún tengd við samnefnt lag í þýðingu Jakobs Jóhanns Smára. Karlakórar um allt land tóku þátt í að flytja lagið auk fjölda þekktra listamanna og alls tóku um 300 karlmenn, víðsvegar að af landinu, þátt í flutningnum. Herferðin gekk út á að hvetja alla karlmenn til að svara hreystikallinu og taka þátt í Mottumars – hvort sem það var að heita á og þannig styrkja starf Krabbameinsfélagsins eða einfaldlega bara að vera meðvitaðir og mæta í reglulega krabbameinsskoðun. Með því að fá karlakóra um allt land til leiks var ríkari áhersla lögð á að ná til karlmanna úti á landi en áður. Meginmarkhópur átaksins voru þó karlmenn á aldrinum 35-70 ára.

Miklar endurbætur voru gerðar á vefsíðu mottumars.is hvað varðar útlit og virkni allt með það að markmiði að gera hann notendavænni og aðgengilegri fyrir þá sem vildu safna áheimum fyrir félagið og einnig þá sem sóttust eftir fræðslu. Átakið var opnað með svokölluðu „flash mob“ í Háskóla Íslands en þar kom saman kvennakórinn Kötlnar og söng lag átaksins „Hraustir menn“. Haldið var upp á mottudaginn, fyrirlestrar og ráðstefnur voru í Ráðgjafarþjónustunni og lækni var hjá Ráðgjafarþjónustunni sem heimsótti fyrirtæki með fyrirlestra um heilsu karla. Lögð var meiri áhersla en áður á notkun samfélagsmiðla til að koma skilaboðum á framfæri svo sem Facebook, Twitter, Instagram og Pinterest. Á Facebook bætti Mottumars við sig tæplega 2.000 nýjum fylgjendum og einnig fékk sjónvarpsauglýsing átaksins mikið áhorf með þátttöku almennings á samfélagsmiðlum og náði þannig til 42.000 manns. Fjöldi greina og fréttu birtust um átakið og fékk það einnig umfjöllun í ýmsum umræðuþáttum. Slökkviliðsmenn dreifðu fræðslubæklingum á mottudaginn á fjölförnum stöðum en þeir hafa alltaf verið duglegir að leggja áttakinu lið.

Fjáröflunarátakið fór fram í formi áheitasöfnunar á mottumars.is en einnig var netkórinn kynntur til leiks en það var ný leið til að safna áheimum og þannig gera fleirum að taka þátt. Þar gat fólk flutt sína útgáfu af Hraustum mönnum og greiddi Arion banki svo upphæð til styrktar Krabbameinsfélaginu fyrir hvern flutning. Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga studdi við átakið með sölu á ýmsum vörum og þjónustu og rann sá hluti af söluandvirði til Krabbameinsfélagsins.

Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins var haldið þann 5. júní. Eins og áður var boðið upp á 3 km og 10 km hlaup. Rúmlega 500 manns hlupu. Tími var mældur hjá öllum og úrslit voru birt á vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Fjölmörg útdráttarverðlaun voru í boði og margir styrktaraðilar lögðu félaginu lið. Pollapönk sá um upphitun ásamt Helgu Camillu frá World Class og Pollapönk ræsti hlaupið við mikinn fögnuð viðstaddra.

Bleika slaufan. Tilgangur Bleiku slaufunnar er að vekja athygli á krabbameinum hjá konum og er þetta árvekni- og fjáröflunaráttak. Að þessu sinni var aðaláherslan í árvekníáttakinu að minna konur á mikilvægi þess að mæta í leghálskrabbameinsleit. Slaufan í síðasta átaki var hönnuð af Stefáni Boga Stefánssyni gullsmíð hjá Metal design. Opnunin á bleiku slaufunni fór fram í Krabbameinsfélaginu þar sem áhrifamikil auglýsing átaksins var frumsýnd en þar var verið að leita eftir konum sem ekki höfðu skilað sér í leghálskrabbameinsleit. Einnig voru fyrstu slaufurnar afhentar og að þessu sinni voru það tveir velunnarar Krabbameinsfélagsins og einn starfsmaður sem hengdu slaufur í einstaklinga sem greinst höfðu með krabbamein og höfðu nýtt sér þjónustu félagsins. Með þessari athöfn var lögð áhersla á hversu mikilvægur stuðningur velunnara Krabbameinsfélagsins er fyrir starfsemi félagsins. Mikil áhersla var lögð á fræðslu í áttakinu og var heimasíðan bleikaslaufan.is sérstaklega sett upp með það í huga. Miðum með myndum af týndum konum sem ekki höfðu skilað sér í leghálskrabbameinsleit ásamt fræðsluskilaboðum var dreift, þeim komið fyrir í fjölförnum stöðum, á bílrúður og fleiri stöðum. Átakið fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum, greinar voru skrifaðar, viðtöl voru í blöðum og útvarpi og góð umfjöllun var um leghálskrabbameinsleit í sjónvarpi. Samfélagsmiðlar voru mikið notaðir og vinum bleiku slaufunnar fjölgaði um 1.500 manns. Mikið af bloggurum tóku þátt í áttakinu og dreifðu fræðslu á sínum miðlum og hvöttu í leiðinni konur til að mæta í leit. Saga Garðarsdóttir fór með „gopro“ myndavél í leghálskrabbameinsleit og vakti það mikla athygli. Mikil þátttaka var í bleika deginum og mikið af myndum voru sendar inn til Krabbameinfélagsins frá einstaklingum og fyrirtækjum sem héldu upp á daginn. Á Leitarstöðinni var opið hús og gátu konur mætt í leghálskrabbameinsleit án þess að eiga pantaðan tíma. Boðið var upp á bleikan drykk og ljúfa tónlist og var dagurinn í alla staði vel heppnaður. Átakið heppnaðist vel sem sýndi sig í mikilli fjölgun heimsókna í leitarstöðina í október og nóvember borið saman við september og einnig fjölgaði símtölum mikið til Krabbameinsfélagsins í október þar sem fólk var að leita eftir upplýsingum um þjónustuna. Fjáröflunin gekk vel, salan á slaufunni var svipuð og fyrri ár og mikið af fyrirtækjum og einstaklingum lögðu verkefninu lið með annað hvort beinum styrkjum eða sölu á vörum og þjónustu þar sem hluti ágóðans rann til Krabbameinsfélagsins. Meiri áhersla var lögð á netverslunina þetta árið og var vöruúrval aukið til muna og má með sanni segja að þeirri breytingu hafi verið vel tekið.

Önnur verkefni

Fjölmeirgum öðrum verkefnum stórum sem smáum var sinnt á árinu. Lokið var við að endurhanna boðsbréf og annað kynningarefni tengt leitinni. Lögð var meiri áhersla á að fylgja eftir boðun á landsbyggðinni með því að hvetja heilsugæslustöðvar og fjölmiðla á hverjum stað fyrir sig að taka þátt í að minna konur á mikilvægi þess að mæta í leghálskrabbameinsleit. Unnið var í velunnarakerfi félagsins og sett upp áætlun og henni hrint í framkvæmt til að tryggja að allt utanumhald og samskipti við velunnara félagsins væri faglegt og aðgengi að upplýsingum auðveldað. Unnið var að greiningarvinnu vegna nýrrar heimasíðu, vefstefna unnin og hafin var hönnun á nýrri síðu sem áætlað að er verði kláruð á árinu. Ýmis aðstoð við Ráðgjafarþjónustuna var veitt, m.a. var byrjað að framleiða nýtt kynningarefni fyrir deildina, stuðningur vegna „Kastað til bata“ og „Karlarnir og kúlurnar“ og ýmislegt annað. Reykjavíkumaraþon var haldið í ágúst þar sem fjölmargir hlupu til styrktar félaginu og var tækifærið nýtt til að koma fræðslu á framfæri. Einnig tók félagið þátt í Globeathon með Líf styrktarfélagi sem er alþjóðlegt áttak til að efla vitund, þekkingu og rannsóknir tengdar krabbameinum í kvenlíffærum. Lögð var lögð áhersla á að byggja upp vefverslun félagsins með breiðara vöruúrvali sem ein leið í fjáröflun og hefur því verið vel tekið.

Þakkarorð

Markaðs- og fjáröflunarsvið Krabbameinsfélags Íslands þakkar öllum þeim einstaklingum, félögum, stofnunum og fyrirtækjum sem hafa lagt félaginu lið á árinu með fjárframlögum, vinnu og með annars konar stuðningi. Þitt framlag skiptir máli.

Ólöf María Jóhannsdóttir.

Helstu verkefni fyrri hluta árs 2015

Ársskýrsla markaðs- og fjáröflunarstjóra hér að ofan miðast við áramót, en ekki aðalfundi eins og aðrar ritaðar greinargerðir í ársskýrslunni. Er þetta m.a. vegna afleysinga í barnsburðarleyfi. Hér á eftir fer stutt samantekt um verkefni tengd markaðsmálum og fjáröflun fyrir fjóra fyrstu mánuði árið 2015.

Frá janúar til maí 2015 var haldið áfram þeim verkefnum sem að framan er lýst. Lögð var áhersla á samskipti við velunnara mánaðarlega og mælist það vel fyrir. Ætlunin er að auka þessi samskipti og leitast við að ná til fleiri velunnara með mánaðarlegum útsendingum en nú gefst kostur á. Ný heimasíða félagsins hefur verið í undirbúningi og mun hún verða opnuð fljótlega. Nýja heimasíðan mun tryggja einfaldari aðgang að fræðsluefni sem hefur verið stóraukið og bætt, en æ fleiri nota www.krabb.is til þess að afla sér upplýsinga um margvísleg efni tengd krabbameinum. Þá fær Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins aukið vægi á heimasíðunni í samræmi við aukna starfsemi. Samfélagsmiðlar hafa verið nýttir vel, þannig eru fésbókarsíðurnar Bleika slaufan og Mottumars vinsælar og mikið skoðaðar. Skráðar voru viðmiðunarreglur um samskipti við fyrirtæki sem veita starfsemi Krabbameinsfélagsins stuðning með styrkjum, en mikilvægt er að tryggja gagnsæi, samræmi og góða og trausta samskiptahætti. Markaðsstjóri Krabbameinsfélagsins gegnir mikilvægum störfum við alls kyns kynningar ekki síst á sviði fræðslumála. Framsetning fræðsluefnis og leiðir til að kynna efnið auka gildi hins faglega starfs við gerð fræðsluefnis, og nýstárleg nálgun m.a. í Mottumars getur vegið þungt.

Fyrir Mottumars 2015 var lögð mikil áhersla á að skerpa á fræðsluhlutanum. Mikið var sett inn á heimasíðu Krabbameinsfélagsins af nýju fræðsluefni, og skilgreint hverjar fræðsluþarfir væru. Lögð var áhersla á krabbamein í ristli, en marsmánuður er einmitt tileinkaður ristilkrabbameinum víða um lönd. Mælingar sýndu svo að fólk sem fór inn á síðu átaksins leitaði eftir þessum upplýsingum, og gat skoðað þær og nýtt sér. Fjáröflun tengd þessu átaki byggir annars vegar á áheitasíðu og hins vegar á ýmsum öðrum leiðum. Fækkað hefur ár frá ári þeim sem taka þátt á áheitasíðunni, en fjáröflun í heildina er svipuð og verið hefur undanfarin ár. Nokkrir einstakir keppendur á áheitasíðunni skiluð til Krabbameinsfélagsins háum fjárhæðum og svo var einnig um nokkur fyrirtæki. Þekkingarmiðlun og árvekni í mars var afar öflug. Myndband sem gert var til að vekja athygli á krabbameinum í ristli og höfða átti til karla var skoðað meira en 180.000 sinnum hér heima og erlendis. Aðsókn til lækna í kjölfarið var mjög mikil.

Fjáröflun á vegum Krabbameinsfélagsins fer fram eftir mörgum og margvíslegum leiðum. Einstaklingar leggja fram fjármagn m.a. með því að kaupa söluvarning til styrktar félaginu, t.d. gegnum netsöluna eða í verslun félagsins í Skógarhlíð, en alltaf taka sig líka til einstaklingar og hópar sem þróa og selja nýstárlegan varning til styrktar starfseminni. Má t.d. nefna að einstaklingur þrjónaði 110 þör af barnavettlingum sem hafa verið seldir í Skógarhlíðinni, en mörg svipuð dæmi mætti nefna. Margir Íslendingar eru velunnarar félagsins og greiða mánaðarlega upphæð. Fjölmargir hafa styrkt starfsemina með þeim hætti í árafjölda. Gerðir voru samningar við fyrirtæki eða fenginn fjárhagsstuðningur þeirra sem vegur þungt í allri starfsemi félagsins. Þannig tryggði Líftryggingafélagið Okkar líf fjármagn til að hefja undirbúning fyrir hópleit að ristilkrabbameinum og vegna þess er unnt að ráða verkefnisstjóra og leggja faglega góðan grunn að hóp-leitinni. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) lögðu fram fjármagn sem gerði Krabbameinsfélaginu kleift að vinna vandaða vinnu við árvekníatak og kynningar á Mottumars, en þannig var mögulegt að nýta það fé sem safnast í mánuðinum beint í Mottumarsverkefni félagsins. Á vegum fyrirtækja innan vélbanda SFS vinna margir karlar og er þessi samningur til þess fallinn að ná betur til þess hóps og væntanlega að hafa áhrif til bættrar heilsu hans. Verslunarsamstæðan Bestseller studdi Ráðgjafarþjónustuna mjög veglega, en söluatak þeirra í aprílþyrjun færði félaginu möguleika á að byggja upp net- og símasamskipti við þá sem leita til Ráðgjafarþjónustunnar. Verslunin Lindex færir okkur árlega fjármuni vegna Bleiku slaufunnar, og svo mætti áfram telja. Ekki gefst kostur á í stuttri samantekt að geta þeirra fjölmörgu sem leggja málefnum félagsins lið, en allt kemur þetta starfinu til góða, stórt og smátt. Hvetjum við alla til að fylgjast með störfum félagsins á vefsíðu þess og að notfæra sér þá þjónustu sem er í boði. Mikið af þjónustunni og verkefnum Krabbameinsfélagsins er ekki greidd af þeim sem færa sér þjónustuna í nyt, heldur af þeim sem leggja fram fjármagn með margvíslegum hætti. Það ber að þakka.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Frá upphafi hefur Krabbameinsfélagið unnið að stuðningi við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Þessi stuðningur hefur þróast í takt við aukna þekkingu, breytingar í samfélaginu og þarfir þeirra sem nýta sér þjónustuna. Krabbameinsráðgjöfin hófst 1995 og má segja að hún hafi verið undanfari Ráðgjafarþjónustunnar. Við hana störfuðu hjúkrunarfræðingar í hlutastarfi og markmiðið var að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum og ráðgjöf varðandi krabbamein og stuðning þar sem við átti. Ráðgjafarþjónustan hóf starfsemi sína fyrir rúmum sjö árum. Starfsmenn eru nú fjórir í 2,6 stöðugildum. Jafnframt vinnur framkvæmdastjóri Krafts, félags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra náið með starfsfólki Ráðgjafarþjónustunnar ásamt sálfræðingi Krafts sem hefur umsjón með stuðningsnetinu. Starfsmenn þjónustuskrifstofa svæðafélaga Krabbameinsfélagsins njóta faglegs stuðning Ráðgjafarþjónustunnar, sem og svæðafélög og stuðningshópar. Íþróttafræðingur, með sérmenntun í þjálfun krabbameins-sjúklinga, hefur verið í tímabundnu verkefni í Ráðgjafarþjónustunni. Margir hafa komið að með námskeið, fyrirlestra og örráðstefnur á árinu.

Starfsemin

Hjá Ráðgjafarþjónustunni er veitt fjölbreytt þjónusta sem snýr að upplýsingagjöf, fræðslu, ráðgjöf og sálfélagslegum stuðningi eða endurhæfingu við þá sem hafa greinst með krabbamein og við aðstandendur þeirra. Þeir sem nýta sér þjónustuna eru á öllum stigum sjúkdómsins, þeir geta verið í greiningarferlinu, nýgreindir, í meðferð og að endurgreinast. Einnig eru margir komnir töluvert frá meðferð og hafa jafnvel ekki náð að fóta sig aftur í lífinu, enn aðrir eru mjög veikir með útbreiddan sjúkdóm og glíma við mikil einkenni. Aðstandendur nýta sér einnig þjónustuna og síðast en ekki síst eftirlifendur, þeir sem hafa misst náinn ættingja eða vin af völdum krabbameins.

Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í lífinu eftir þær breyttu aðstæður sem greining krabbameins veldur. Einnig að koma að endurhæfingu fólks eftir greiningu krabbameins og auka þannig möguleika þeirra til að komast aftur í vinnu eða til að verða virkari í lífinu á ný. Þjónustan nær jafnt til einstaklinga sem hópa. Samskipti fara fram með viðtölum, símaráðgjöf og með tölvupósti.

Með þessum tölum má greina aukningu á fjölda samskipta. Einnig má sjá að fleiri nýta sér viðburði þjónustunnar sem flokka má niður í námskeið, fræðsluerindi, ráðstefnur, heilsuæfingar og jafningjastuðning hjá stuðningshópum félagsins.

Sem fyrr nær þjónustan jafnt til einstaklinga sem hópa og fólk getur komið án þess að gera boð á undan sér eða pantað tíma. Þjónustan er í flestum tilfellum án endurgjalds. Í Ráðgjafarþjónustunni er góð aðstaða fyrir fólk til að hittast og deila upplifun sinni á veikindum. Máttur jafningjastuðningsins er mikill. Tíu stuðnings hópar eru með aðstöðu hjá Ráðgjafarþjónustunni og hafa flestir þeirra reglulega fundi yfir vetrartímann.

Þjónusta 2012-2014.

	2012	2013	2014
Samskipti við einstaklinga	1.460	1.790	3.866
- símtöl		897	1.043
- tölvupóstur		322	2.344
- viðtöl		571	479
Fjöldi viðburða	146	180	210
Aðsókn á viðburði	3.100	3.700	4.371

Yngsti hópurinn er stuðningshópurinn Frískir menn, stofnaður í mars 2014. Í honum er menn sem greinst hafa með blöðruhálskirtilskrabbamein og hafa möguleika á að vera í virku eftirliti án annars inngríps.

Framkvæmdir vegna endurbóta á húsnæðinu hefur óneitanlega haft áhrif á starfsemina á árinu og þá helst haft þær afleiðingar að dregið hefur úr viðtölum og djúpslökun. Þetta hefur samt gengið framur vonum og má þakka gott samstarf alla er komu að framkvæmdunum.

Símaráðgjöfin

Á síðasta ári var ákveðið að stytta opnun símaráðgjafarinnar í tvo tíma á dag frá kl. 13-15 virka daga. Hjúkrunarfræðingur eða félagsráðgjafi svarar símanum og svara einnig tölvupóstum sem berast til þjónustunnar. Í árveknimánuðunum var læknir einnig við símann. Opnað var nýtt netfang radgjof@krabb.is og gjaldfrjálsa númerið okkar er 800 4040 og hægt er að leggja inn skilaboð á símsvara. Mikill vilji er fyrir því að efla og bæta þessa þjónustu og gera hana meira í takt við sambærilegar þjónustur hjá krabbameinsfélögunum á Nodurlöndunum. Þetta erum við að sjá að muni takast á komandi mánuðum því í síðasta mánuði stóð fyrirtækið Bestseller fyrir alþjóðlegum góðgerðardegi, fyrir öll vörumerki sín um allan heim. Krabbameinsfélaginu voru færðar 6,2 milljónir og mun allt það fé verða nýtt til að efla og bæta símaráðgjöfina. Þetta er ómetanlegur stuðningur í þágu fólksins í landinu sem nú mun eiga auðveldara með að nýta sér símaráðgjöfina.

Námskeið

Fjöldmörg námskeið hafa verið í boði á árinu. Fastir liðir í dagskrá þjónustunnar voru Qi-gong ástundun og heilsuæfingar, núvitund, HAM-námskeið (hugræn atferlismeðferð), snyrtinámskeið (Gott útlit – betri líðan) og stuðningur við ekkjur og ekkla sem hefur verið haldið í samstarfi við Nýja dögum samtök um sorg og sorgarviðbrögð. Önnur námskeið sem má nefna eru, sjálfsefningarnámskeið, fræðsla frá Landspítala um ýmsa þætti er snúa að veikindunum, námskeið í að skapa og skrifa, ásamt þeirri nýjung að bjóða upp á spænskunámskeið. Á aðventunni voru rithöfundar fengnir til að lesa upp úr nýjum bókum.

Hádegisfyrirlestrar hafa verið annan hvern miðvikudag í hverjum mánuði yfir vetrartímamann. Þar er leitast við að hafa fræðslu um þau mál sem snúa að heilsu og betri líðan. Aukin áhersla var lögð á næringu og hreyfingu samhliða annarri fræðslu. Örráðstefnur og málþing sem haldin voru á starfsárinu voru, í október og mars. Í október var haldið málþing sem bar heitið, *Er besta þjónusta í boði? Málþing um heilbrigðisþjónustu við krabbameinssjúklinga*. Málþingið var með nýju sniði þar sem stutt erindi voru flutt í upphafi en síðan boðið upp á pallborðs umræður. Í mars var haldin örráðstefna um *Karla og Krabbamein krabbamein*. Góð þátttaka var á þessa viðburði. Krabbameinsfélag Reykjavíkur stóð fyrir þessum viðburðum með Ráðgjafarþjónustunni ásamt þeim stuðningshópum sem eru starfandi á þeirra vegum. Einnig kom Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar að málþinginu í október.

Ráðgjafarþjónustan stóð fyrir HAM-námskeiði á líknardeild Landspítalans á starfsárinu. Námskeið í Hugrænni atferlismeðferð (HAM) eru stöðugt í gangi í Ráðgjafarþjónustunni, þau hafa verið mjög vel nýtt og eru komin til að vera. Einnig var boðið upp á námskeiðið á Sudurnesjum í samstarfi við Krabbameinsfélagið þar á vormánuðum. Núvitundarnámskeiðin eru stöðugt í gangi og ávallt full bókuð. Tvær nýjungar hafa verið í boði hjá Ráðgjafarþjónustunni. Um er að ræða námskeið um sogæðabjúg á handlegg sem byggir á fræðslu og æfingum. Námskeiðið er ætlað konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein. Tveir sjúkrahjálfarar halda utan um framkvæmd námskeiðsins og má segja að mikil ánægja er með þetta framtak. Annað námskeið sem einnig er nýtt er hugræn atferlismeðferð við svefnvanda. Fjöldmargir krabbameinssjúklingar og einnig aðstandendur þeirra eiga við svefnörðuleika að stríða og því löngu tímabært að bjóða upp á slíkt námskeið. Sálfræðingur með mikla reynslu í þessum fræðum heldur námskeiðin og lögð er áhersla á að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur.

Frá því á haustmánuðum hefur Ráðgjafarþjónustan í samstarfi við 8 samtök og stofnanir, staðið að undirbúningi að stórrí ráðstefnu á undir yfirskriftinni „Listin að deyja“ en tilgangur hennar er að fá fólkið í samfélaginu til að ræða opið um dauðann. Ráðstefnan var haldin í Hátíðarsal Háskóla Íslands þann 16. apríl sl. Það er skemmst frá því að segja að viðtökur fóru fram úr björtustu vonum og met sprengt í aðsókn.

Rúmlega 400 manns sóttu ráðstefnuna sem annars vegar fór fram með framsögu fræðimanna og leikmanna og hins vegar með pallborðsumræðum. Fyrirhugað er frekari samvinna þessara aðila um málefnið.

Framhald er á fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk er orðinn fastur þáttur í þjónustunni sem þróaður verður áfram. Í boði voru tvö tjáskiptanámskeið „*Að færa slæmar fréttir*“ og voru þau vel sótt af læknum og hjúkrunarfræðingum. Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á þetta og komið er á samstarf við EC4H (Effective communication for Healthcare) í Skotlandi með þessi námskeið. Einnig var starfsfólki krabbameinseiningar Landspítalans boðið upp á fjölbreytt námskeið í slökun þar sem kynntar voru ólíkar leiðir í slökun. Ráðgjafarþjónustan studdi við og tók þátt í undirbúning á málþingi sem haldið var í nóvember hjá fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga.

Samstarfsaðilar

Mikið samstarf er við stuðningshópa félagsins og daglega erum við minnt á hversu jafningjastuðningurinn er mikilvægur í bland við faglega stuðninginn. Ráðgjafarþjónustan er faglegt bakland fyrir þjónustuskrifstofurnar sem eru átta á landsbyggðinni. Samráðsfundir eru haldnir tvisvar á ári, þar er rætt um samstafið og hvernig við getum deilt og lært af hvort öðru. Einnig hefur verið boðið upp á fræðslu um þau mál sem eru í gangi. Dæmi um fræðslu sem tekin var fyrir á starfsárinu var máttur tómsunda í veikindum, hvað er handleiðsla, Qi-gong og ólíka áherslur kynntar innan þess og einnig var stuðningsnet Krafts kynnt. Boðið var að koma með þessa fræðslu út á landsbyggðina og voru nokkrar þjónustuskrifstofur sem þáðu það. Áfram var áhersla lögð á að bæta skráningu á samskiptum á þjónustuskrifstofunum. Á formannafundi sem haldinn var á Akureyri í september kynnti Atli Már Sveinsson skýrslu sína um endurhæfingarmál krabbameinssjúklinga sem hann vann á árinu fyrir Krabbameinsfélagið. Á sama fundi kynnti Gunnjóna Una Guðmundsdóttir félagsráðgjafi handbók um réttindi krabbameinssjúklinga sem hún hefur tekið saman og uppfærir eftir þörfum.

Mikilvægt samstarf er við heilbrigðisstarfsfólk Landspítala sem sinnir krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra. Starfsfólk spítalans er ötult við að bjóða upp á fræðslu hjá Ráðgjafarþjónustunni og hefur samvinna verið m.a. við endurhæfingarteymi Landspítala um námskeiðsloftur fyrir nýgreinda krabbameinssjúklinga. Samstarf við fagfólk spítalans er okkur ómetanleg og gerir okkur kleift að koma betur til móts við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Ráðgjafarþjónustan kom að stóru árvekniverkefnum félagsins í mars og október, Mottumars og Bleiku slaufunni. Starfsmenn tóku þátt í undirbúningi, skipulagningu á fræðslu til fyrirtækja og skóla ásamt því að koma fram í fjölmiðlum.

Verkefni

Starfsmenn hafa farið víða með kynningar á þjónustunni má þar helst nefna á Landspítala á þeim deildum sem eru að veita krabbameinsmeðferð. Starfsmenn voru með erindi á norrænni ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík á vegum Stóma samtakanna í september.

Verkefni sem hafa verið í gangi og eru komin til að vera eru „Kastað til bata“ sem unnið er í samvinnu við Stuðningshópin Brjóstheill – Samhjálp kvenna og „Karlarnir og kúlurnar“ sem er í samstarfi við Kraft, Góða hálsa og Fríska menn. Hagnýtar upplýsingar voru endurskoðaðar og nýr bæklingur kom út um starfsemi Ráðgjafarþjónustunnar.

Nýtt verkefni fór í gang í janúar í samstarfi við Kraft stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra. Verkefnið ber heitið Fítónskraftur og er tilraunarverkefni til hálfis árs. Stofnaður var endurhæfingarhópur sem stuðlar að útivist og hreyfingu fyrir fólk á aldrinum 18 til 40 ára og hefur greinst með krabbamein. Umsjón með verkefninu hefur Atli Már Sveinsson íþróttufræðingur með sérhæfingu í þjálfun krabbameinsgreindra. Óhætt er að segja að þetta sé skemmtileg nýjung og áhugaverð nálgun í endurhæfingu ungs fólks með krabbamein.

Bæklingur um Ráðgjafarþjónustuna var endurnýjaður á haustmánuðum og í mars kom síðan út bæklingur um starf stuðningshópa félagsins. Facebook-síða Ráðgjafarþjónustunnar var opnuð í mars 2015.

Nýtt fræðslu- og fagráð var stofnað á árinu. Að því koma Krabbameinsfélag Ísland og Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Formaður ráðsins er Lára G. Sigurðardóttir læknir. Forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar á sæti í ráðinu en því er ætlað að marka stefnu í fræðslumálum félagsins og fræðsluverkefnum komandi árs.


Nemar úr félagsvísindadeild Háskóla Íslands hafa verið í verknámi í Ráðgjafarþjónustunni sem áður og er þetta mikilvægur þáttur hjá þjónustunni.

Starfsmenn sóttu sér endurmenntun, hjúkrunarfræðingur fór á dáleiðslunámskeið og einnig fóru tveir starfsmenn á ráðstefnu í Kaupmannahöfn European Cancer Rehabilitation and Survivorship. Þessi ráðstefna er mikilvæg til að geta fylgst með nýjungum í endurhæfingarmálum krabbameinsgreindra. Félagsráðgjafi sótti fund í Brussel á vegum European Cancer Leagues, (ECL) og forstöðumaður er kominn í vinnuhóp á vegum, ECL, Patient support working group (PSWG). Tveir fundir voru á árinu og kom í hlut forstöðumanns að hafa þar erindi. Þau mál sem voru í brennidepli á starfsárinu hjá hópnum eru, endurhæfing krabbameinssjúklinga, réttinda- og tryggingamál og líknarmedfæð.

Gjafir og styrkir

Ráðgjafarþjónustunni bárust ýmsar gjafir og peningastyrkir á árinu. Má þar nefna m.a. styrkur að upphæð 600.000 kr frá Sorpu (jólastyrkveiting) sem gerði okkur kleift að byrja með námskeiðin um hvað hægt er að gera við svefnvanda. Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur veitti styrk fyrir núvitundarnámskeið fyrir ekkjur að upphæð 360.000. kr. og eins og áður var getið styrkurinn frá Bestsellers að upphæð 6,2 milljón króna. Þessar gjafir og styrkir hefa verið ómetanlegar til að geta eft þjónustu við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra enn frekar.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.



Íbúðirnar á Rauðarárstíg

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra af landsbyggðinni, til afnota á meðan meðferð fer fram í Reykjavík, eru átta talsins, allar að Rauðarárstíg 33. Sex þeirra eru eign Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands, ein eign Krabbameinsfélags Íslands og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og ein eign Krabbameinsfélags Íslands. Ráðgjafarþjónustan ber ábyrgð á íbúðum félagsins en Landspítali sér um daglegan rekstur. Nánari upplýsingar má fá á móttöku geislameðferðar krabbameina á Landspítala við Hringbraut í síma 543 6800 og 543 6801.

Íbúðirnar hafa verið vel nýttar og langflestir hafa fengið íbúð þegar sótt er um. Úthlutun á íbúðunum fer fram á geisladeild Landspítala. Kostnaður er nú 1.900 kr. á sólarhring fyrir leigutaka. Sum krabbameinsfélög á landsbyggðinni taka þátt í greiðslu kostnaðar við dvöl í íbúðunum.

Gjafir frá aðildarfélögum og fleirum hafa gert okkur kleift að endurnýja húsbúnað, meðal annars voru keypt þrjú ný sjónvarpstæki, endurnýjaðar voru ryksugur, auk annars viðhalds. Á árinu 2014 kom gjöf frá Krabbavörn í Vestmannaeyjum en þau hafa stutt þetta verkefni dyggilega á undanförunum árum. Stuðningurinn er ómetanlegur og kemur sér vel fyrir þann hóp sem nýtir íbúðirnar.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir og Steinunn Friðriksdóttir.

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga að Rauðarárstíg 33 í Reykjavík.

	<i>Tekin í notkun</i>	<i>Nýting 2010</i>	<i>Nýting 2011</i>	<i>Nýting 2012</i>	<i>Nýting 2013</i>	<i>Nýting 2014</i>
Íbúð 201	16.03.1995	35 vikur	46 vikur	48 vikur	51 vika	50 vikur
Íbúð 202	16.03.1995	42 vikur	40 vikur	45 vikur	48 vikur	50 vikur
Íbúð 203	06.08.1996	32 vikur	42 vikur	44 vikur	34 vikur	47 vikur
Íbúð 204	03.05.2003	46 vikur	40 vikur	47 vikur	48 vikur	45 vikur
Íbúð 205	11.12.1992	39 vikur	41 vika	46 vikur	34 vikur	48 vikur
Íbúð 206	27.06.2001	41 vika	42 vikur	49 vikur	42 vikur	50 vikur
Íbúð 207	17.01.2005	40 vikur	33 vikur	44 vikur	42 vikur	44 vikur
Íbúð 306	03.05.2002	48 vikur	46 vikur	46 vikur	39 vikur	45 vikur
Meðaltal		40 vikur	41 vika	46 vikur	42 vikur	47 vikur

Nýting eftir landshlutum 2014.

Akureyri og Eyjafjörður	(Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis)	23 sjúklingar
Austfirðir og Austurland	(Krabbameinsf. Austfjarða og Krabbameinsf. Austurlands)	14 sjúklingar
Vestfirðir	(Krabbameinsf. Táknaflj. og Vesturb. og Sigurvon)	10 sjúklingar
Vestmannaeyjar	(Krabbavörn Vestmannaeyjum)	8 sjúklingar
Skagafjörður	(Krabbameinsfélag Skagafjarðar)	5 sjúklingar
Suðausturland	(Krabbameinsfélag Suðausturlands)	4 sjúklingar
Þingeyjarsýslur	(Krabb S-Þingeyinga og Krabb. Norðausturlands)	4 sjúklingar
Aðrir landshlutar		16 sjúklingar
Samtals		84 sjúklingar

Krabbameinsskráin

Krabbameinsskráin fagnaði á síðasta ári 60 ára afmæli sínu og hefur nú tiltækar upplýsingar um nýgreind krabbamein fyrir alla þjóðina í heila sex áratugi. Skráin er ein fárra lýðgrundaðra skráa sem taka til heilla þjóða í heiminum. Hún var stofnuð um svipað leyti og krabbameinsskrár á hinum norrænu löndunum og eru þessar skrár allar mjög sambærilegar hvað varðar upplýsingar, þekjun og áreiðanleika gagna. Tölulegar upplýsingar um krabbamein á Íslandi birtast árlega á vefsíðu Krabbameinsskrárinnar (krabbameinsskra.is) og í norræna gagnagrunninum NORDCAN (www.ancr.nu), auk þess að birtast á fjögurra ára fresti í bókinni Krabbamein á Íslandi, sem hefur komið út þrisvar, síðast árið 2012.

Skráð eru í einn grunn öll krabbamein sem greinast á Íslandi og eftir atvikum skyldir sjúkdómar eða viðurkenndar forstigsbreytingar æxlisvaxtar. Á undanförnum árum hafa í vaxandi mæli verið skráðar ítarlegri upplýsingar um meinin og er einkum framför að skráningu á sjúkdómsstigi við greiningu í algengustu meinunum. Krabbameinsskráin er haldin með það fyrir augum að hinar skrásettu upplýsingar megi nota til faraldsfræðilegra rannsókna á orsökum krabbameina, stjórnunar og áætlanagerðar í heilbrigðisþjónustu, gæðaeftirlits og athugana á árangri við meðferð og skimun. Ennfremur er einn megin-tilgangur Krabbameinsskrárinnar að hafa tiltækar réttar tölfraðiupplýsingar um krabbamein í landinu t.d. með upplýsingum um nýgengi krabbameina og horfur krabbameinssjúklinga til þess, meðal annars að unnt sé að bera saman slíkar tölur frá Íslandi við tölur frá öðrum löndum og breytingar á þeim með tímanum.

Krabbameinsskráin skiptist í skráningardeild, faraldsfræðideild og ættadeild. Yfirlæknir er Jón Gunnlaugur Jónasson meinafræðingur og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, en framkvæmdastjóri er Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands. Annað starfsfólk er Elínborg Jóna Ólafsdóttir sérfræðingur, Guðríður H. Ólafsdóttir gagnagrunnstjóri, Hrefna Stefánsdóttir og Kristín Alexíusdóttir sem vinna við skráningu og rannsóknir, Sigrún Stefánsdóttir deildarstjóri skráningar og Þorgils Völundarson forritari. Lára G. Sigurðardóttir læknir er í hlutastarfi við verkefni tengd rannsóknum á virkni bóluefnis gegn leghálskrabbameini. Loks vinna einn eða fleiri háskólanemar að jafnaði að vísindaverkefnum við Krabbameinsskrána. Föst stöðugildi eru 6, en verkefnavinna þar fyrir utan er fjármögnuð með styrkjum.

Krabbameinsskráin hefur verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands frá upphafi en síðustu áratugi með góðum stuðningi frá velferðarráðuneytinu. Með lögum um landlækni frá 1. september 2007 fékk Krabbameinsskráin formlega lagastoð, en þar er hún skilgreind sem ein af þeim heilbrigðisskrám sem landlækni ber að halda. Í kjölfarið gerðu landlæknir og Krabbameinsfélag Íslands með sér samning sem kvað á um að félagið tæki að sér áframhaldandi rekstur skrárinnar í umboði landlæknis.

Breytingar á nýgengi eru sýndar í töflu 1. Árlegur fjöldi krabbameinsgreininga er nú 1.439 eins og sést í töflu 2. Stöðugt fjölgar þeim sem eru á lífi eftir greiningu krabbameins og í árslok 2013 var fjöldinn nálægt 12.750 manns, eða 3,9% þjóðarinnar (tafla 3), en í árslok 1963 var hlutfallið 0,4%. Í töflu 4 sést að fimm ára hlutfallsleg lifun hefur aukist mikið fyrir flest mein og sem dæmi má nefna leghálskrabbamein hjá konum. Ánægjulegt er einnig að sjá að um tveir af hverjum þremur sem greinast með krabbamein geta vænst þess að lifa fimm ár eða lengur eftir greiningu og á þetta við um bæði kyn (tafla 4).

Myndir 1-6 sýna breytingar á nýgengi og dánartíðni með tímanum, fyrir tíðustu mein kynjanna og öll mein saman. Tölurnar eru aldursstaðlaðar miðað við alþjóðlegan aldursstaðal og eru sýndar sem fimm ára hlaupandi meðaltöl. Upplýsingar um dánarmein eru frá Hagstofu Íslands (1951-2009) og Embætti landlæknis (2010).

Frá upphafi skráningar var stöðug hækkun á nýgengi krabbameina í heildina séð, fram til aldamóta. Nýgengið hefur staðið í stað hjá konum eftir það og vart er við lækkun hjá körlum allra síðustu ár. Dánartíðnin var nokkuð stöðug frá upphafi og fram til aldamóta en hefur farið lækkandi síðan, hjá báðum kynjum.

Jón Gunnlaugur Jónasson og Laufey Tryggvadóttir.

Tafla 1. Breytingar á nýgengi algengustu meina 1959-2013.

Árlegt aldrursstaðlað nýgengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldrursstaðal).

<i>Karlar</i>	1959 -1963	1964 -1968	1969 -1973	1974 -1978	1979 -1983	1984 -1988	1989 -1993	1994 -1998	1999 -2003	2004 -2008	2009 -2013
Krabbamein í blöðruhálskirtli	15,7	25,3	26,5	34,2	45,0	54,8	62,1	78,4	89,3	102,6	81,7
Lungnakrabbamein	14,7	14,7	17,9	22,8	32,7	34,7	34,7	36,4	34,9	35,0	30,3
Krabbamein í þvagvegum *	6,3	7,7	11,9	14,0	22,5	22,0	20,5	22,6	21,2	22,7	23,5
Krabbamein í ristli	10,2	11,1	12,3	13,1	17,4	19,4	17,0	21,2	23,3	23,7	20,5
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	2,7	2,4	3,1	4,3	4,6	5,7	5,6	8,1	9,5	12,5	17,0
Nýrnakrabbamein	9,6	11,5	12,0	9,4	12,5	10,6	14,8	15,7	12,7	14,3	14,5
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	7,4	8,1	8,2	8,7	7,9	9,6	13,3	11,9	9,6	11,5	11,0
Eitilfrumuæxli **	2,2	3,1	4,0	3,9	5,2	7,0	8,6	10,2	10,5	10,4	10,2
Endaþarmskrabbamein	3,7	8,5	6,1	7,3	7,9	8,0	6,0	8,2	8,0	9,0	9,1
Sortuæxli í húð	0,8	1,4	1,0	2,1	4,0	3,0	3,8	7,6	9,7	10,3	8,3
Krabbamein í vélinda	8,3	5,4	4,0	4,4	4,8	3,8	5,7	6,0	4,8	6,1	7,1
Langvinnt hvítblæði	5,3	1,9	3,2	4,6	3,3	4,6	3,3	4,5	4,9	5,4	6,1
Krabbamein í brisi	6,0	8,5	8,7	10,5	9,8	10,4	8,9	8,4	8,0	7,1	6,1
Magakrabbamein	64,3	46,1	39,6	32,8	29,7	26,0	20,7	14,2	10,7	9,0	5,8
Krabbamein í eistum	1,7	1,5	3,0	3,1	2,6	5,3	6,0	5,8	5,1	5,7	5,2
Öll mein	198,1	200,8	210,3	222,0	261,3	272,6	281,1	309,5	308,7	335,4	303,6
<i>Konur</i>	1959 -1963	1964 -1968	1969 -1973	1974 -1978	1979 -1983	1984 -1988	1989 -1993	1994 -1998	1999 -2003	2004 -2008	2009 -2013
Brjóstakrabbamein	40,7	47,9	47,3	57,7	60,5	75,3	69,5	75,5	85,4	88,5	91,1
Lungnakrabbamein	6,1	9,4	11,6	16,2	23,8	27,8	28,6	31,4	33,1	32,4	32,8
Krabbamein í ristli	10,5	12,0	14,5	15,1	13,3	14,9	14,5	15,4	14,1	17,7	15,7
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	1,7	0,9	1,7	3,2	2,3	3,6	4,8	4,9	9,9	9,8	13,4
Sortuæxli í húð	1,8	3,2	2,9	5,2	5,6	5,3	7,7	12,1	19,3	15,5	12,7
Krabbamein í legbol	11,5	12,5	13,4	12,6	12,0	12,6	13,4	13,8	11,4	13,2	11,6
Krabbamein í skjaldkirtli	7,7	11,1	18,2	15,7	9,6	8,8	10,8	11,4	9,8	12,3	10,7
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	6,8	7,4	7,4	7,8	12,3	10,1	11,9	12,3	12,6	14,8	9,8
Leghálskrabbamein	16,9	27,3	18,1	10,3	13,1	11,2	9,1	9,6	8,9	7,9	8,9
Nýrnakrabbamein	6,5	5,7	8,1	7,5	7,3	7,7	7,8	7,7	7,6	9,0	7,6
Eitilfrumuæxli **	1,5	1,6	2,0	3,4	4,7	3,3	4,8	5,8	6,3	6,3	7,3
Krabbamein í eggjastokkum	12,9	12,3	12,9	13,6	12,4	14,1	12,1	11,4	9,7	7,8	7,0
Krabbamein í þvagvegum *	4,1	4,1	6,6	5,7	5,4	8,2	5,2	7,6	7,2	7,2	6,0
Endaþarmskrabbamein	4,6	5,6	6,8	4,9	5,7	5,4	5,8	5,6	7,2	7,2	5,7
Krabbamein í brisi	3,7	9,1	6,5	5,9	7,3	6,7	7,0	7,4	5,6	5,6	5,4
Öll mein	198,9	227,2	230,5	233,5	241,0	259,3	257,1	278,6	292,5	298,7	285,3

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-citilfrumuæxli)

Tafla 2. Árlegur meðalfjöldi algengustu krabbameina hjá íslenskum körlum og konum 2009-2013.
Raðað eftir fjölda nýrra tilfella á ári.

<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>	
1. Krabbamein í blöðruhálskirtli	201	1. Brjóstakrabbamein	208
2. Lungnakrabbamein	77	2. Lungnakrabbamein	85
3. Krabbamein í þvagvegum*	61	3. Krabbamein í ristli	46
4. Krabbamein í ristli	52	4. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	45
5. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	50	5. Krabbamein í legbol	27
6. Nýrnakrabbamein	32	6. Sortuæxli í húð	25
7. Eitilfrumuæxli**	23	7. Krabbamein í skjaldkirtli	22
8. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	22	8. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	21
9. Endaþarmskrabbamein	21	9. Nýrnakrabbamein	19
10. Sortuæxli í húð	18	10. Eitilfrumuæxli**	18
Öll mein	740	Öll mein	699

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga á lífi eftir greiningu krabbameins. Algengustu meinin.
Fjöldi á lífi í árslok 2013.


	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Brjóstakrabbamein	23	2.788	2.811
Krabbamein í blöðruhálskirtli	2.044		2.044
Krabbamein í ristli	429	392	821
Sortuæxli í húð	261	509	770
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	361	382	743
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	522	167	689
Krabbamein í skjaldkirtli	134	470	604
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	192	316	508
Nýrnakrabbamein	272	191	463
Lungnakrabbamein	189	258	447
Krabbamein í legbol		412	412
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)	231	173	404
Leghálskrabbamein		369	369
Endaþarmskrabbamein	177	158	335
Krabbamein í eistum	269		269
<i>Breytingar á fjölda á lífi á síðustu 50 árum</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Fjöldi á lífi í árslok 1963	324	496	820
Fjöldi á lífi í árslok 1973	723	1.236	1.959
Fjöldi á lífi í árslok 1983	1.420	2.218	3.638
Fjöldi á lífi í árslok 1993	2.285	3.260	5.545
Fjöldi á lífi í árslok 2003	3.636	4.808	8.444
Fjöldi á lífi í árslok 2013	5.666	7.075	12.741

Tafla 4. Fimm ára hlutfallsleg lifun fólks sem hefur greinst með krabbamein.


Nokkur valin mein.

<i>Karlar</i>	<i>1960-1969</i>	<i>1970-1979</i>	<i>1980-1989</i>	<i>1990-1999</i>	<i>2000-2009</i>
Krabbamein í eistum	83%	63%	94%	100%	98%
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	66%	78%	98%	91%	96%
Hodgkins eitilfrumuæxli	30%	59%	85%	97%	94%
Krabbamein í blöðruhálskirtli	30%	57%	64%	79%	89%
Krabbamein í skjaldkirtli	72%	90%	91%	87%	88%
Sortuæxli í húð	63%	42%	81%	79%	87%
Krabbamein í þvagvegum *	57%	74%	75%	77%	78%
Eitilfrumuæxli **	33%	45%	46%	56%	78%
Krabbamein í barkakýli	63%	58%	65%	65%	77%
Endaþarmskrabbamein	39%	33%	51%	53%	76%
Krabbamein í ristli	40%	46%	45%	54%	62%
Magakrabbamein	12%	15%	22%	27%	29%
Krabbamein í vélinda	0%	6%	24%	11%	23%
Lungnakrabbamein	7%	9%	12%	12%	13%
Öll mein	27%	38%	47%	55%	66%
<i>Konur</i>	<i>1960-1969</i>	<i>1970-1979</i>	<i>1980-1989</i>	<i>1990-1999</i>	<i>2000-2009</i>
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	75%	92%	100%	100%	100%
Langvinnt hvítblæði	22%	43%	46%	65%	96%
Sortuæxli í húð	55%	81%	89%	93%	95%
Krabbamein í skjaldkirtli	85%	90%	90%	96%	95%
Brjóstakrabbamein	69%	73%	78%	85%	91%
Leghálskrabbamein	57%	71%	81%	75%	90%
Hodgkins eitilfrumuæxli	33%	63%	89%	63%	86%
Krabbamein í legbol	79%	73%	75%	74%	84%
Eitilfrumuæxli **	14%	43%	66%	56%	75%
Endaþarmskrabbamein	44%	48%	56%	50%	73%
Krabbamein í þvagvegum *	50%	60%	68%	65%	72%
Krabbamein í ristli	25%	51%	53%	54%	65%
Magakrabbamein	20%	19%	31%	29%	43%
Lungnakrabbamein	5%	10%	14%	14%	16%
Öll mein	44%	51%	56%	60%	70%

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)




Mynd 1:
Öll krabbamein.
Karlar.
Breytingar á
nýgengi og
dánartíðni.*




Mynd 2:
Öll krabbamein.
Konur.
Breytingar á
nýgengi og
dánartíðni.*

* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðall), fimm ára hlaupandi meðaltöl.





Mynd 3:
Blöðruhálskirtils-
krabbamein.
Breytingar á
nýgengi og
dánartíðni.*



Mynd 4:
Brjóstakrabbamein.
Breytingar á
nýgengi og
dánartíðni.*

* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðall), fimm ára hlaupandi meðaltöl.



* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðill), fimm ára hlaupandi meðaltöl.

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins

Leghálskrabbameinsleitinn hófst árið 1964. Tímamótanna var minnst með sameiginlegri afmælisráðstefnu Leitarstöðvarinnar og Krabbameinsskrárinna 9. maí 2015. Auk innlendra fyrirlesara flutti Stefan Lönnberg yfirmaður leghálskrabbameinsleitarinnar í Noregi fyrirlestur um „Future prospects of cervical cancer screening“ og Mireille Broeders vísindamaður við miðstöð í læknavísindum við Radboud háskóla í Nijmegen í Hollandi fyrirlestur um „Benefits and harms of mammography screening“.

Frá árinu 1969 og til ársloka 1987 takmarkaðist leitarstarfið við 25-69 ára konur og voru þær boðaðar til leitar á tveggja til þriggja ára fresti. Samhliða þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið 1. janúar 1988 voru neðri aldursmörk færð niður í 20 ár og boðað var til leitar á tveggja ára fresti. Á miðju ári 2009 var boðun breytt á þann hátt að konur á aldrinum 40-69 ára voru boðaðar á fjögurra ára fresti svo fremi þær hefðu fimm eðlileg frumustrok og þar af tvö á síðustu fimm árum.

Þann 1. janúar 2014 voru gerðar breytingar á markhópi og aldursbili leitar en þá var aldur við fyrstu skoðun hækkadur úr 20 árum í 23 ár, aldur við síðustu skoðun lækkaður úr 69 árum í 65 ár og bil milli boðunar var lengt úr tveimur árum í þrjú ár. Einnig var grindarpreifingu hætt hjá einkennalausum konum. Eyðublað vegna leghálssýna var endurskoðað og einfaldað á starfsárinu. Tekin voru upp vökvásýni á landsbyggðinni. Húsnæði Leitarstöðvar var endurskipulagt þannig að nú þarf engin kona að sitja í slopp einum klæða á biðstofu. Leghálssýnataka á landsbyggðinni var færð til heilbrigðisstofnana með þátttöku ljósmæðra sem hafa fengið þjálfun hjá Leitarstöðinni og nú er öllum konum á landsbyggðinni boðin leghálskrabbameinsleit með sama sniði og á höfuðborgarsvæðinu. Boðsbref og lokabrefum var breytt og þau endurskoðuð. Í nóvember birtist úrskurður Persónuverndar um að Landspítala væri heimilt að veita Leitarstöðinni upplýsingar um konur sem höfðu gengist undir fullkomið legnáam og er það mikill áfangi því þær konur hafa ekki gagn af leghálskrabbameinsleit ef þær hafa ekki greinst áður með hátt forstíg (CIN2+). Unnið er að því að þessar konur fái ekki boð í leghálskrabbameinsleit, leit sem er gagnslaus og kostnaðarsöm fyrir konuna og þjóðfélagið.

Tilraunaaðgangur að leitarsögu var opnaður í september 2013 og virkjaður fyrir alla lækna með auðkenniskort í gegnum gátt Embættis landlæknis frá og með 1. janúar 2014. Aðgangurinn veitir upplýsingar um hvenær síðasta leghálssýni var tekið og hvenær mælt er með nýju sýni. Þetta ætti að geta komið í veg fyrir oftöku leghálssýna sem hefur verið a.m.k. 35% og þannig komið í veg fyrir ofgreiningar og oflækningar sem geta valdið konum líkamlegum skaða og þeim og þjóðfélaginu fjárhagslegum kostnaði.

Í apríl 2014 opnaði vefsíðan hpv.is þar sem öllum helstu spurningum um HPV er svarað og frumsýnt var fræðslumyndband um HPV og tilgang leghálskrabbameinsleitar. Bleiki mánuðurinn var helgaður vakningarvitund varðandi þátttöku í leghálskrabbameinsleit og ánægjulegt er að segja frá því þátttöku í leghálskrabbameinsleit jókst um 3% á árinu miðað við árið á undan og var 73%. Bandaríska sóttvarnarstofnunin (CDC) telur að regluleg mæting í leghálskrabbameinsleit geti komið í veg fyrir 93% leghálskrabbameina. Markmið Leitarstöðvarinnar er að þátttaka verði yfir 80% ekki síðar en árið 2020.

Krabbameinsfélagið hefur gert samning við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi um HPV-mælingar frá 1. janúar 2015 og hefðbundin glersýni voru aflögð 1. febrúar 2015 og einungis tekin vökvásýni frá þeim tíma.

Brjóstakrabbameinsleitinn var tengd leghálskrabbameinsleitinni til 1. janúar 2014 en þá voru þessi tengsl rofin vegna faglegra sjónarmiða. Orsök leghálskrabbameins er þekkt þar sem kynsmit með HPV-veirum er orsakavaldurinn en orsök brjóstakrabbameins er óþekkt að mestu þó margir áhættuþættir séu þekktir.

Frá 1973 voru brjóst kvenna þreifðu um leið og þær komu til leghálskrabbameinsleitar. Ef eitthvað athuga-vert fannst voru konur sendar í nánari skoðun með brjóstáröntgenmyndatöku og finnárástungu (frá 1976). Í byrjun nóvember 1987, tveimur mánuðum fyrir gildistöku þjónustusamnings við heilbrigðisráðuneytið, hófst skipulögð leit að brjóstakrabbameini með brjóstáröntgenmyndatöku hjá konum 35 ára og 40-69 ára og um

leið var brjóstapreifingu hætt hjá þessum aldurshópum. Frá 1. janúar 1990 var brjóstapreifingu hætt hjá aldurshópnum 20-29 ára og frá 1. janúar 1993 var brjóstarröntgenmyndatöku hætt hjá 35 ára konum. Frá janúar 1997 var felld niður hefðbundin brjóstapreifing lækni og konur í öllum aldurshópum hvattar til sjálfskoðunar brjósta. Ef konur eru óöruggar með eigin skoðun eða finna einkenni frá brjóstum er þeim við hefðbundna krabbameinsleit vísað til brjóstapreifingar hjá þeim lækni sem framkvæmir leghálsskoðunina. Utan hefðbundinnar leitar er konum með einkenni frá brjóstum, sem ekki hafa tilvísun frá lækni utan Leitarstöðvar, bent á að ræða við hjúkrunarfræðing á Leitarstöðinni sem ákveður hvort þeim er vísað til sérstakrar læknisskoðunar hjá svonefndri brjóstamóttöku Leitarstöðvarinnar.

Krabbameinsfélag Íslands hefur frá upphafi borið faglega og rekstrarlega ábyrgð á framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar hér á landi. Í júlí 1987 var gerður þjónustusamningur milli félagsins og heilbrigðisráðuneytisins um þennan rekstur sem tryggði að ráðuneytið veitti fé til starfseminnar. Fyrsti samningur við ráðuneytið tók gildi 1. janúar 1988 en hefur síðan verið endurnýjaður fjórum sinnum. Nýr fimm ára samningur við ráðuneytið fyrir tímabilið 2009-2013 tók óformlega gildi í ársbyrjun 2009 en vegna ríkjandi efnahagsvandamála var hann ekki formlega undirritaður fyrr en í mars 2010. Undirritaður var þjónustusamningur við Sjúkratryggingar Íslands í október 2013 sem gildir fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2014 og hann síðan framlengdur um eitt ár og samið um að kostnaðargreina leitarstarfið á samningstímanum.

Þegar samningur við Læknisfræðilega myndgreiningu (Röntgen Domus Medica) rann út í lok árs 2013 var röntgendeild Leitarstöðvarinnar endurstofnuð og ráðnir sérfræðingar í myndgreiningu, geislafræðingar og annað starfsfólk. Skortur á röntgenlæknum hefur ógnað starfseminni og síðla árs 2014 voru hafnar viðræður við Landspítala um tilfærslu á sérskoðunum brjósta til Landspítala. Vegna skorts á röntgenlæknum var konum á Akranesi og Keflavík beint til Leitarstöðvarinnar í Reykjavík og konum á Seyðisfirði til Egilsstaða.

Í lok árs 2014 voru föst stöðugildi á Leitarstöðinni 24,8 en voru 20,2 í lok árs 2013 en auk þess störfuðu verktakar í 1,6 stöðugildum en voru í 9,8 stöðugildum í lok árs 2013. Í árslok 2014 voru stöðugildi því samtals 26,4 en höfðu verið 30,0 ári áður. Ástæður fækkunar starfsmanna má rekja til skipulagsbreytinga og hagræðingar í rekstri.

Markhópur leghálsskrabbameinsleitar er 23-65 ára. Í árslok 2014 voru 90.950 konur á þessum aldri búsettar á landinu og þar af fóru 20.724 (23%) í leghálsskoðun (tafla 1). Miðað við árslok 2014 höfðu 73% hópsins mætt síðustu þrjú og hálf tít, 79% síðustu fimm ár og 87% síðustu tíu ár (tafla 3). Tæp 8% höfðu aldrei mætt til leghálsskrabbameinsleitar. Á árinu 2014 voru gerðar 23.158 skoðanir hjá 22.084 konum í leit að leghálsskrabbameini (allir aldurshópar). Skoðaðar voru 13.127 konur (59%) í Leitarstöðinni og á heilsugæslustöðvum og 8.957 (41%) hjá sérfræðingum og sjúkrastofnunum (tafla 1).

Markhópur brjóstakrabbameinsleitar er 40-69 ára og var 50.076 kona á þessum aldri búsett hér á landi í árslok 2014. Fyrir landið í heild var tveggja ára þátttaka í þessum aldurshópi 60% en þetta þátttökuhlutfall hefur verið á bilinu 61-63% frá árinu 1994 (tafla 5). Í árslok 2014 höfðu 15% 40-69 ára kvenna aldrei mætt til brjóstakrabbameinsleitar með brjóstarröntgenmyndatöku.

Kristján Oddsson.

Tafla 1: Leghálsskoðanir 2014 eftir aldurshópum. Fjöldi kvenna.

	<i>Leitarstöð og heilsugæsla</i>	<i>Sérfræðingar og sjúkrastofnanir</i>	<i>Samtals</i>
19 ára og yngri	12	19	31
20-24 ára	1.022	891	1.913
25-29 ár	1.347	1.596	2.943
30-39 ára	2.185	2.883	5.068
40-49 ára	3.244	1.865	5.109
50-69 ára	5.131	1.610	6.741
70 ára og eldri	186	93	279
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>13.127</i>	<i>8.957</i>	<i>22.084</i>
<i>– þar af 23-65 ára</i>			<i>20.724</i>

Tafla 2: Leghálsskoðanir 2014 eftir skoðunarstöðum. Fjöldi kvenna.

Leitarstöðin í Reykjavík	10.298
Heilsugæslustöðvar utan höfuðborgarsvæðisins	2.695
Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu	134
Kvensjúkdómalæknar á stofu	8.675
Sérfræðingar á sjúkrahúsum	282
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>22.084</i>

Tafla 3: Mæting 23-65 ára kvenna í leit að leghálskrabbameini, miðað við árslok 2014.

	<i>Mætt síðasta þrjú og hálf ár</i>	<i>Mætt síðustu fimm ár</i>	<i>Mætt síðustu tíu ár</i>
Reykjavíkurborg	72%	77%	85%
Vesturlandshérað	73%	80%	88%
Vestfirðahérað	76%	78%	83%
Norðurlandshérað vestra	70%	83%	89%
Norðurlandshérað eystra	74%	81%	89%
Austurlandshérað	77%	83%	90%
Suðurlandshérað	74%	82%	86%
Reykjaneshérað	74%	80%	88%
<i>Landið í heild</i>	<i>73%</i>	<i>79%</i>	<i>87%</i>

Tafla 4: Ýmsar upplýsingar um leit að brjóstakrabbameini.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi 40-69 ára kvenna sem komu í hópskoðun	15.994	16.336	15.114	16.015	16.362	16.409	17.048
Hlutfall endurinnkallaðra, 40-49 ára	3,9%	6,1%	8,2%	7,7%	7,6%	6,7%	4,0%
Hlutfall endurinnkallaðra, 50-69 ára	2,9%	4,0%	4,2%	4,6%	4,2%	3,5%	2,4%

Tafla 5: Mæting 40-69 ára kvenna í leit að brjóstakrabbameini, miðað við árslok 2014.

	<i>Mætt síðustu tvö ár</i>	<i>Mætt síðustu þrjú ár</i>	<i>Mætt síðustu fjögur ár</i>
40-44 ára	56%	63%	65%
45-49 ára	59%	69%	74%
50-54 ára	60%	71%	76%
55-59 ára	61%	70%	74%
60-64 ára	61%	71%	74%
65-69 ára	61%	71%	75%
<i>Landið í heild</i>	<i>60%</i>	<i>69%</i>	<i>73%</i>

Frumurannsóknastofa

Á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands eru rannsökuð frumusýni frá leghálsi kvenna. Flest sýnin eru tekin vegna hópleitar að forstigum leghálskrabbameins á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Einnig berast sýni frá konum sem eru í eftirliti vegna frumubreytinga og sýni sem tekin eru á stofu hjá sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, ýmist í hópleit eða vegna einkenna hjá konunum. Starfsmenn frumurannsóknastofunnar voru 10 í árslok. Lífeindafræðingar, frumugreinir, líffræðingur og meinafræðingur í samtals 8,7 stöðugildum. Tveir starfsmenn, meinafræðingur og líffræðingur fóru á vegum Hologic á dagsþing til Oslóar. Einnig fóru tveir á fund um leghálskrabbameinsleit á Norðurlöndum sem haldin var hjá Krefrtregiseret í Osló

Vökvasýni eru tekin hjá konum sem koma til leghálskrabbameinsleitar í Leitarstöðina í Skógarhlíð. Í árslok var byrjað að taka vökvasýni á nokkrum stöðum úti á landi. Annars voru eins og áður tekin hefðbundin sýni í leit á landsbyggðinni og hjá konum sem fara á stofu hjá sérfræðingum.

Fjöldi sýna á frumurannsóknastofunni á árinu 2014 var 23.160. Í mars var aftur tekin upp endurskoðun 10% eðlilegra sýna sem hluti af gæðaeftirliti. Forstigsbreytingar greindust í 1.588 sýnum eða 6,9%. Áfram var hlutfall ófullnægjandi sýna lágt en hefur þó aldrei verið hærra en nú 1,4%. Mælt var með leghálsspeglun og töku vefjasýnis 734 sinnum, en það er gert ef kona er með alvarlegar forstigsbreytingar eða endurteknar vægar breytingar.

Ingibjörg Guðmundsdóttir og Auður Eiríksdóttir.

Tafla 1: Fjöldi frumusýna frá leghálsi undanfarin fimm ár.

	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarfjöldi sýna	20.423	26.905	33.098	33.268	23.160
Hefðbundin frumusýni	10.442	15.595	19.990	19.610	12.466
Vökvasýni	9.981	11.310	13.107	13.658	10694
Hlutfall vökvasýna af öllum sýnum	48,9%	42,0%	39,6%	41,1%	46%
Forstigsbreytingar	1.422	1.502	2.361	1.978	1.588
Hlutfall af öllum sýnum	7,0%	5,6%	7,1%	5,9%	6,9%

Tafla 2: Samanburður á niðurstöðum úr frumugreiningu og vefjagreiningu árið 2014.

	Vefjagreining			
	Eðlileg sýni, bólgga	Vægar forstigsbreytingar, veirubreytingar	Meiriháttar forstigsbreytingar og ífarandi krabbamein	
<i>Frumugreining</i>				
Endurteknar, vægar forstigsbreytingar	60 (16%)	214 (57%)	104 (27%)	378
Óljósar forstigsbreytingar, meiriháttar breytingar, og ífarandi krabbamein	43 (12%)	105 (30%)	208 (58%)	356
				734

Greinar í ritrýndum tímaritum 2014

Alexandersson BT, Hreinsson JP, Stefansson T, Jonasson JG, Bjornsson ES. The risk of cancer after an attack of uncomplicated diverticulitis. *Scand J Gastroenterology* 2014; 49(5); 576-580.

Aradottir M, Reynisdottir ST, Stefansson OA, Jonasson JG, Sverrisdottir A, Tryggvadottir L, Eyfjord JE, Bodvarsdottir SK. Aurora A is a prognostic marker for breast cancer arising in BRCA2 mutation carriers. *Jl Pathol: Clin Res* 2014; I: 33-40.

Axelsson TA, Hrafinkelsson J, Olafsdottir EJ, Jonasson JG. Tall cell variant of papillary thyroid carcinoma: A population based study in Iceland. *Thyroid* 2014; Doi: 10.1089/thy.2014.0075.

Baldvinsdottir B, Jonasson JG, Agnarsson UP, Sigurjonsdottir HA. Ectopic Cushing Syndrome Due to Colon Cancer With Dual Morphology. *J Endocrinol Metabol* 2014; 4(5-6): 153-154.

Cooke SL, Shlien A, Marshall J, Pipinikas CP, Martincorena I, Tubio JMC, ..., ICGC Breast Cancer Group (... Jonasson JGJ ...) et al.. Processed pseudogenes acquired somatically during cancer development. *Nature Communications* 2014; 5:3644/DOI: 10.1038/ncomms4644.

De Angelis R, Sant M, Coleman MP, Francisci S, Baili P, Pierannunzio D, ...; EUROCARE-5 Working Group (... Jonasson JG, Tryggvadottir LT...). Cancer survival in Europe 1999-2007 by country and age: results of EUROCARE--5-a population-based study. *Lancet Oncol.* 2014 Jan;15(1):23-34.

de Fine Licht S, Winther JF, Gudmundsdottir T, Holmqvist AS, Bonnesen TG, Asdahl PH, Tryggvadottir L, et al.; on behalf of the ALiCCS study group. Hospital contacts for endocrine disorders in Adult Life after Childhood Cancer in Scandinavia (ALiCCS): a population-based cohort study. *Lancet.* 2014 Feb 17.

Fallah M, Pukkala E, Sundquist K, Tretli S, Olsen JH, Tryggvadottir L, Hemminki K. Familial melanoma by histology and age: Joint data from five Nordic countries. *Eur J Cancer.* 2014 Jan 21.

Gatta G, Botta L, Rossi S, Aereleid T, Bielska-Lasota M, Clavel J, Dimitrova N, ... and the Eurocare Working Group (... Jonasson JG, Tryggvadottir LT...). Childhood cancer survival in Europe 1999-2007: results of EUROCARE-5 – a population-based study. *Lancet Oncol.* 2014; 15: 35-47.

Holmqvist AS, Olsen JH, Andersen KK, Licht SD, Hjorth L, Garwicz S, Moëll C, Anderson H, Wesenberg F, Tryggvadottir L et al.; on behalf of the ALiCCS study group. Adult Life after Childhood Cancer in Scandinavia: Diabetes mellitus following treatment for cancer in childhood. *Eur J Cancer.* 2014 Feb 4.

Hreinsson JP, Jonasson JG, Bjornsson ES. Bleeding-related symptoms in colorectal cancer: A 4-year nationwide population-based study. *Alimentary Pharmacology and Therapeutics* 2014; 39(1); 77-84.

Laufey Tryggvadóttir. Saga og þróun Krabbameinsfélags Íslands. *Læknaþlaðið* 10. tbl. 100. árg. 2014.

Nygård M, Hansen BT, Dillner J, Munk C, Oddsson K, Tryggvadottir L, Hortlund M, Liaw KL, Dasbach EJ, Kjær SK. Targeting human papillomavirus to reduce the burden of cervical, vulvar and vaginal cancer and pre-invasive neoplasia: establishing the baseline for surveillance. *PLoS One.* 2014 Feb 5;9(2).

Oddsson K, Briem H, Gudmundsdottir Th. National survey among parents or guardians of 12 year old Icelandic girls to assess attitude regarding HPV vaccination and knowledge about cervical cancer. Submitted for publication, *Scandinavian Journal of Primary Health Care.*

Pukkala E, Martinsen JI, Weiderpass E, Kjaerheim K, Lyng E, Tryggvadottir L, Sparén P, Demers PA. Cancer incidence among firefighters: 45 years of follow-up in five Nordic countries. *Occup Environ Med.* 2014 Feb 6. doi: 10.1136/oemed-2013-101803. [Epub ahead of print]

Visser O, Brenner H, Ardanaz E, Bielska-Lasota M, Engholm G, Nennecke A, ... The Eurocare-5 Working Group (... Tryggvadottir L, Jonasson JG....). Cancer survival in Europe 1999-2007 by country and age: results of EUROCARE-5 – a population-based study. *Lancet Oncol.* 2014; 15: 23-34.

Sant M, Minicozzi P, Mounier M, Anderson LA, De Angelis R, Maynadié M, Monnereau A, Marcos-Gragera R, Visser O and the Eurocare Working group (....Jonasson JG.....). Survival increase for major haematological malignancies reflects population effectiveness of novel therapies. 2014; 15: 931-42.

Snaebjornsson P, Coupe VMH, Jonasson L, van Grieken NC, Meijer GA, Jonasson JG. pT4 stage II and III colon cancers carry the worst prognosis in a nationwide survival analysis. Shepherd's local peritoneal involvement revisited. *Int J Cancer* 2014: 135(2); 467-478.

Stefansson H, Sigurgeirsson B, Olafsson JH, Olafsdottir E, Mooney E, Tryggvadottir L, Jonasson JG. Trends in Breslow's tumour thickness of cutaneous melanoma in Iceland 1980-2009. *JEADV* 2014;29(2):346-52.

Stefansson OA, Moran S, Gomes A, Sayols S, Arribas-Jorba C, Sanoval J, Hilmarsdottir H, Olafsdottir E, Tryggvadottir L, Jonasson JG, Eyfjord JE, Esteller M. A DNA methylation-based definition of biologically distinct breast cancer subtypes. *Molecular Oncology* 11/2014 DOI: 101016/j.molonc 2014.10012.

Talibov M, Lehtinen-Jacks S, Martinsen JJ, Kjarheim K, Lynge E, Sparén P, Tryggvadottir L, Weiderpass E, Kauppinen T, Kyrrönen P, Pukkala E. Occupational exposure to solvents and acute myeloid leukemia: a population-based, case-control study in four Nordic countries. *Scand J Work Environ Health.* 2014 May 19.

Thorbjarnardottir T, Olafsdottir EJ, Valdimarsdottir UA, Olafsson O, Tryggvadottir L. Oral contraceptives, hormone replacement therapy and breast cancer risk: A cohort study of 16 928 women 48 years and older. *Acta Oncol.* 2014 Jan 24. [Epub ahead of print]

Zanetti R, Schmidtman I, Sacchetto L, Binder-Foucard F, Bordoni A, .. Tryggvadottir L et al.. Completeness and timeliness: Cancer registries could/should improve their performance. *Eur J Cancer.* 2014 Jan 3.

Útdrættir 2014

Egilsson M, Thoroddsen Ú, Jónasson JG, Ögmundsdóttir MH, Ögmundsdóttir HM. Autophagic pathways and activity in breast and pancreatic cancer. Kynnt á AACR Annual Meeting 2014, haldið í San Diego, Kaliforníu 5.-9. Apríl 2014.

Tryggvadottir L, Olafsdottir, EO, Olafsdottir GH, Alexiusdottir K, Stefansdottir H, Stefansson OA, ..., Jonasson JG. Effects of prognostic factors and treatment on survival in BRCA2 mutation carriers. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskránnu (ANCR), haldin í Stokkhólmi, Svíþjóð, 2.-4. september 2014.

Laufey Tryggvadóttir. Non-surgical means of risk reduction - What benefit and how acceptable? Issues of chemoprevention. Kynnt á RRS ICELAND, Nordic/Nottingham ORBS Group meeting, 8-9 May 2014, Harpa, Reykjavík.

Aðalfundur 2014

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 10. maí 2014 að Skógarhlíð 8 Reykjavík, í húsnæði Ráðgjafarþjónustunnar 1. hæð. Hann hófst stundvíslega kl. 9:00 að loknum morgunverði. Á fundinn mættu 63 fundarmenn. Jakob Jóhannsson, formaður Krabbameinsfélags Íslands, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hann til að Jóna Valgerður Kristjánsdóttir frá Krabbameinsfélagi Breiðfirðinga yrði fundarstjóri og Sigurður Jón Ólafsson frá Stómasamtökum Íslands fundarritari. Samþykkt með lófataki.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Jakob Jóhannsson, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar og greindi frá fyrirhugaðri stofnun vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins. Í vörslu félagsins eru nú eignir tveggja minningarsjóða, Kristínarsjóðar og Ingibjargarsjóðar að upphæð 80 milljónir kr. Krabbameinfélag Íslands myndi leggja til 40 milljónir króna en auk þess hafa mörg aðildarfélög ákveðið að leggja málefnum lið. Stofnfé gæti því orðið um 140 milljónir króna. Styrkir úr þessum vísindasjóði yrðu notaðir til að efla krabbameinsrannsóknir. Krabbameinsskráin tók til starfa fyrir áttíu ára tímabili og Leitarstöðin fyrir 50 árum, en þessar tvær starfsdeildir hafa verið ákveðin kjölfesta í starfsemi Krabbameinsfélagsins. Um áramótin urðu þær breytingar, eftir undirritun samnings við heilbrigðisyfirvöld, að allar konur á aldrinum 23-65 ára verði boðaðar í leit vegna leghálskrabbameins á þriggja ára fresti. Það er mikið kappsmál hjá Krabbameinsfélaginu, að leit að krabbameini í ristli verði hafin sem fyrst og hefur margoft verið skorað á heilbrigðisyfirvöld að leggja því máli lið. Ráðist hefur verið í það kostnaðarsama verkefni að endurnýja klæðingu á húsinu, ásamt því að endurnýja þakklæðingu og skipta um alla glugga. Gert er ráð fyrir, að verkinu verði lokið seint í haust. Krabbameinsfélag Íslands og Reykjavíkur hafa haft með sér víðtækt samstarf í hálfá öld, einkum á sviði fræðslu. Samningur milli þeirra hefur verið endurnýjaður og stofnað hefur verið sérstakt fræðslu- og fagráð. Að lokum minntist Jakob á öflugt starf Ráðgjafarþjónustunnar, sem færir stöðugt í vöxt. Að lokinni skýrslu bauð fundarstjóri leyfis, að fresta frekari umræðu um hana þar til undir liðnum önnur mál. Engin andmæli við því. Fundarfólk kynnti sig. Heiðursráð fyrst, svo stjórn félagsins og síðan einstök aðildarfélög.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.

Sigurður P. Sigmundsson, gjaldkeri stjórnar félagsins gerði grein fyrir reikningum ársins 2013. Þeir eru birtir í Ársskýrslu Krabbameinsfélagsins 2013-2014 og vísast til hennar. Kristján Freyr Helgason Stómasamtökunum sagði, að nauðsynlegt hefði verið að fá reikninga fyrr til að hægt væri að glöggva sig á þeim. Gagnrýndi hann jafnframt, að þeir hefðu mátt vera betur sundurliðaðir. Tók annar fundarmaður undir þessa gagnrýni. Gjaldkeri upplýsti, að stór útgjaldaliður hefði orðið vegna þess að þrjú röntgentæki hefðu hrunið og þurft endurnýjunar við. Ársreikningar voru því næst bornir upp og þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrslur aðildarfélaga.

Fundarstjóri vísaði til ársskýrslunnar þar sem skýrslur aðildarfélaganna eru birtar.

4. Stjórnarkjör.

Uppstillingarnefnd lagði til að Jakob Jóhannsson yrði endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára. Tillagan var samþykkt með lófataki. Tillaga kom fram um að eftirtaldir yrðu kosnir meðstjórnendur til næstu tveggja ára: Jón Þorkelsson, viðskiptafræðingur og formaður Stómasamtaka Íslands, Sigurður P. Sigmundsson, viðskiptafræðingur, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri. Tillagan samþykkt með lófataki. Tillaga kom fram um að Árni Einarsson, uppeldisfræðingur og varaformaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur yrði kosinn í stjórn til eins ár í stað Agnesar Smáradóttur, sem er á förum til útlanda. Tillagan samþykkt með lófataki. Fyrir í stjórn eru Friðrik Vagn Guðjónsson og Hulda Bjarnadóttir. Tillaga um að Hinrik Greipsson, stjórnarmaður í Framför, og Steinunn Eva Þórðardóttir, stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi Akraness og nágrennis yrðu kjörin varamenn í stjórn til eins árs. Samþykkt með lófataki.

5. *Kosnir tveir endurskoðendur (skoðunarmenn) og einn til vara.*

Gerð var eftirfarandi tillaga um félagskjörna endurskoðendur til eins árs: Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi Reykjavíkur, Ragnheiður Guðmundsdóttir, stjórnarmaður í Samhjálp kvenna, og Jón Auðunn Jónsson, stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar til vara. Tillagan samþykkt með lófataki.

6. *Kosning í uppstillinganefnd.*

Nefndin er kosin til eins ár í senn. Í nefndinni núna eru Almar Grímsson, Álfheiður Hjaltadóttir, Ásta Hallgrímsdóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir og Þórarinn Sveinsson. Almar og Ásta hafa verið í nefndinni í fjögur ár og eru því ekki kjörgeng lengur. Álfheiður, Guðrún og Þórarinn gefa kost á sér áfram. Í stað hinna var stungið uppá Nönnu Friðriksdóttur og Þóru Hrönn Njálisdóttur. Þessi tillaga var samþykkt með lófataki.

7. *Önnur mál.*

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar, benti á, að í stjórn Krabbameinsfélags Íslands væri aðeins ein kona af sjö. Á móti benti Stefanía Gísladóttir, Krabbameinsfélagi Norðausturland, á að uppstillinganefnd væri á hinn bóginn mjög kvenlæg.

Guðmundur Björnsson, formaður Krabbameinsfélags Suðurnesja, kynnti þá ákvörðun félagsins að styrkja fyrirhugaðan vísindasjóð með 500 þúsund króna fjárframlagi. Hvað hann þennan sjóð lofa góðu um rannsóknir í framtíðinni. Hann ræddi einnig um velunnarakerfið.

Steinunn Eva Þórðardóttir, stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi Akraness og nágrennis, skýrði frá netkönnun meðal stjórna aðildarfélaganna. 30 svör bárust, þar af 23 frá formönnum félaga. Niðurstaðan var almenn ánægja með samstarfið við Krabbameinsfélag Íslands.

Stefán Eiríksson í stjórn Krabbameinsfélags Íslands þakkaði það traust, sem fundarmenn hefðu sýnt sér og öðrum með því að kjósa þá í stjórnina. Hann kvað þetta starf vera bæði frábært og öflugt. Nauðsynlegt væri að viðhalda því trausti, sem félagar um allt land bæru til stjórnar félagsins. Hann hrósaði Ráðgjafarþjónustunni fyrir frábært starf. Rannsóknarvinnan í húsinu skiptir máli enda hefðum við margt gott til alþjóðafræðafélagsins að leggja. Skýrði hann því næst frá stofnun nýs vísindasjóðs, en hugmyndin með honum er að elfa vísindastarfið með því að sameina alla fjármuni undir einn hatt. Það skiptir máli, að öll aðildarfélögin komi að þessum sjóði, en sjálft fjárframlagið væri aukaatriði. Aðrir þyrftu að koma að þessum sjóði, fyrirtæki sem einstaklingar. Þyrftum að ná eyrum fjöldans og kynna samfélagslega ábyrgð styrktaraðila. Stofnskrá vísindasjóðsins er í smíðum og verður hann væntanlega formlega stofnaður í haust.

Ester Þorvaldsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Suðausturlands, afhendi gjafabréf að upphæð 500 þúsund krónur til styrktar fyrirhuguðum vísindasjóði.

Sigurður P. Sigmundsson, gjaldkeri, sagði að í velunnarasjóðnum væru nú 18 milljónir króna en fáir hefðu sótt um styrk í fyrra.

Ester Ólafsdóttir, formaður Krabbavarnar Vestmannaeyjum, afhenti fyrir hönd félagsins 500 þúsund krónur til starfsemi íbúðanna á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Afhenti hún jafnframt fallega mynda af Vestmannaeyjum, sem tekin var á bleikum októbermánuði í fyrra. Hún ræddi m.a. um bið eftir húsnæði hjá íbúðum á vegum Krabbameinsfélagsins, sem henni fannst í sumum tilfellum of löng.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir, framkvæmastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur, og Gunnar Már Hauksson, gjaldkeri þess félags, sögðu að velunnarakerfið hefði skilað aðildarfélögunum fáum nýjum félögum. Fjáröflunarráð á að vera til mikils gagns sem milliliður milli félaga, en starfskraftar þess ekki nýttir sem skyldi. Það þarf að kortleggja velunnara eftir svæðum. Guðlaug kynnti vörur fyrir haustsölu aðildarfélaganna, en það eru spilastokkur, málband og þessi hefðbundni penni. Hvert félag hefur annars rétt á að selja það sem það vill. Guðlaug sagði frá nýrri fræðslumynd, um reykingatengda lungnasjúkdóma, sem var frumsýnd sl. haust, en myndin er gerð í samvinnu við Samtök lungnasjúklinga.

Agnes Smáradóttir, formaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur, sagði frá þeirri ákvörðun félagsins að gerast stofnfélagi að vísindasjóðnum. Nauðsynlegt að félagið verði skráð á spjöld sögunnar með þessum hætti. Lagði hún því næst fram þrjár ályktunar fyrir hönd stjórnar Krabbameinsfélags Reykjavíkur:

Ályktun um ristilkrabbamein. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, haldinn 10. maí 2014, áréttar áskorun tólf fagfélaga og sjúklingahópa, þar sem skorað var á stjórnvöld að hefja hópleit að ristilkrabbameini strax og hvetur til þess að nú þegar verði undirbúningur hafinn og sett verði upp markaðs- og aðgerðaráætlun þar að lútandi.

Ályktun um tóbaksvarnir I. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, haldinn 10. maí 2014, fagnar þeim árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum. Hann er ekki síst tilkominn vegna fyrirbyggjandi aðgerða krabbameinsfélaganna. Mikilvægt er að vera áfram vel vakandi yfir stöðu tóbaksvarna og hvetja til markvissra aðgerða til að hindra að fólk noti tóbak, í hvaða formi sem er, eða verði fyrir óbeinum reykingum. Sérstaklega er mikilvægt að vernda börn og ungmenni.

Ályktun um tóbaksvarnir II. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, haldinn 10. maí 2014, hvetur stjórnvöld til að breyta tóbaksvarnalögum og reglugerðum þegar í stað, þannig að notkun, sala og markaðssetning á raf-sígarettum (e-sígarettum) falli á sama hátt undir lög og annar tóbaksvarningur.

Ofangreindar ályktanir voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Sigurður Björnsson, fyrrum formaður Krabbameinsfélags Íslands, fjallaði um forvarnir vegna reykinga fyrir og nú. Lýðheilsustöð átti að taka við þessu starfi krabbameinsfélaganna, en þar vantaði greinilega þann neista og áhuga, sem ríkti hjá sjálfbodaliðum. Fagnaði hann fram komnum ályktunum, sem hann hefði stutt heilshugar. Rafsígarettur væru ekkert annað en dulbúinn áróður.

Kristján Freyr Helgason, Stómasamtökunum, þakkaði fyrir góðar umræður. Vildi hann leggja áherslu á jafnvægið milli vísindastarfs Krabbameinsfélags Íslands annars vegar og stuðning við sjúklinga hins vegar, þannig að hvorugur biði skarðan hlut.

Alfreð Steinar Rafnsson, formaður Krabbameinsfélags Austurlands, tók undir gagnrýni Guðmundar á velunnarakerfið. Sagði hann kerfið bitna sérstaklega á félögum út á landi og þá ekki síst þeim, er búa í strjálbýli. Upplýsingastreymið er alls ekki nógu gott. Þetta þarf að taka betur upp á næsta formannafundi.

Ragnheiður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, hafði orðið að lokum. Hún sagði, að þetta hefði verið ánægjulegur og fróðlegur aðalfundur. Fór hún yfir helstu atriði, sem fram hefðu komið. Síðastliðið ár hefur verið árangursríkt að mörgu leyti einsog fram kemur í ársskýrslunni. Skemmdirnar á húsnæðinu hefðu á hinn bóginn verið meiri, en gert hafði verið ráð fyrir. Á aðalfundarauka, daginn áður, hefði komið fram áhersla á leitarstarf. Ánægjulegt hve margir ætla að leggja fyrirhuguðum vísindasjóði lið, en enn er hægt að leggja inn tillögur að breytingum á honum. Hún tók undir gagnrýni Kristjáns Freys þess efnis, að nauðsynlegt sé að senda út ársskýrslu og reikninga sérstaklega með viku fyrirvara. Mikilvægt er að fá þessa upplýsingar í hendur fyrir. Ragnheiður er sammála þeirri skoðun, að jafnvægi þarf að vera milli Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaganna hins vegar og rannsóknastarfsins í húsinu annars vegar. Tók hún sem dæmi, að krabbameinsfélagið í Svíþjóð væri í ríkari mæli að færa sig yfir á svið sjúklinganna. Við þurfum að styðja við leitarstarfið og rannsóknir, sem og fræðslu og forvarnir og ekki síst starf Ráðgjafarþjónustunnar. Hún kvaðst vera ánægð með könnun Steinunnar Evu; hélt satt að segja, að starfsfólk og stjórn félagsins myndi fá verri útreið. Við þurfum að leggja meiri áherslu á óformlegt spjall með heimsóknum til aðildarfélaganna. Hún sagði að það sem fram hefði komið á þessum fundi væri gott veganesti fyrir næsta formannafund, sem yrði frekari vettvangur umræðna. Ef til vill hafa stór verkefni eins og bleiki mánuðurinn lamandi áhrif á sum smærri félög, en nauðsynlegt er að vinna betur með þeim. Markaðsdeildin er ávallt reiðubúin í samstarf við aðildarfélögin. Að lokum vék hún að velunnarakerfinu. Það eru ýmsir vankantar á kerfinu, sem er ekki enn búð að taka út sinn þroska.

Jakob Jóhannsson, formaður félagsins, sleit fundi kl. 11:45. Síðan var hádegisverður í Perlunni.

Sigurður Jón Ólafsson.

Formannafundur 2014

Formannafundur Krabbameinsfélagsins var haldinn á Akureyri laugardaginn 4. október 2014 og hófst kl. 10:00. Friðrik Vagn Guðjónsson varaformaður Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis setti fundinn. Jakob Jóhannesson formaður Krabbameinsfélags Íslands ávarpaði fundarmenn og stakk upp á Friðriki Vagni sem fundastjóra og Stefaníu Gísladóttur sem ritara. Þátttakendur voru 28 frá 18 félögum.

Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands sagði frá starfsemi félagsins. Hín minnst meðal annars á að unnið væri að viðhaldi húss félagsins, erfiðlega gengi að fá lækna til starfa við krabbameinsleit í brjóstum og vefsíðan væri í endurkoðunn. Hún taldi innra starf félagsins gott og að unnið hefði verið að ýmsum skýrslum sem yrðu lagðar fyrir fundinn og að nauðsynlegt væri að auka fjármagn til krabbameinsrannsókna og væri verið að safna fé frá aðildarfélögunum í nýjan vísindasjóð.

Brynja Björk Gunnarsdóttir frá Samhjálp kvenna kynnti nýtt nafn á félagið, Brjóstaheill – Samhjálp kvenna.

Atli Már Sveinsson íþrótt- og heilsufræðingur kynnti skýrslu um endurhæfingu eftir greiningu krabbameins, sem hann vann fyrir Krabbameinsfélagið, en hann sérhæfði sig í þjálfun krabbameinsveikra við University of Northern Colorado. Síðan var rætt um skýrsluna, nauðsyn samhæfingar og skilgreinar á þörf fyrir endurhæfingu. Friðrik gat þess að á Kristnesi væru pláss fyrir krabbameinssjúka.

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir félagsráðgjafi kynnti handbók sína með hagnýtum upplýsingum fyrir sjúklinga og lagði áherslu á að fólk þyrfti að kanna réttindi sín. Hún sagði að jafningjastuðningur hefði skilað mjög góðum árangri.

Sigurður P. Sigmundsson gjaldkeri stjórnar Krabbameinsfélags Íslands ræddi um reynslu af styrkjum úr velunnarasjóði félagsins og fór yfir skýrslu um velunnarakerfið. Hann sagði nauðsynlegt að halda vel utan um kerfið vegna þess að það skipti starfsemi félagsins miklu máli. Anna Borg Harðardóttir frá Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar fjallaði um átak gegn munntóbaksnotkun, Gunnar Már Hauksson frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur fagnaði því hvernig velunnarakerfið hefði þróast og fleiri tóku til máls.

Umræður héldu áfram að loknum hádegisverði.

Alfreð Steinar Böðvarsson frá Krabbameinsfélagi Austurlands sagði velunnarakerfið gefa ýmsa möguleika en sníða þyrfti af því vankanta.

Guðmundur Björnsson frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja fór yfir umræður um kerfið og reglur um sjóðinn, allt síðan á aðalfundi 2012. Hann taldi margt skýrast með skýrslunni sem lögð hefði verið fram en setja þyrfti í fastari skorður hvenær upplýsingar til aðildarfélaga væru unnar, hvenær framlag fyrir nýja félagsmenn væri greitt o.fl.

Ragnheiður Haraldsdóttir þakkaði Guðmundi fyrir athugasemdirnar og sagði að samið hefði verið við Miðlun um að halda utan um kerfið.

Stefanía Gísladóttir frá Krabbameinsfélagi Norðausturlands lagði til að svæðafélög sem væru ekki með launaða starfsmenn gætu sótt um styrk fyrir hluta af ferðakostnaði á formannafundi og aðalfundi.

Sigurður P. Sigmundsson sagði orðið erfiðara en áður að fá fólk til að starfa í félögum og fór yfir félagafjölda aðildafélaganna frá 1989 til 2014. Samkvæmt því hefur velunnarakerfið ekki neikvæð áhrif á aðildafélögin. Fleiri tóku til máls og tjáðu sig um velunnarakerfið.

Halldóra B. Sævarsdóttir textilkennari kynnti meistaritgerð sína: Listsköpun kveikir lífsneista. Ritgerðin fjallar um rannsókn á áhrifum listsköpunar í endurþjálfun og nauðsyn þess að virkja sköpunargáfuna.

Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari sagði frá starfi sínu fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis og taldi nauðsynlegt að þróa endurhæfingu fyrir krabbameinssjúka og að slökun og öndun væri nauðsynleg fyrir krabbameinssjúklinga eins og aðra.

Stefanía Gísladóttir fagnaði fréttum um að vonir stæðu til að sjúkrahótel tæki til starfa á Akureyri árið 2015. Fundarmenn lýstu ánægju með þessa þróun.

Salvör Sæmundsdóttir frá Krafti sagði frá styrktartónleikum í Hörpu til stuðnings ungu fólki sem hefur greinst með krabbamein.

María Reykdal frá Krabbameinsfélagi Skagafjarðar sagði frá því að félagið hefði safnað einni milljón króna með áheitadagskrá, sagði frá fundi Kiwanis um ristilkrabbamein og áformum um að bjóða körlum í ristilskoðun. María bauð til næsta formannafundar í Skagafirði haustið 2015.

Friðrik Vagn Guðjónsson þakkaði fundarmönnum fyrir þátttökuna og góðar umræður og Jakob Jóhannsson sleit fundi um kl. 16.

Stefanía Gísladóttir.

Aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands

	<i>Stofndagur</i>	<i>Félagar</i>
<i>Svæðafélög:</i>		
Krabbameinsfélag Reykjavíkur	8. 3. 1949	1.035
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	9. 2. 1969	300
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	14. 2. 1970	300
Krabbameinsfélag Snæfellsness (og Von)	27. 9. 2005	85
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	19. 10. 2005	45
Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar	30. 11. 1970	75
Krabbameinsfélagið Sigurvon (og Vinir í von)	4. 11. 2001	300
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	13. 10. 1968	70
Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu (og Samhugur)	2. 11. 1968	200
Krabbameinsfélag Skagafjarðar (og Dugur)	12. 6. 1966	420
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis (og Norðankraftur)	21. 11. 1952	1.360
Krabbameinsfélag Suður-Pingeyinga (og Birta)	28. 8. 1968	400
Krabbameinsfélag Norðausturlands	18. 8. 1970	85
Krabbameinsfélag Austurlands (og stuðningshópur)	20. 4. 1970	155
Krabbameinsfélag Austfjarða (og stuðningshópur)	21. 4. 1970	480
Krabbameinsfélag Suðausturlands	21. 4. 1970	150
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	6. 5. 1971	30
Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu	7. 5. 1971	105
Krabbameinsfélag Árnassýslu (og Bandið)	29. 5. 1971	300
Krabbavörn Vestmannaeyjum (og Eyjarós)	25. 4. 1949	250
Krabbameinsfélag Suðurnesja (og Sunnan 5)	15. 11. 1953	915
Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar	10. 4. 1949	480
<i>Stuðningshópar:</i>		
Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	1979	350
Framför	12. 2. 2007	25
Kraftur	1. 10. 1999	510
Ný rödd	20. 12. 1980	20
Ristilfélagið	30. 6. 2009	65
Stómasamtök Íslands	16. 10. 1980	300
Styrkur	20. 10. 1987	350
<i>Hópar sem starfa með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur (á landsvísu):</i>		
Góðir hálsar (stuðningshópur um blöðruhálskirtilskrabbamein)	6. 12. 2000	125
Stuðningshópur kvenna með eggjastokkakrabbamein	27. 2. 2002	20
<i>Hópar sem starfa með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins (á landsvísu):</i>		
Lungnahópurinn	17. 11. 2011	
Carcinoid-hópurinn	5. 2. 2013	
Frískir menn (virkt eftirlit)	20. 3. 2014	

9.305

Krabbameinsfélag Reykjavíkur



Stofnað: 8. mars 1949. Félagsmenn: 1.035 (þar af 70 ævifélagar).
Skrifstofa: Skógarhlíð 8, Reykjavík. Póstfang: Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.
Sími: 540 1900. Fax: 540 1910. Vefsíða: www.krabb.is/reykjavik
Framkvæmdastjóri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir (gbg@krabb.is).

Stjórn kosin á aðalfundi 23. mars 2015:

Formaður: Árni Einarsson, Eiðistorgi 3, 170 Seltjarnarnesi 561 1208 arni@forvarnir.is
Varaformaður: Ásgerður Sverrisdóttir, Viðarrima 35, 112 Reykjavík
Gjaldkeri: Gunnar Már Hauksson, Kópavogstúni 4, 200 Kópavogi
Ritari: Birna Guðmundsdóttir, Suðurhvammi 1, 220 Hafnarfirði
Meðstjórnandi: Arnar Hauksson, Selvogsgrunni 20, 104 Reykjavík
Meðstjórnandi: Guðrún Sigurðardóttir, Grenimel 46, 107 Reykjavík
Meðstjórnandi: Þórunn Sævarsdóttir, Lönguhlíð 25, 105 Reykjavík
Varamenn: Jón L. Árnason, Skúli Jón Sigurðarsson og Vala Smáradóttir.

Starfsemi 2014-2015

Skýrslan nær yfir síðasta starfsár, frá aðalfundi 17. mars 2014, til aðalfundar 23. mars 2015. Stjórnarfundir voru níu milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Ársskýrsla í fullri lengd er á: <http://www.krabb.is/Thjonusta/Svaedafelog/krabbameinsfelag-reykjavikur>

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá því í mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagråd sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Þrír aðalmenn eru tilnefndir af Krabbameinsfélagi Íslands og tveim frá Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur er starfsmaður ráðsins. Hlutverk ráðsins er að marka stefnu í fræðslumálum Krabbameinsfélagsins og leggja fram framkvæmda- og kostnaðaráætlun, þar sem gerðar eru tillögur um helstu verkefni komandi árs.

Útgáfumál

Fræðsluritið „Mergæxli“ var gefið út og fræðsluritið „Krabbamein í ristli og endaparmi“ var endurgert. Fræðsluspjaldið „Skilaboð til karla“ var endurprentað. Fræðsluefnið „Taugainnkirtlaæxli“, sem unnið var í samstarfi við Ráðgjafarþjónustuna, er á vef Krabbameinsfélagsins. „Spurningar og svör um krabbamein“, sem einnig er vefsíðuefni, var endurgert. Búið er að prenta annan ársskammt af afmæliskortunum til fimmtugra, „Gefðu þér góða afmælisgjöf“, aðeins lagfært frá fyrra ári.

Fræðslumyndir

Fræðslumyndin „Aðgát í nærveru sólar“ sem er um sortuæxli og önnur húðkrabbamein var sýnd í tvígang á ríkissjónvarpinu í júní sl. Einnig var útbúin netútgáfa með enskum texta. Myndin var unnin í samstarfi við átakshóp um sólarvarnir; Geislavarnir ríkisins, Embætti landlæknis og húðlæknana Bárð Sigurgeirsson og Jón Hjaltalín Ólafsson sem voru faglegir ráðgjafar við gerð myndarinnar. Það er Páll Kristinn Pálsson kvikmyndagerðarmaður sem gerði myndina með okkur.

Tóbaksvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur haldið reglulega reykleysisnámskeið þar sem þátttakendur hittast átta sinnum á þriggja mánaða tímabili og að námskeiði loknu er þátttakendum fylgt eftir í eitt ár. Á starfsárinu voru haldin þrjú reykleysisnámskeið, að auki voru nokkrir í einstaklingsráðgjöf. Leiðbeinandi á námskeiðinu og í einstaklingsráðgjöfinni er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur. Ingibjörg svarar fyrirspurnum um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Einnig hefur hún svarað fyrirspurnum frá foreldrum og gefið ábendingar og veitt ráðgjöf um það hvernig takast á á við tóbaksnotkun barna og unglinga.

Ingibjörg var með ráðgefandi erindi hjá Starfsendurhæfingu á Selfossi. Úttgerðarfyrirtækið Skinney-Pinganes á Höfn í Hornafirði leitaði til félagsins með ósk um aðstoð vegna reykleysisnámskeiðs. Haft var samband við formann Krabbameinsfélags Suðausturlands sem tók að sér að halda námskeiðið með námskeiðsefni og leiðbeiningum Ingibjargar. Krabbameinsfélag Reykjavíkur mun kynna þennan möguleika fyrir aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins. Mikilvægt er að efla meðferð til reykleysis þar sem reykingar eru stærsti áhættuþáttur krabbameins. Félagið hefur áhuga á að sett verði á laggirnar þjónustumiðstöð í tóbaksvörnum. Ingibjörg hefur tekið að sér að svara árlegum spurningalista frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) um ýmislegt er snýr að tóbaksvörnum á Ísland. Guðlaug var í vetur skipuð í fagråd landlæknis um tóbaksvarnir. Guðlaug sótti alþjóðlega ráðstefnu um tóbaksvarnir sem haldin var í Istanbul í mars 2014 (6th European Conference on Tobacco or Health). Á þessari ráðstefnu er kynnt staða Evrópuríka í tóbaksvörnum en þar var Ísland í þriðja sæti varðandi stöðuna í Evrópu (The Tobacco Control Scale 2013).

Hættan er ljós og samnorrænt átak

Ellefu ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embætti landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefna hópsins er að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Árlega er gerð könnun átakshópsins á ljósabekkjanothkun landsmanna og haldið verður áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Niðurstöður síðustu könnunar staðfesta minnkandi notkun ljósabekkja hér á landi og að fáir undir 18 ára aldri nota ljósabekki. Samkvæmt talningu Geislavarna ríkisins á fjölda ljósabekkja hefur ljósabekkjum fækkað mjög mikið í Reykjavík. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini. Norræna samstarfið felst í því að fá ferðapjónustuna, ferðaskrifstofur, flugfélög og fleiri, í samvinnu um að bæta upplýsingar um öryggi í sólinni og hvernig skynsamlegt er að njóta sólarinnar á sem öruggastan hátt. Einnig hefur hópurinn með sér samstarf um fleira er viðkemur sólarvörnum.

Bleiki mánuðurinn

Í bleika mánuðinum var aðstoðað við yfirlestur gagna og setnir samráðsfundir.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Brjóstaheill - Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins stóðu fyrir málþingi um heilbrigðisþjónustu við krabbameinssjúklinga í október undir yfirskriftinni „Er besta þjónusta í boði“. Góð fjölmiðlaumræða varð í tengslum við málþingið og fyrirkomulag þingsins með frummælendum og pallborðsumræðum kom vel út.

Mottumars

Framkvæmdastjóri hefur setið samráð- og undirbúningsfundi og aðstoðað með yfirlestur á greinum og við að útbúa ýmiss konar fræðslu- og upplýsingagögn. Áherslan í mánuðinum þetta árið var á ristilkrabbamein. Aðstoðað var við örráðstefnu og krabbamein þar sem Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinlæknir og varaformaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur var með erindi. Hún tók líka þátt í fjölmiðlaumfjöllun í mánuðinum. Einnig var samvinna við skipulagningu opins húss hjá stuðningshópum Krabbameinsfélagsins.

Nemendur og skólar

Ætíð er nokkuð um að starfsfólk félagsins aðstoði nemendur og kennara framhaldsskóla og háskóla við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Varnir gegn notkun áfengis og vímuefna

Stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur samþykkti ályktun í október sl. vegna frumvarps um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak. Stjórnin leggst eindregið gegn frumvarpinu þar sem lagt er til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis verði afnumið og að smásala áfengis verði gefin frjáls. Alþingismenn voru hvattir til að fella frumvarpið. Ályktunin var send þingmönnum í velferðarnefnd og allsherjar- og menntamálanefnd.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í „Viku 43“ sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og

áfengis- og vímuefnamálum. Í „Viku 43“ var að þessu sinni kastljósinu beint að ýmsu er varðar forvarnir meðal barna og ungmenna. Áhersla var lögð á lífsstíl og sjálfsmynd og vakin athygli á því góða starfi með ungu fólki sem lýtur að lífsstíl og félagsstarfi í nærsamfélaginu (heimabyggð). Félagið er einnig þátttakandi í átakinu „Verum vakandi“ sem er vakningarátak sömu aðila og standa að Viku 43 og snýr að skaðsemi kannabis undir yfirskriftinni „Bara gras?“. Umsjón með þessum verkefnum hefur Samstarfsráð um forvarnir sem um 25 samtök standa að. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn ráðsins. Samstarfsráðið ályktaði um og sendi áskorun til alþingismanna þar sem það mótmælti frumvarpi um að fella úr gildi einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og gefa smásölu áfengis frjálsa upp að ákveðnu marki. Ráðið skipulagði greinaskrif og umræðu á samfélagsmiðlum.

Vefsíðumál

Krabbameinsfélag Reykjavíkur stofnaði eigin Facebook-síðu í haust. Vala Smárdóttir varamaður í stjórn útbjóg stefnumarkandi plagg um stefnu félagsins í notkun á Facebook.

Stuðningur við sjúklinga

Tveir stuðningshópar sem eru ekki formlegir aðilar að Krabbameinsfélagi Íslands starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum. Hvor hópur um sig hittist reglulega á rabbfundum og fræðslufundum, karlahópurinn fyrsta miðvikudag í mánuði allt árið og kvennahópurinn síðasta miðvikudag í hverjum mánuði á veturna. Góðir hálsar tóku þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlurnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast gildi jafningjastuðnings. Félagar í Góðum hálsnum hafa verið öflugir við að veita stuðning við nýgreinda þegar eftir því hefur verið leitað. Á næstunni verður Stuðningshópi kvenna með krabbamein í eggjastokkum breytt þannig að fleiri krabbamein tengd grindarholslíffærum kvenna falli undir einn og sama stuðningshópinn. Báðir hóparnir hafa tekið þátt í samstarfsfundum stuðningshópanna sem Ráðgjafarþjónustan boðar til. Þeir voru einnig þátttakendur í opnu húsi stuðningshópanna núna í mars sem var haldið til að kynna það góða og mikilvæga starf sem unnið er í stuðningshópunum.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómastamtökin hafa haldið áfram með samstarf ásamt meltingarsérfræðingi, krabbameinslækni og fleirum stuðningsaðilum í árveknihópi um ristilkrabbamein. Í mars í fyrra var byrjað að senda afmæliskort til þeirra sem urðu fimmtugir á árinu, „Gefðu þér góða afmælisgjöf“, með skilaboðum um mikilvægi þess að gefa sjálfum sér þá gjöf að fara í ristilskoðun. Ákveðið var að halda þessu verkefni áfram þar sem bæði Ráðgjafarþjónustan og læknar staðfestu að útsending kortanna skilaði árangri t.d. með auknum fyrirspurnum.

Stuðningshópurinn Ristilfélagið hefur átt erfitt uppdráttar undanfarin ár af ýmsum ástæðum og lítil starfsemi verið hjá félaginu. Árveknihópurinn setti sér það að markmiði að endurvekja félagið og núna í upphafi mars var haldinn aðalfundur, sá fyrsti síðan 2010, og ný stjórn kosinn.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðsluefnis, árskýrslna, yfirlestur, við skipulag funda og fleira.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru sjö, að fjárhæð rúmar 400.000 króna.

Happdrættið

Happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur verið ein helsta tekjulind Krabbameinsfélags Reykjavíkur í sextíu ár og hefur gegnum árin gert félaginu kleift að sinna fræðslustarfinu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir byggist að miklu leyti á happdrættisfé og að happdrættið eigi sinn þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum síðustu áratugi. Heildarsala happdrættismiða í bæði sumar- og jólahappdrætti varð heldur betri en árið áður og vinningshlutfall varð lægra. Í samstarfssamningi Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Íslands er ákvæði um stjórn happdrættis Krabbameinsfélagsins. Í stjórn happdrættisins eru tveir fulltrúar hvors félags, þar af báðir gjaldkerar þeirra.

Hlutverk stjórnar happdrættisins er að ákvarða hvernig skipting allra tekna happdrættisins verði. Jafnframt að hafa eftirlit með rekstri og reikningsskilum happdrættisins.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð um tæpar 2,6 milljónir króna. Reiknaðar lífeyrissjóðs-skuldbindingar félagsins eru rúmar 50,4 milljónir króna og hækkuðu um rúmar 3,3 milljónir króna milli ára. Kostnaður við fræðslustarfsemi félagsins var tæpar 18,3 milljónir króna. Árið 2014 skilaði happdrættið félaginu um 18,4 milljónum króna í tekjur en þær voru árið áður um 15,3 milljónir króna. Þessar upphæðir eru fyrir utan lífeyrisskuldbindingar og greiddan lífeyri. Aðrir tekjuliðir, fyrir utan vaxtatekjur, eru félagsgjöld, merkjasala, styrkir og námskeiðsgjöld. Merkjasalan var fyrstu helgina í september. Seldir voru pennar, málbönd og spil með merki Krabbameinsfélagsins.

Samstarf við ýmsa aðila

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í maí 2014. Á fundinum lagði stjórn Krabbameinsfélag Reykjavíkur fram þrjár ályktanir sem allar voru samþykktar: Áskorun til stjórnvalda um að hefja þegar hópleit að ristilkrabbameini, ályktun um mikilvægi markvissra aðgerða stjórnvalda varðandi tóbaksvarnir, ekki síst þær er snúa að börnum og ungmennum, og sú þriðja var ályktun um að stjórnvöld breyti tóbaksvarnalögum og reglugerðum svo rafsígarettur falli undir lögin á sama hátt og annar tóbaksvarningur.

Formannafundur Krabbameinsfélaganna var haldinn í október 2014 á Akureyri, í boði Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Gunnar Már Hauksson gjaldkeri og Arnar Hauksson voru fulltrúar Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Gjaldkeri okkar félags, Gunnar Már Hauksson, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Það hefur m.a. það hlutverk að efla, samhæfa og hafa yfirumsjón með fjáröflun Krabbameinsfélags Íslands, svæðafélaga þess og stuðningshópa.

Varaformaður og fyrrum formaður eru í endurhæfingarteymi Landspítalans fyrir krabbameinsgreinda, teymið hefur staðið fyrir skipulagðri fræðslu með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins fyrir krabbameinsjúklinga og aðstandendur.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur átt gott samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, hefur aðstoðað við útgáfumál, málþing og ráðstefnur sem Ráðgjafarþjónustan stendur fyrir, og mun áfram styðja starfsemina eftir bestu getu.

Húsnefnd hefur verið starfandi mörg undanfarin ár og er framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur í nefndinni.

Mörg verkefni félaganna eru unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Gott samstarf er við starfsfólk Leitarstöðvarinnar og félagið aðstoðar við yfirlestur á ýmsum gögnum Leitarstöðvarinnar. Öðrum sviðum Krabbameinsfélags Íslands er líka veitt aðstoð við yfirlestur gagna og með þátttöku í skipulagningu ýmissa verkefna. „Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins“ var haldið í júní sl. og var Guðlaug í undirbúningshópi hlaupsins.

Félagið hefur átt gott samstarf við aðildarfélög og stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, Morgunblaðið, Icepharma, Smáralind, starfsmenn Fræðslu og forvarna (FRÆ) og fleiri. Ásgeir Theódórs meltingarlæknir og Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir hafa ásamt stuðningsaðilum unnið mjög ötult starf í „ristilhópnum“. Einnig má minnst á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka og Advania varðandi happdrættið og fleira.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir og Árni Einarsson.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis



Stofnað: 9. febrúar 1969. Félagsmenn: 300.
Póstfang: Pósthólf 107, 300 Akranesi.
Netfang akranes@krabb.is, vefsíða www.krabb.is/akranes
Skrifstofustjóri: Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 5. maí 2015:

Formaður: Ólöf Inga Birgisdóttir

894 8835 olof.birgisdottir@hve.is

Gjaldkeri: Alma Auðunsdóttir

Meðstjórnandi: Helga Hallfríður Stefánsdóttir

Meðstjórnandi: Arndís Halla Jóhannesdóttir

Meðstjórnandi: Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir

Starfsemi 2014-2015

Starfsárið 2014-2015 hófst með söluhelgi í ágúst. Stjórnarmenn sáu um sölu á málböndum og spilastokkum merktum Krabbameinsfélaginu. Þar að auki útbjuggu stjórnarmenn til forlata handunnin skilti sem einnig voru seld til styrktar félaginu. Ágóðinn af þessari sölu rann til Krabbameinsfélags Akraness og nágrennis. Salan gekk ágætlega.

Í september fór aðalorkan í að undirbúa átakið, Bleika slaufan, sem er stærsti viðburður hvers árs hjá Krabbameinsfélaginu. Að þessu sinni var fyrsta slaufa ársins næld í unga konu að nafni Arndís Halla Jóhannesdóttir sem hefur vakið athygli á þjónustu við krabbameinsgreinda og aðbúnað heilbrigðisstarfsfólks. Arndís Halla hélt svo opinn fyrirlestur í febrúar sem bara heitið „Mikill hlátur og smá grátur“ og var hann vel sóttur.

Í október hefur verið venjan að lýsa eitt hús í bænum bleikt en að þessu sinni ákváðum við í samstarfi við Akraneskaupstað að lýsa Akratorgið bleikt. Verið var að taka í notkun nýjan ljósabúnað á Akratorgi í október og var því tilvalið að slá tvær flugur í einu höggi og baða torgið bleikum ljósum. Stjórnarmenn seldu heitt kakó kvöldið sem ljósin voru kveikt og gekk sú sala vonum fram. Október endaði svo á bleikri rökkurgöngu í skógrækt okkar Akurnesinga og tókst sú ganga vel.

Veglegt fréttabréf var gefið út í nóvember þar sem nýjar áherslur í starfi Krabbameinsfélagsins voru kynntar, skrifstofan á Kirkjubraut 40 var lögð niður og formleg samvinna hófst við Endurhæfingarhúsið Hver í byrjun desember 2014.

Félagið tók upp þá nýjung að bjóða upp á slökun og samtalsmeðferð fyrir nýgreinda einstaklinga og þá sem eru í meðferð. Rannveig Björk Gylfadóttir hjúkrunarfræðingur annast hana. Ágóðinn að ágústsölunni fór í kaup á hægindastól sem nýtist í slökuninni.

Jóga-námskeið voru haldin að hausti og vori og eru þau alltaf jafn vel sótt. Líkt og áður var það Margrét Bára Jósefsdóttir sem sá um þau. Jógað er sívinsælt og er orðinn fastur liður í starfsemiinni. Jógað fór fram í húsnæði Hver á vorönninni og gekk það vel.

Starfsárið hefur gengið vel, samvinnan við Hver hefur verið góð þótt færri einstaklingar hafi sótt þjónustuna en vonir stóðu til.

Félagið leggur áherslu á að nýta þá fjármuni sem safnast til góðra verka í þágu krabbameinssjúklinga. Á yfirstandandi starfsári veitti félagið 250.000 kr. styrk til Hollvínasamtaka Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem standa að söfnun fyrir nýju sneiðmyndaðaki. Auk þess var sama upphæð sett í vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Ólöf Inga Birgisdóttir og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar



Stofnað: 14. febrúar 1970.

Félagsmenn: Um 300.

Stjórn kosin á aðalfundi í nóvember 2014:

Formaður: Sigríður Helga Skúladóttir, Þórólfsögðu 17a, 310 Borgarn. 898 9246 sigga.sk@simnet.is

Varaformaður: Sæunn Elfa Sverrisdóttir, Hlöðutúni, 311 Borgarnesi

Ritari: Halla Magnúsdóttir, Kveldúlfsögðu 16, 310 Borgarnesi

Gjaldkeri: María Þórarinsdóttir, Mávakletti 6, 310 Borgarnesi

Meðstjórnandi: Lína Traustadóttir, Bjargarsteini, 311 Borgarnesi

Starfsemi 2014

Aðalfundur var haldinn síðla árs, var stjórnin endurkjörin og reikningar samþykktir. Formaður fór á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí og á formannafund á Akureyri í október. Formaður tók þátt í nefndarstörfum á vegum Krabbameinsfélags Íslands.

Félagið tók þátt í fjáröflun á haustdögum. Í mars hélt félagið fjáröflunartónleika í Borgarneskirkju í samstarfi við karlakórinn Söngbræður. Minningarkort fást á Pósthúsinu, í Handavinnuhúsinu, Arionbanka og hjá formanni.

Eitt aðalmarkmið félagsins er að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu og voru veittir styrkir og greitt fyrir húsaleigu til allmargra einstaklinga á árinu. Ræddar voru hugmyndir um samverustundir (stuðningshóp).

Sigríður Helga Skúladóttir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness



Stofnað: 27. september 2005.

Félagsmenn: Um 85.

Stuðningshópur: Von. Upplýsingar gefur Margrét Hjálmarsdóttir, sími 864 1767.

Stjórn kosin 28. apríl 2015:

Formaður: Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hellnum, 356 Snæfellsbæ 866 5237 bross88@simnet.is

Gjaldkeri: Magnea Sigurbj. Kristjánsdóttir, Fornu-Fróða, 356 Snæf.

Ritari: Guðmunda H. Þórðardóttir, Bárðarási 1, 360 Snæfellsbæ

Meðstjórnandi: Svanborg Siggeirsdóttir, Sundabakka 16, 340 Stykkishólmi

Meðstjórnandi: Margrét Hjálmarsdóttir, Fagurhólstúni 14, 350 Grundarf.

Starfsemi 2014-2015

Áttundi aðalfundur félagsins var haldinn 26. apríl 2012. Starf hefur að mestu legið niðri fyrir utan árlega hefðbundna fjáröflun. Níundi aðalfundurinn var haldinn 28. apríl 2015. Ein breyting var á stjórn.

Í tilefni af því að félagið fagnar 10 ára afmæli á þessu ári ákvað aðalfundur að gefa veglegar peningagjafir í nýjan vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands og til Ljóssins.

Stuðningshópurinn Von í Grundarfirði hefur eins og undanfarin ár haldið sína mánaðarlegu fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Að venju hefur félagið tekið þátt í dvalarkostnaði vegna lækninga fjarri heimabyggð. Nokkrar beiðnir um aðra fjárstyrki bárust sem hægt var að sinna.

Sveinbjörg Eyvindsdóttir.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga



Stofnað: 19. október 2005.

Félagsmenn: 45.

Stjórn kosin á aðalfundi 12. maí 2014:

Formaður: Jóna Valgerður Kristjánsd., Mýrartungu 2, 380 Reykh. 893 6396 j.valgerdur@gmail.com

Ritari: Guðrún Björnsdóttir, Sunnubraut, Búðardal

Gjaldkeri: Ingibjörg Kristjánsdóttir, Garpsdal, Reykhólahreppi

Meðstjórnandi: Indíana S. Ólafsdóttir, Hellisbraut 16, Reykhólum

Meðstjórnandi: Þrúður Kristjánsdóttir, Sunnubraut 19, Búðardal

Starfsemi 2014

Aðalfundurinn árið 2014 var haldinn 12. maí í Tjarnarlundi í Saurbæ. Við höldum aðalfundina til skiptis í byggðarlögnum þremur. Þar dreifðum við ýmsum fræðslubæklingum Krabbameinsfélagsins og kynntum þá. Einn stjórnarfundur var haldinn á árinu og nokkrir símafundir, en stjórnin heldur aðallega símafundi vegna fjarlægðar á milli stjórnarmanna. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir mætti á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem haldinn var 10. maí 2014. Enginn mætti á formannafund Krabbameinsfélagsins haustið 2014. Enginn starfsmaður er launaður hjá félaginu og vinna stjórnarmenn það sem gera þarf í sjálfboðavinnu.

Við höfum árlega sent auglýsingu inn á hvert heimili á svæðinu þar sem við kynnum íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur sem Krabbameinsfélagið á í Reykjavík og jafnframt að við greiðum dvalarkostnað þeirra sem þar dvelja af okkar félagssvæði þegar þeir þurfa á að halda vegna krabbameinsmeðferðar í Reykjavík. Einnig greiðum við fyrir fólk sem þarf að vera á sjúkrahótel Landsspítala. Við höfum lofað styrk til Heilsugæslunnar í Búðardal vegna kaupa á ýmsum tækjum til krabbameinsskoðunar sem keypt voru á árinu, en upphæð liggur ekki fyrir.

Á árinu seldum við jólakort félagsins, minningarkort, bleiku slaufuna og skeggnæluna við ýmis tækifæri. Bleika slaufan selst alltaf vel en það sama er ekki hægt að segja um skeggnæluna. Minningarkortin eru jafnframt til sölu í Arion banka í Búðardal og einnig hjá stjórnarmeðlimum. Síðasta sumar voru spil, málbönd og varasalvi einnig selt í Handverkshúsinu Bolla í Búðardal og í Markaðnum í Króksfjarðarnesi sem Handverksfélagið Assa rekur á sumrin. Þá var einnig gengið í hús í Reykhólasveit og seld nokkur málbönd. Á jólamarkaðnum í Króksfjarðarnesi í nóvember voru jólakort frá okkur, vörur, og ýmsir jólamunir einnig til sölu, og stóð formaður vaktina við söluna í tvo daga.

Reykhólakirkja var lýst upp með bleiku ljósi í október og var það í annað sinn sem það er gert. Þá var einnig Mjólkurstöðin í Búðardal lýst upp með bleikum ljósum og er það í fimmta skipti sem það er gert. Starfsfólk Mjólkurstöðvarinnar tekur það að sér.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar



Stofnað: 9. nóvember 2004 (áður Krabbameinsfélag Barðastrandarsýslu, stofnað 30. nóvember 1970).

Félagsmenn: Um 75.

Stjórn:

Formaður: Kolfinna Guðmundsdóttir, Urðargötu 22, 450 Patreksfirði 861 5131 olist@visir.is

Gjaldkeri: Jóhanna Gísladóttir

Ritari: Þuríður Ingimundardóttir

Meðstjórnandi: Birna Kristinsdóttir

Meðstjórnandi: Nína Jóhannesdóttir

Starfsemi 2013-2014

Félagið hefur selt minningarkort og styrkt fólk sem hefur farið í meðferð. Að öðru leyti hefur starfið ekki verið mikið.

Kolfinna Guðmundsdóttir.

Krabbameinsfélagið Sigurvon

Stofnað: 4. nóvember 2001. Kennitala: 470102-4540. Félagsmenn: Um 300.

Netfang sigurvon@snerpa.is, vefsíður <http://svon.blogspot.com> og

www.facebook.com/KrabbameinsfélagiðSigurvon

Þjónustuskrifstofa: Pollgötu 4, Ísafirði, símar 456 5650 og 849 6560,

opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.

Starfsmaður: Thelma Hjaltadóttir.

Stuðningshópur: Vinir í von

Stjórn kosin á aðalfundi 27. mars 2015:

Formaður: Sigurður Ólafsson, Hlíðarvegi 45, 400 Ísafirði

897 5502 bii@simnet.is

Gjaldkeri: Guðfinna Sigurjónsdóttir, Ísafirði

Ritari: Oddný B. Birgisdóttir, Ísafirði

Meðstjórnandi: Svava B. Þorsteinsdóttir, Ísafirði

Meðstjórnandi: Guðbjörg Ólafsdóttir, Ísafirði

Starfsemi 2014

Fjölbreytt starf var hjá Krabbameinsfélaginu Sigurvon árið 2014. Sem fyrr var stuðningshópurinn Vinir í von með öflugt starf. Hópurinn er með samverustundir annan hvern laugardag yfir vetrartímam þar sem einstaklingar með krabbamein og aðstandendur þeirra koma saman og eiga góða stund. Hópurinn hefur notið velvildar Vesturafls, geðræktarmiðstöðvar, sem lætur honum í té aðstöðu að Mánagötu 6.

Sigurvon lagði sitt af mörkum til að vekja athygli á Mottumars, árlegu árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélags Íslands. Veitinga- og skemmtistaðurinn Húsið á Ísafirði stóð fyrir svokallaðri mottukeppni þar sem sex einstaklingar kepptu um það hver skartaði flottustu mottunni. Auk þess að vekja athygli á áttakinu var keppnin haldin til styrktar áttakinu. Standa vonir til að um verði að ræða árvissan viðburð.

Félagið stóð einnig í marsmánuði fyrir svokölluðum blettadegi í samstarfi við heilsugæslu sjúkrahússins á Ísafirði og Þorstein Guðmundsson lækni. Aðstandendur Sigurvonar eru afar þakklátir, bæði heilsugæslunni og framlagi Þorsteins. Alls nýttu 39 konur 28 karlar sér fría blettaskoðun og aldursbilið spannaði

fæðingardaga frá 1930 til 2010. Var almenn ánægja með þetta framtak. Af þeim 67 sem nýttu sér skoðunina var rúmlega 20 einstaklingum vísað áfram í að láta fjarlægja bletti.

Víða var lýst upp með bleiku ljósi á Ísafirði í október og vakin athygli á að mánuðurinn er tileinkaður baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Að vanda var Safnahúsið baðað bleikum ljóma sem og fleiri fyrirtæki og stofnanir hér í bæ sem eins flögguðu fána með bleiku slaufunni.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars og varð þar engin breyting milli ára á stjórn félagsins.

Að vanda var haldin jólakortasala í fjáröflunarskyni en að þessu sinni var einnig efnt til útgáfu dagatals. Eins og undanfarin ár fékk félagið að gjöf myndir frá áhugaljósmyndaranum Ágústi G. Atlasyni til að skreyta kortin. Kann félagið honum bestu þakkir fyrir. Grunnskólabörn á norðanverðum Vestfjörðum gengu í hús og buðu hvort tveggja til sölu auk þess sem varningurinn var til sölu í ýmsum verslunum og í gegnum félagið.

Engin breyting var á þeirri velvild sem Sigurvon var sýnd á árinu og styrktu þó nokkrir aðilar starfsemi félagsins. Er sá stuðningur ómetanlegur þar sem hann gerir félaginu kleift að styðja við þá sem veikjast af krabbameini.

Thelma Hjaltadóttir.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs



Stofnað: 13. október 1968.

Félagsmenn: Um 70.

Stjórn:

Formaður: Geir Karlsson, Spítalastíg 5, 530 Hvammstanga 455 2100 geir.karlsson@hve.is

Ritari: Jóna G. Ármannsdóttir Laxárdal, 500 Stað

Gjaldkeri: Sigurbjörg Geirsdóttir, Búrfelli, 531 Hvammstanga

Meðstjórnandi: Malín Sigurbjörg Karlsdóttir, Melavegi 16, 530 Hvammst.

Meðstjórnandi: Elsche Apel, Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstanga

Starfsemi 2014-2015

Tekjur hafa verið af sölu innkaupapoka og minningarkorta ásamt beinum styrkjum frá félögum og einstaklingum. Annað hvert ár hefur verið haustmarkaður, svonefndur Sláturbasar, með landbúnaðarvörur og ýmislegt annað sem einstaklingar gefa, yfirleitt eitthvað sem þeir eru að búa til eða rækta sjálfir.

Veittir voru styrkir til krabbameinssjúklinga, til að standa straum af lækni- og rannsóknakostnaði sem hið opinbera greiðir ekki. Félagið hefur í gengum árin styrkt forvarnarverkefni í skólum og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga með tækjakaupum.

Geir Karlsson.

Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu



Stofnað á Blönduósi: 2. nóvember 1968.

Félagsmenn: Um 200.

Stuðningshópur: Samhugur.

Stjórn kosin á aðalfundi 31. mars 2015:

Formaður: Sveinfríður Sigurpálsd., Brekkubyggð 11, 540 Blönduósi 452 4528 sveinfridur@simnet.is

Ritari: Sigríður Stefánsdóttir, Hólabraut 23, 545 Skagaströnd

Gjaldkeri: Jökulrós Grímsdóttir, Bogabraut 3, 545 Skagaströnd

Meðstjórnandi: Katrín Líndal, Hlíðarbraut 17, 540 Blönduósi

Meðstjórnandi: Kristín Rós Sigurðardóttir, Tindum, 541 Blönduósi

Starfsemi 2014-2015

Stjórnin hélt hefðbundna fundi í árinu og hafði þar fyrir utan mikil samskipti sín á milli gegnum tölvupóst og síma. Í lögum félagsins er hlutverk félagsins m.a. að fræða almenning um krabbamein og varnir gegn því. Á aðalfundi 2014 flutti fyrirlesari okkur fræðslu um jóga-aðferðina og á aðalfundi 2015 fengum við fyrirlestur fluttan af Arndísi Höllu Jóhannesdóttur. Arndís er öflug ung kona, markþjálfari og þroskaþjálfari, og nefndi hún fyrirlesturinn „Mikill hlátur og smá grátur“ og velti hún því upp hvernig við bregðumst við því sem við þurfum að takast á í vinnu eða einkalífi.

Fastir þættir svo sem fjáröflun til styrktar félaginu svo sem haustsalan á ýmsum hlutum haustið 2014 tókst vel. Sala á minningarkortum félagsins gekk einnig vel og fer aðallega fram í apóteki Lyfju á Blönduósi en einnig hjá félagsmönnum.

Félagið tók að venju þátt í árvekníáttakinu í október sem fram fer til að minna á baráttu gegn brjóstakrabbameini sem og öðrum krabbameinum í konum. Í tilefni þess voru lýstar upp stofnun á Blönduósi og kirkjan á Skagaströnd. Stjórnarkonur tóku einnig þátt í sölu á ýmsum hlutum í átakinu Mottumars, karlar og krabbamein, sem fjáröflun fyrir okkar félag. Gekk sú söfnun býsna vel og þakka ber stjórnarkonum.

Félagið veitti nokkra styrki til þeirra sem voru í meðferð við krabbameini, með því að greiða leigu þeirra fyrir íbúðir Krabbameinsfélagsins og annarra sem og í leiguíbúðar hjá Barnadeild Landspítalanum.

Einnig var söfnunarfé okkar notað til kaupa verkjalyfjadælu fyrir Heilbrigðisstofnunina Blönduósi og veittur var 200.000 kr. styrkur til söfnunarátaks sem Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis stendur fyrir til kaupa á nýju ómskoðunartæki, staðsett á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Formaður sendi sem áður pistil um félagið í Húnavökutímaritið sem kemur út árlega og til upplýsinga um hvað er á döfni hjá okkur og til að kynna starfsemina jafnframt.

Formaður sat formannafundinn sem haldinn var á Akureyri og í boði Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Þar voru m.a. fluttir áhugaverðir fyrirlestrar og kynnt handbók Gunnjónu Unu Guðmundsdóttur og eru upplýsingar handbókarinnar mjög þarft verk og fræðandi.

Félaginu barst góður styrkur að upphæð 100.000 kr. frá Iðnsveinafélagi Húnavetninga sem sýnir velvilja í garð félagsins og fá Iðnsveinar bestu þakkir fyrir.

Félagsmönnum hefur því miður farið fækkandi um árabíl og ætlar stjórnin að bregðast ötullega við því á næsta starfsári.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar



Stofnað: 12. júní 1966. Félagsmenn: Um 420.
Þjónustuskrifstofa er á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.
Símar 453 6030 og 863 6039. Starfsmaður: María Reykdal.
Netfang skagafjordur@krabb.is, vefsíða krabb.is/skagafjordur
Stuðningshópur: Dugur.

Stjórn kosin á aðalfundi í apríl 2015:

Formaður: Dalla Þórðardóttir, Miklabæ, 560 Varmahlíð
Ritari: Sara Valdimarsdóttir, Frostastöðum, 560 Varmahlíð
Gjaldkeri: Helga Gígja Sigurðardóttir
Meðstjórnandi: Ágústa Eiríksdóttir
Meðstjórnandi: Guðmundur Gunnarsson
Meðstjórnandi: Þorsteinn Þorsteinsson

Starfsemi 2014-2015

Starfsemi hefur verið talsverð. María Reykdal hefur verið með viðveru á skrifstofunni þrjá daga í viku og er alltaf með auglýstan síma. Hún hefur verið með stuðningsviðtöl í síma og á stofu og einnig nokkur sálfræðiviðtöl.

Haldinn var einn stjórnarfundur. Félagið sendi tvo fulltrúa á aðalfund og starfsmaður fór á formannafund Krabbameinsfélagsins en formaður átti ekki heimangengt. Dugur hefur verið með samverustundir einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Fyrirhugaður er aðalfundur 29. apríl 2015.

Orlofsdvalir á Löngumýri voru studdar fjárhagslega. Félagið greiðir leigu fyrir fólk héðan sem dvelur í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða á Sjúkrahótelinu í tengslum við krabbameinsmeðferð og hafa nokkrir nýtt sér það og fengu aðstoð við það af starfsmanni.

Heilbrigðisstofnunin og Sauðárkróskirkja voru lýst bleik í október.

Krabbameinsfélagið greiðir niður fimm viðtöl sálfræðings fyrir sjúkling og/eða aðstandanda og hafa nokkrir aðilar nýtt sér það. Félagið hefur veitt nokkra einstaklingsstyrki við sérstakar aðstæður.

Kiwanis setti í gang mikla fjársöfnun til þess að koma af stað kembileit vegna ristilkrabbameins, þannig að einum árgangi (55 ára) í senn yrði boðið í ristilspeglun. Fjársöfnunin yrði þannig að tryggt yrði að þetta stæði til boða í 5 ár og yrði eins og verið hefur á Húsavík í bráðum 4 ár, en þar með stuðningi Lions. Til þess að þetta yrði mögulegt þurfti einnig að safna fyrir nýju ristilspeglunartæki. Þetta fór af stað í samráði við Krabbameinsfélag Skagafjarðar og hefur formaður setið nokkra fundi með Kiwanismönnum. Þetta fór einnig af stað í samráði við Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki. Þetta tókst með miklum glæsibrag og var Heilbrigðisstofnun Norðurlands Sauðárkróki afhent mjög fullkomið ristilspeglunartæki nú í mars og reyndar einnig magaspeglunartæki ásamt þvottavél fyrir tækin. Söfnuðust alls um 19 milljónir króna fyrir tækjunum fyrir utan söfnunina fyrir átakið sjálft. Afhendingin fór fram á mikilli samkomu í Miðgarði þar sem sungu margir kórar og haldin fræðsluerindi og var í leiðinni fjáröflunarsamkoma. Skimunarátakið er nú þegar farið af stað. Söfnunin stendur undir kostnaðarluta sjúklings en Heilbrigðisstofnunin gefur vinnuna við speglanirnar. Þetta átak og söfnun hefur vakið mikla athygli og verið gert skil á N4 og einnig í fréttum RUV. Formaður var boðinn á fund með Kiwanis og kynnti þar speglunartækin og starfsemi Krabbameinsfélags Skagafjarðar. Viðruð hefur verið sú hugmynd við Kiwanis-félaga að liðsmaður þeirra komi í stjórn Krabbameinsfélagsins og því verið vel tekið en ekki enn frágengið.

Þorsteinn Þorsteinsson.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis



Stofnað: 21. nóvember 1952. Félagsmenn: 1.360.
Þjónustuskrifstofa er á Glerárgötu 24, 600 Akureyri.
Opið er mánudaga og þriðjudaga kl. 13-16.
Viðtaltímar við hjúkrunarfræðing eftir samkomulagi.
Sími 461 1470. Netfang kaon@simnet.is.
Framkvæmdastjóri: Þorbjörg Ingvadóttir.
Stuðningshópur: Norðankraftur.

Stjórn kosin á aðalfundi 2014:

Formaður: Hlíf Guðmundsdóttir, Illugastöðum, 601 Akureyri 462 2699 hlif@est.is
Varaformaður: Friðrik Vagn Guðjónsson, Dalsgerði 4a, 600 Akureyri
Ritari: Klara Arnbjörnsdóttir, Ólafsvægi 34, 625 Ólafsfirði
Gjaldkeri: Jón Þ. Óskarsson, Illugastöðum, 601 Akureyri
Meðstjórnandi: Anna Ólafsdóttir
Meðstjórnandi: Guðbjörg Antonsdóttir, Skíðabraut 17, 620 Dalvík
Meðstjórnandi: Hólmfríður Kristjánsdóttir, Eyrarlandsvegi 20, 600 Ak.
Meðstjórnandi: Lilja Sverrisdóttir, Gullbrekku, 601 Akureyri
Meðstjórnandi: Sigríður Jónsdóttir, Bergi, Svalbarðsströnd, 601 Akureyri

Starfsemi 2014

Skrifstofan er í leiguhúsnæði að Glerárgötu 24 á Akureyri og er opin mánudaga og þriðjudaga frá kl. 13 til 16, auk þess sem boðið er uppá viðtaltíma utan opnunartíma á skrifstofunni. Simatími er alla miðvikudaga frá kl. 10-12. Starfsmenn eru þrír og skipta á milli sín 90% stöðu. Þorbjörg Ingvadóttir framkvæmdastjóri, Jóhanna Júlíusdóttir hjúkrunarfræðingur og Halldóra Björg Sævarsdóttir textílkennari, auk þess sem Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari starfar í nánum tengslum við félagið.

Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 20. maí 2014. Stjórn lagði fram tillögu um að árgjald til félagsins yrði óbreytt frá síðasta ári, eða 3.000 kr. og var sú tillaga samþykkt. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins að þessu sinni. Stjórnin hélt fimm bókaða stjórnarfundum á árinu 2014.

Samskipti við Krabbameinsfélag Íslands. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 10. maí og fulltrúi Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis á þeim fundi var Friðrik Vagn Guðjónsson auk þess sem Jóhanna Júlíusdóttir og Halldóra Björg Sævarsdóttir sátu fundinn. Formannafundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn á Akureyri 4. október og sá Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis um alla umgjörð er varðaði fundinn. Starfsmenn sóttu tvo samráðsfundi starfsmanna svæðaskrifstofa Krabbameinsfélagsins.

Starfsemin. Mjög öflug starfsemi er rekin á vegum og í tengslum við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Skráðar heimsóknir á skrifstofu félagsins á árinu 2014 eru 465. Þetta eru að langmestu leyti einstaklingar sem sækja Opið handavinnuhús, slökun, jóga og liðkandi æfingar auk fræðslufunda sem haldnir eru á vegum félagsins. Má þar t.d. nefna námskeiðið Gott útlit betri líðan, heilsuréttarnámskeiðið Sætt án samviskubits, námskeið í orkeringu o.fl. Í hverri viku sækja á u.þ.b. 20 einstaklingar samveru á Keramikloftinu, og skráð viðtöl (bæði komur á skrifstofu og símaviðtöl) eru skráð 114 á árinu. Kostnaður félagsins vegna aukinnar starfsemi og stuðnings við krabbameinsgreinda og fjölskyldur þeirra hefur aukist verulega á milli árána 2013 og 2014 og munar þar tæplega 1.000.000 kr. á milli ára. Greiðsla vegna dvalarkostnaðar sjúklinga í íbúðum Krabbameinsfélagsins hefur líka aukist verulega milli ára og er nú rétt tæplega ein milljón króna miðað við rúmlega 400.000 kr. árið 2013.

Fræðsla/fundir o.fl. Starfsmenn sinna ýmis konar fræðslu sem tengist forvörnum, stuðningi og kynningu á starfsemi félagsins, bæði til hópa og einstaklinga.

Endurhæfing. Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari hefur boðið bæði krabbameinssjúkum og langveikum upp á ókeypis hugleiðslu og slökun alla þriðjudaga í húsnæði félagsins, auk þess að vera með vatnsleikfimi í innilaug Sundlaugar Akureyrar, styrktarþjálfun fyrir hópa í Eflingu og einstaklingsþjálfun, viðtöl og ráðleggingar.

Opið handavinnuhús er í boði alla fimmtudaga frá kl. 13-17 og hefur verið mjög vel sótt. Umsjón hefur Halldóra Björg Sævarsdóttur textílkennari og er boðið upp á samveru þar sem fólk getur komið með handavinnu og spjallað saman yfir kaffibolla. Auk þess sem sérstök fræðsla um valin verkefni hefur verið nokkrum sinnum í vetur í tengslum við Opna húsið.

Keramikloftið og Punkturinn. Á hverjum miðvikudegi frá kl. 13-18 hittist fólk á Keramikloftinu. Þar er hægt að vinna með gler, mosaik, keramik o.fl. Þessi samvera hefur gefist vel og hefur verið mjög vel sótt. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur stutt við þessa starfsemi með ýmsu móti frá byrjun. Á Punktinum getur fólk komið alla fimmtudagsmorgna og nýtt þá aðstoðu sem þar er í boði og fengið aðstoð og leiðbeiningar t.d. við saumaskap, útskurð, bókband o.m.fl.

Viðtöl og stuðningur við skjólstaðinga. Skráð viðtöl og símtöl eru 114. Starfsmenn hafa frá árinu 1998 haldið utan um fjölda viðtala á skrifstofunni.

Stómasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.

Líf og loft eru samtök lungnasjúklinga. Þau hafa fundað í húsnæði okkar.

Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Um áramótin 2014/15 höfðu félaginu borist reikningar vegna dvalar í íbúðum Krabbameinsfélagsins vegna 533 gistinátta. Hver sólarhringur kostar 1.850 kr. og greiddi félagið fyrri hluta ársins 75% af hverjum reikningi, en á haustdögum ákvað stjórn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis að greiða þessa reikninga að fullu.

Tekjur og fjáraflanir. Helstu tekjur félagsins fyrir utan rekstarstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands sem greiðir helming af launum starfsmanna og verkefnisstyrk sem gerir okkur kleift m.a. að halda námskeið fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur, eru félagsgjöldin og styrkir sem félaginu bárust frá félagasamtökum og einstaklingum á árinu. Sem dæmi má nefna að Félag matreiðslumeistara á Norðurlandi var með hátíðarkvöldverð á Hótel KEA í október, þar sem fyrirtæki á svæðinu keyptu miða og buðu síðan útvöldum. Annað dæmi er fjáröflunarsamkoma sem tengdist Dömulögum dekurdögum á Icelandair hóteli í lok október. Sú velvild og sá stuðningur sem allir þessir fjölmörgu aðilar sýna okkur er ómetanlegur og gerir okkur kleift að styðja á margvíslegan hátt við bakið á þeim íbúum á okkar félagssvæði sem greinast með krabbamein. Öllum þessum aðilum færum við innilega þakkir. Án þessa stuðnings væri þetta ekki mögulegt.

Húsnæði. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur í mörg ár leigt 110 fermetra húsnæði að Glerárgötu 24. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og salurinn okkar rúmar nú um 25-30 manns í sæti, auk þess sem rýminu er skipt þannig að auðvelt er að eiga notarlegt spjall við einstaklinga á fleiri en einum stað og segja má að vel hafi tekist til með endurbætur.

Samskipti við fjölmiðla. Starfsmenn hafa átt mjög góð samskipti við fjölmiðla á félagssvæðinu og hafa bæði birst viðtöl í Dagblöðum og tímaritum, auk þess sem allir starfsmenn hafa komið oftast en einu sinni í sjónvarpsviðtöl vegna ýmissa viðburða sem tengjast t.d. starfsemi félagsins auk þess að vekja athygli á ýmsu sem hefur verið ofarlega á baugi í almennri umræðu í þjóðfélaginu. N4 sjónvarp hefur verið okkur sérlega vinsamlegt með að kynna starfsemi okkar og koma til móts við kostnað vegna auglýsinga t.d. í Sjónvarpsdagskránni. Færum við þeim bestu þakkir fyrir.

Þorbjörg Ingvadóttir.

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga



Stofnað: 22. ágúst 1968.

Félagsmenn: Um 400.

Stuðningshópur: Birta

Stjórn 2013:

Formaður: Jóhanna Björnsdóttir, Sólbrekku 7, 640 Húsavík 862 8792 j.bjornsd@gmail.com
Ritari: Halla Lovísa Loftsdóttir, Álftanesi, 641 Húsavík
Gjaldkeri: Edda Björg Sverrisdóttir, Laugarholti 7, 640 Húsavík
Meðstjórnandi: Erla Sigurðardóttir, Höfðavegi 22, 640 Húsavík
Meðstjórnandi: Gunnlaug María Eiðsdóttir, Heiðargerði 4, 640 Húsavík
Meðstjórnandi: Ingigerður Arnljótsdóttir, Gautlöndum, 660 Mývatni

Starfsemi 2014-2015

Segja má að starfsemi Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga hafi verið með hefðbundnum hætti síðastliðið starfsár. Haustið hófst með sölu á ýmsum varningi merkt Krabbameinsfélaginu til ágóða fyrir félagið. Einnig stendur félagið fyrir sölu á minningarkortum þar sem ágóðinn rennur óskiptur til Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga. Í október stóð félagið fyrir því að hvetja fyrirtæki og stofnanir að lýsa byggingar sínar bleikar, og í framhaldi af því boðum við þingeyiskum konum í „Bleikt boð“ á Húsavík. Í þessum boðum okkar fáum við góða fyrirlesara, fyrirtæki á svæðinu er með kynningu á sínum varningi eða starfsemi og síðast en ekki síst er gott skemmtiatriði með í farteskinu. Að þessu sinni var Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir með fyrirlestur um konur og krabbamein með áherslu á leghálskrabbamein. Friðbjörn hefur áður verið með fyrirlestur hjá félaginu og fær mikið lof fyrir og viljum við þakka honum fyrir gott og óeigingjarnt starf. Þannig hefur hist á að það hefur skolið á óveður þegar við höfum haldið þessi boð okkar og hefur Friðbjörn lagt mikið á sig að keyra yfir Víkurskarðið í óveðri og leiðindafærð.

Snyrtistofan á staðnum var með kynningu á vörum sem hjálpa til við að ná heilbrigðari og þéttari augnhárum og augnbrúnum sem skiptir konur máli í krabbameinsmeðferð. Í lokin var boðið upp á veitingar og ljúfa tóna.

Eftir áramótin hefur starfsemin verið í lágmarki og stjórnast það meðal annars af því að við erum með þessi „boð“ (bleikt boð fyrir konur og blátt boð fyrir karla) annað hvert ár og þá er starfsemin mjög virk.

Stjórn félagsins er óbreytt frá síðasta starfsári.

Jóhanna Björnsdóttir.

Krabbameinsfélag Norðausturlands



Stofnað: 18. ágúst 1970, endurvakið 2. maí 2006.

Félagsmenn: Um 85.

Stjórn kosin á aðalfundi 16. mars 2014:

Formaður: Stefanía V. Gísladóttir, Boðagerði 9, 670 Kópaskeri 866 2977 disagisla@islandia.is
Ritari: Gréta Bergún Jóhannesd., Fjarðarvegi 43, 680 Þórshöfn
Gjaldkeri: María Hermundardóttir, Ekrugötu 4, 670 Kópaskeri
Meðstjórnandi: Bjarney Hermundardóttir, Tunguseli, 681 Þórshöfn
Meðstjórnandi: Guðrún M. Sigurjónsdóttir, Höfða, 675 Raufarhöfn

Starfsemi 2014

Starfsemi félagsins hefur að mestu leyti verið bundin við sölu minningarkorta og merkjasölu á starfssvæði félagsins. Minningarkort Krabbameinsfélagsins eru auglýst í auglýsingablaðinu Skeglunni, sem dreift er á starfssvæði okkar, þar er vakin athygli á félaginu og bent á Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Haldnir voru kynningarfundir á Þórshöfn og á Kópaskeri. Formaður og gjaldkeri sóttu aðalfund og formannafund Krabbameinsfélags Íslands.

Stefanía V. Gísladóttir.

Krabbameinsfélag Austurlands



Stofnað: 20. apríl 1970. Félagsmenn: 154.

Þjónustuskrifstofa að Búðareyri 15 á Reyðarfirði, rekin í samvinnu við

Krabbameinsfélag Austfjarða, er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.

Sími 474 1530, netfang kraus@simnet.is, vefsíða krabb.is/austur

Starfsmaður: Tinna Hrönn Smáradóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 30. apríl 2015:

Formaður:	Alfred Steinar Rafnsson, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	847 2524	alfred.steinar@gmail.com
Gjaldkeri:	Kristjana Björnsd., Bakkavegi 1, 720 Borgarfirði eystra	893 5211	kristbj.skima@simnet.is
Ritari:	Jóna Björg Sveinsdóttir, Geitlandi, 720 Borgarfirði eystra	862 7865	jonasb@ismennt.is
Meðstjórnandi:	Ásdís Sigurjónsdóttir, Stekkjartröð 10, 700 Egilsstöðum	824 3920	asdiss@simnet.is
Meðstjórnandi:	Karólína S. Ingvarsdóttir, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	824 3920	kain@mi.is

Starfsemi 2014-2015

Á aðalfundi Krabbameinsfélags Austurlands 2014 var stjórn félagsins falið að hefja viðræður við Starfsendurhæfingu Austurlands (StarfA) um samstarf og námskeiðahald fyrir skjólstæðinga félagsins.

Mikil þörf er á aðstoð við krabbameinsgreinda einstaklinga og fjölskyldur þeirra á svæði félagsins, en ýmis vandamál hafa orðið þess valdandi að ekki hefur tekist að þjóna þessu fólki sem skyldi og má til dæmis nefna eftirfarandi: 1. Mikill kostnaður er í því fölginn að fá aðkeypta þjónustu af höfuðborgarsvæðinu og ekki alltaf til reiðu þegar leitast hefur verið eftir því. 2. Svæði félagsins tekur yfir stórt svæði og því getur komið upp sú staða að auglýst námskeið nái ekki nægjanlegum fjölda vegna samgönguerfiðleika á svæðinu. 3. Mikil þörf er á því að komið sé upp aðstöðu fyrir skjólstæðinga félagsins, óháð því hvort námskeið eða endurhæfing standi yfir. Það var álit stjórnar að útvega þyrfti húsnæði þar sem skjólstæðingar félagsins geti komið saman og rætt sín mál í huggulegu og þægilegu umhverfi. Með hliðsjón af því sem sett var fram hér að framan hefur stjórn Krabbameinsfélags Austurlands gert samstarfsamning við StarfA sem felur í sér að skjólstæðingar félagsins hafa aðgang af öllum þeim námskeiðum sem Starfsendurhæfingin rekur og skjólstæðingar félagsins kjósa sér. Undirbúningur að starfsemi er þegar hafinn og búið að festa húsnæði fyrir starfsemi og stefnt er af því að formleg opnun verði 1. ágúst næstkomandi. Það er skoðun félagsins og StarfA að þörf sé á samstarfi við önnur félög sem eru á félagsvæðinu og hafa einnig á stefnuskrá sinni að aðstoða sína félagsmenn hver svo sem sjúkdómurinn er. Öll eiga þessi félög sameiginlegt að fjárskortur hamlar því að geta þjónað sínum félagsmönnum eins og þau vildu gera, en með samstarfi þessara félaga má ná saman sterkri heild sem kemur öllum til góða. Nú þegar hafa farið fram óformlegar viðræður við önnur félög varðandi þessi mál sem kynnt verða. Allir þeir sem rætt hefur verið við eru sammála um að sameinaðir stöndum við, en sundraðir föllum við. Rétt er að geta þess að þegar Oddfellow-reglan frétti af fyrirhuguðu verkefni ákvað kvennadeild reglunnar að færa félaginu að gjöf fartölvu til notkunar í væntanlegri aðstöðu félagsins.

Á formannafundi krabbameinsfélaganna á Akureyri í fyrrahaust kom það skýrt fram hjá gjaldkera Krabbameinsfélags Íslands og formanni úthlutunarnefndar velunnarasjóðsins, Sigurði P. Sigmundssyni, að hann

vildi gjarnan sjá nýjungar í umsóknum í velunnarsjóðinn. Í trausti þess að þessi skoðun sé enn í fullu gildi hefur verið sótt um styrk fyrir þetta tilraunaverkefni til sjóðsins.

Krabbameinsfélag Austurlands er í samstarfi við Krabbameinsfélag Austfjarða um rekstur þjónustuskrifstofu á Reyðarfirði. Helstu útgjaldaliðir félagsins til þessa hefur verið hlutdeild í kostnaði við skrifstofuna á Reyðarfirði og fjárhagsaðstoð við sjúklinga vegna dvalar í Reykjavík meðan á meðferð stendur.

Skráðir félagar í Krabbameinsfélagi Austurlands voru um síðustu áramót 154. Gera þarf gangskör að því að fjölga félögum.

Alfred Steinar Rafnsson.

Krabbameinsfélag Austfjarða



Stofnað: 21. apríl 1970. Félagsmenn: Um 480.

Þjónustuskrifstofan að Búðareyri 15 á Reyðarfirði er rekin í samvinnu við Krabbameinsfélag Austurlands og er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13. Sími 474 1530. Vetrarstarf fer fram í Virknimiðstöðinni að Austurvegi 29 á Reyðarfirði.

Netfang kraus@simnet.is

Starfsmaður: Tinna Hrönn Smáradóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2015:

Formaður: Jóhann Sæberg Helgason, Heiðarvegi 20, 730 Reyðarfirði 840 7212 johann@launafl.is

Ritari: Solveig Friðriksdóttir, Hólalandi 18, 755 Stöðvarfirði

Gjaldkeri: Jörunn Valdimarsdóttir, Sunnugerði 18, 730 Reyðarfirði

Meðstjórnandi: Anna Þóra Árnadóttir, Blómsturvöllum 1a, 740 Neskaupstað

Meðstjórnandi: Anna R. Gunnarsdóttir, Stekkjargrund 6, 730 Reyðarfirði

Meðstjórnandi: Iðunn Geirsdóttir, Hjallavegi 4, 730 Reyðarfirði

Meðstjórnandi: Rafnkell Gíslason, Valsmýri 6, 740 Neskaupstað

Starfsemi 2014

Aðalfundur var haldinn í Safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju 29. apríl 2014. Stjórn félagsins hélt óbreytt nema að því leyti að Anna Ragnheiður Gunnarsdóttir tók við stöðu gjaldkera og Iðunn Geirsdóttir sem hafði verið gjaldkeri tók við af Önnu sem meðstjórnandi.

Þjónustuskrifstofa: Í janúar hóf Tinna Hrönn Smáradóttir störf hjá félaginu í 50% stöðu sem felur í sér þjónustu við félagsmenn eins og verið hefur en aukin prósentu felur í sér að koma á fót og sinna virknimiðstöð sem markmiðið var að koma á koppinn. Talsvert var fundað með fleiri aðilum um samstarf á þessum velli en þær viðræður fjöruðu út og þegar líða tók að hausti tók félagið af skarið og hóf leit að húsnæði. Í haust kom svo upp óvænt tækifæri þegar félaginu bauðst að fá afnot af húsnæði farfluglaheimilisins Hjá Marlín sem er staðsett í fyrirverandi Húsgagnaversluninni Hólum við Austurveg á Reyðarfirði. Afnot af húsnæðinu eru félaginu að kostnaðarlausu og vill Marlín þannig styrkja félagið og má segja að þessi styrkur sé ómetanlegur og kunnum við Marlín bestu þakkir fyrir hennar framlag. Miðstöðin var opnuð formlega þann 30. nóvember 2014 þar sem um 30 manns mættu.

Opið hús er haldið annan þriðjudag í mánuði og hefur verið reynt að brydda uppá mismunandi umræðum og viðburðum. Einnig hefur virknimiðstöðin verið opin alla fimmtudaga kl.14-17.

Söfnunarátök: Mottumars gekk í garð með samkomu Hárstofu Sigríðar og Staupasteins á Reyðarfirði þar sem m.a. var haldið uppboð þar sem ágóðinn rann til félagsins, við vorum með sölubás þar sem voru til sölu t.d. mottuherðatré, mottuhálsslaufur, skeggþinnar og fleira. Sömu aðilar héldu aftur konukvöld í október til styrktar félaginu þar sem var haldið uppboð á munum sem listamenn höfðu gefið til styrktar málefnum og

runnu upphæðirnar óskiptar til félagsins. Einnig voru farnar hefðbundnar leiðir í sölu á skeggpinnum í mars og haustsölunni.

Vinir Jóa: Í febrúar í fyrra tók félagið þátt í söfnun þar sem nokkrir einstaklingar sem kölluðu sig „Vinir Jóa“ tóku sig saman og söfnuðu styrkjum til þess að kaupa rafskutlu fyrir góðan féлага sem vegna alvarlegra veikinda sinna hafði einangrast og komst ekki ferða sinna. Það tókst á ótrúlega stuttum tíma og innan við mánuð frá því að hugmyndin kviknaði var búið að safna fyrir og afhenda skutluna við mikla gleði Jóhannesar féлага okkar sem féll frá í haust. Þetta dæmi sýnir grannt velviljann í samfélaginu okkar og er virkilega gaman að geta tekið þátt í svona verkefnum.

Hvíldarhelgin á Eiðum var skipulögð í þaula með glæsilegri dagskrá, en vegna lélegrar þátttöku var sú ákvörðun tekin að blása hvíldarhelgina af og reyna aftur að ári.

Styrkir til einstaklinga: Sem fyrr hefur félagið styrkt einstaklinga sem hafa fengið afnot af íbúðunum á Rauðarárstíg og gist á Sjúkrahótelinu. Það er dýrt að verða veikur á Íslandi og það sjáum við vel, þess vegna er starf félagsins okkar gríðarlega mikilvægt til að geta létt undir með fólki fjárhagslega og hefur það aukist.

Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum: Við finnum fyrir mikilli velvild í garð félagsins og erum við afar þakklát fyrir það. Margir einstaklingar, félög og fyrirtæki hafa lagt okkur lið og má þar helst nefna Hárstofu Sigríðar og Staupastein varðandi konukvöldin, Tónleikafélag Reyðarfjarðar sem hélt flotta söngvarakeppni sem styrkt var af ýmsum fyrirtækjum og fékk félagið ágóðann sem var 400 þúsund krónur, Sesam brauðhús seldi bleikar bollakökur í október og runnu 100 krónur af hverri bollaköku til félagsins, upphæðin varð 125.200 krónur sem þýðir að 1.252 bleikar bollakökur seldust, Kvenfélag Reyðarfjarðar afhenti 150 þúsund krónur sem notaðar voru til að kaupa skjávarpa sem mun nýtast vel. Fjöldi annarra einstaklinga og fyrirtækja styrktu félagið með peningagjöfum, sem seint verður þakkað til fullnustu og virkar sem hvatning fyrir okkur að halda áfram okkar góða starfi og gera enn betur!

Tinna Hrönn Smáradóttir.

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað: 21. apríl 1970 (endurvakið 1. október 2002).
Félagsmenn: 150.



Stjórn:

Formaður: Ester Þorvaldsdóttir, Hólabraut 2, 780 Höfn 478 2040 ester@hssa.is
Gjaldkeri: Ólöf Óladóttir, Austurbraut 19, 780 Höfn
Ritari: Eyrún Axelsdóttir, Silfurbraut 35, 780 Höfn
Meðstjórnandi: Hjálmar Jens Sigurðsson, Hrísbraut 12, 780 Höfn
Meðstjórnandi: Þórhildur G. Kristjánsdóttir, Svalbaði 5, 780 Höfn

Starfsemi 2014-2015

Félagið er með eigin minningarkort og tekur þátt í almennri vor- og haustfjáröflun á vegum Krabbameinsfélags Íslands og aðildarféлага. Ávallt vel tekið á móti fólki þegar fjáraflanir eru í gangi. Veittir hafa verið styrkir til einstaklinga. Greiðir félagið jafnframt leiguhluta einstaklinga í krabbameinsmeðferð, hvort sem dvalið er í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða gist á Sjúkrahótelinu meðferðardagana.

Góð mæting er á fræðslufundi sem félagið stendur fyrir. Í tilefni af mottumars 2014 var haldið fræðslu og karlakovöld í Pakkhúsinu við mjög góðar undirtektir þar sem Teitur Guðmundsson læknir hélt fyrirlestur um karlmenn og karlaheilsu, „Stakir jakar“ fluttu nokkur hressileg lög og Hjálmar Jens Sigurðsson sjúkrahjálfari kynnti teygjuæfingar. Í október 2014, bleika mánuðinum, var haldið fræðslu- og kvennaovöld í Pakkhúsinu á vegum félagsins þar sem Teitur Guðmundsson læknir hélt fyrirlestur um kvennaheilsu, Margrét Gauja Magnúsdóttir fór með örræðu og Matthildur Ásmundardóttir sjúkrahjálfari fór yfir réttar líkamsstillingar og

slökunaræfingar. Í tilefni af Mottumars 2015 var haldið fræðslu- og karlakvöld á Hótel Höfn þar sem Ágúst Óskar Gústafsson heimilislæknir flutti fræðsluerindi um karla og krabbamein með áherslu á ristilkrabbamein. Tónlistaratriði voru flutt, Auðunn Helgason fótboltaþjálfari flutti erindi. Mæting var mjög góð.

Í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur, þar sem Ingibjörg K Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur handleiddi með námsefni, var haldið hér í febrúar og mars 2015 reykleysisnámskeið fyrir fyrirtæki á staðnum. Gafst þetta fyrirkomulag mjög vel og er vonandi komið til með að vera.

Gott samstarf er á milli Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands og félagsins, með áherslu á forvarnir og fræðslu.

Ester Þorvaldsdóttir.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. maí 1971

(endurvakið 22. nóvember 2004 og aftur 5. maí 2009).

Stjórn kosin á aðalfundi 2. apríl 2013:

Formaður: Rannveig Bjarnadóttir, Skaftárvöllum 8, 880 Kirkjub.kl. 865 7387 reb@simnet.is

Meðstjórnandi: Sigurður Elías Guðmundsson, Sunnubraut 8, 870 Vík

Gjaldkeri: Sigríður Dórothea Árnadóttir, Sigtúni 4, 870 Vík

Ritari: Margrét Einarsdóttir, Mörk, 880 Kirkjubæjarklaustri

Meðstjórnandi: Ingvar Jóhannesson, Höfðabrekku, 871 Vík

Starfsemi 2014-2015

Félagasamtök svo og einstaklingar hafa verið einstaklega velviljaðir félaginu. Hafa því borist höfðinglegar peningaupphæðir og minningagjafir. Hver sá sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda og sækir um til félagsins fær styrk til endurgreiðslu á húsnæði á meðan á dvöl sjúklinga og aðstandenda stendur.

Lítið hefur verið um formlega fundi en við sjáum ekki annað en það sé þörf fyrir slíkan félagsskap sem þennan og munum halda áfram að byggja upp félagið.

Rannveig Bjarnadóttir.

Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu

Stofnað: 7. maí 1971 (endurvakið 15. apríl 1993).

Félagsmenn: Um 105.

Stjórn kosin 2012:

Formaður: Ólöf Árnadóttir, Bolöldu 2, 850 Hellu 615 4606 olof@hsu.is

Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir, Kambi, 851 Hellu

Meðstjórnandi: Guðríður Bjarnadóttir, Þrúðvangi 27, 850 Hellu

Meðstjórnandi: Lilja Einarsdóttir, Krókatúni 5, 860 Hvolsvelli

Meðstjórnandi: Sóley Ástvaldsdóttir, Stóragerði 9, 860 Hvolsvelli

Starfsemi 2014-2015

Starfsemin var að mestu leyti hefðbundin. Sala minningarkorta og önnur sala gekk vel. Formaður hefur heimsótt fólk sem greinst hefur með krabbamein og félagið hefur greitt fyrir dvöl í íbúðunum í Reykjavík.

Ólöf Árnadóttir.



Krabbameinsfélag Árnessýslu



Stofnað: 29. maí 1971. Félagsmenn: Um 300.
Þjónustuskrifstofa: Eyrarvegi 23 á Selfossi, opin á fimmtudögum kl. 13-16.
Starfsmaður: Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir.
Sími: 788 0300. Netfang: arnessysla@krabb.is
Stuðningshópur: Bandið.

Stjórn kosin á aðalfundi 7. apríl 2014:

Formaður: Ingunn Stefánsdóttir, Fossi IV, 800 Selfossi 862 3411 ingunn@heilsustofnun.is
Varaformaður: Eygló Aðalsteinsdóttir
Ritari: Rannveig Ingvadóttir, Hveraferði
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannesdóttir
Meðstjórnandi: Sigríður Guðnadóttir
Meðstjórnandi: Sigrún Ásgeirsdóttir
Meðstjórnandi: Sigurbjörg Jónsdóttir

Starfsemi 2014-2015

Þjónustuskrifstofan hefur verið opin í þrjár klukkustundir á viku, á fimmtudögum kl. 13-16. Meira er haft samband í gegnum síma, tölvupóst eða á förnunum vegi. Samtals voru skráð 217 samtöl.

Félagið tók þátt bæði í haustsöluinni, þar sem seldir voru pennar og spil, og í marssöluinni þar sem seldur var gamall varningur og bílaseglar. Tókst haustsalan mjög vel.

Selfoskirkja, Landsbankinn á Selfossi og Hraungerðiskirkja í Flóahrepp voru lýst upp bleik í október.

Sjálfhjálparhópurinn Bandið hittist fyrsta þriðjudagskvöld í mánuði. Sálfræðingur leiddi fund í september og mataræði var tekið fyrir í október. Í nóvember ræddi hjúkrunarfræðingur um svefnvenjur og hvað er til ráða til að bæta svefninn. Jólasaga var lesin í desember.

Eftir áramótin var farið í samstarf við Árneseingadeild Rauða krossins og stofnaður hópur sem nefnist Brosið sem er með opið hús á fimmtudögum milli kl. 13-16. Ýmislegt verður í boði þar svo sem fyrirlestrar, handverk og sýnikennsla, Ham-námskeið og fl.

Í marsmánuði urðu starfmannabreytingar og lét Rannveig Árnadóttir af störfum en Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir hóf störf.

Rannveig Árnadóttir.

Krabbavörn Vestmannaeyjum



Stofnað: 25. apríl 1949 (endurvakið 3. maí 1990). Félagsmenn: 250.
Stuðningshópur: Eyjarós. Skrifstofa félagsins er opin á þriðjudögum kl. 13-15.
Starfsmaður er Guðbjörg Erla Ragnarsdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 22. febrúar 2015:

Formaður: Ester Ólafsdóttir, Áshamri 12, 900 Vestmannaeyjum 867 2218 baddie@simnet.is
Varaformaður: Margrét Grímlaug Kristjánsdóttir
Ritari: Dóra Björk Gústafsdóttir
Gjaldkeri: Sigríður Garðarsdóttir
Meðstjórnandi: Karólína Jósefsdóttir
Meðstjórnandi: Sigríður Ágústa Þórarinsdóttir

Starfsemi 2014-2015

Skrifstofan er opin alla þriðjudaga kl.13:00-15.00 og er hún að festa sig í sessi, alltaf kíkja einhverjir við. Magga og Ester eru þar í sjálfboðavinnu, en Guðbjörg Erla sem var þar starfsmaður dró sig í hlé í bili vegna veikinda.

Fyrsta fimmtudag í mánuði höfum við opinn fund þar sem gott meðlæti er í boði sem við gerum sjálfar. Hafdís Kristjánsdóttir jógakennari var með fyrirlestur um meðvirkni og jákvæðni. Fórum á karlakvöld hjá Hjólbardastofu Vestmannaeyja þar sem okkur var afhent peningagjöf. Þar hér í Eyjum sem gifti sig eftir áralanga sambúð það gesti í brúðkaupsveislunni að í stað gjafa léti fólk af hendi rakna peningagjöf til Krabbavarnar. Eldri maður gaf stórgjöf til minningar um látna eignkonu sína. Handboltalið kvenna og karla gáfu ágóða af innkomu á handboltaleik. Ung stúlka tók þátt í Reykjavíkumaraþoni með áheitum á Krabbavörn. Tvær ungar stúlkur gáfu ágóða af blaðaútgáfu. Sjötindaganga og áramótaganga safnaði fjármunum. Tvær konur gáfu út dagatal og seldu. Vinur okkar er að ganga Jakops-veginn og safnar áheitum á Krabbavörn. BK-gler selur boli, svuntur og könnur fyrir okkur. Septembersalan gekk mjög vel, það var bleikur bær í október og Mottumars flottur, flaggað fánum víða í bænum.

Gáfum eina milljón króna til Kvenfélagsins Líknar til kaupa á röntgentæki fyrir Heilbrigðisstofnunina. Einnig 500 þúsund krónur í íbúðirnar sem fólkið okkar notar mjög mikið.

Ester Ólafsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðurnesja



Stofnað: 15. nóvember 1953. Félagsmenn: Um 915.

Starfsmaður: Sigrún Ólafsdóttir. Stuðningshópur: Sunnan 5.

Skrifstofan að Smiðjuvöllum 8 er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12-16.

Stjórn kosin á aðalfundi 16. apríl 2015:

Formaður: Guðmundur Björnsson, Óðinsvöllum 14, 230 Reykjanesbæ 662 6989 gudmbj@internet.is

Ritari: Friðfinnur Skaftason, Suðurvöllum 8, 230 Reykjanesbæ

Gjaldkeri: Grétar Grétarsson, Heiðarbóli 39, 230 Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Ása V. Einarsdóttir, Baugholti 8, Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Jón Axelsson, Nónvörðu 11, 230 Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Ómar Steindórsson, Baugholti 9, 230 Reykjanesbæ

Meðstjórnandi: Þórunn Benediksdóttir, Freyjuvöllum 6, 230 Reykjanesbæ

Starfsemi 2014-2015

Skrifstofa félagsins er opin þriðjudaga og fimmtudaga kl 12-16 auk þess sem boðið er upp á viðtalstíma utan vinnutíma. Starfsmaðurinn, Sigrún Ólafsdóttir, er í 40% starfi. Stjórnarfundir á tímabilinu voru tíu. Aðalfundur félagsins var haldinn 16. apríl 2015 og var með hefðbundnu sniði. Halldór Jónsson jr. bæklunar-skurðlæknir flutti erindi um krabbamein í stoðkerfi.

Frá aðalfundi 2014 hefur orðið talsverð aukning á starfsemi félagsins og félögum hefur fjölgað umtalsvert. Eftir sumarfrí var hafist handa við að skipuleggja vetrarstarfið og undirbúa viðburði í október, bleika mánuðinum. Eins og áður hafa verið fastir fundir einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann þar sem við höfum fengið áhugaverða fyrirlesara til okkar.

Í september fór fram haustsala krabbameinsfélaganna. Við tókum þátt í því og eins og ávallt þegar við erum með fjáröflun notum við tækifærið og öflum nýrra félaga.

Í október var eins og undanfarin ár áherslan á konur og krabbamein og var ýmislegt um að vera. Fyrstu bleiku slaufuna fékk Helga Björk Steinþórsdóttir afhenta sem þakklæti fyrir gott starf fyrir félagið okkar. Margar byggingar voru lýstar bleikar og m.a. allar kirkjurnar á Suðurnesjum. Sunnudaginn 26. október var

haldin bleik kvöldmessa í Keflavíkirkirkju tileinkuð konum og krabbameinum. Þar voru konur í aðalhlutverkum með reynslusögu, ritningalestri og söng. Mánudaginn 3. nóvember var farin bleik ljósaganga sem var hugsuð fyrir alla fjölskylduna. Gengið var frá Holtaskóla að skógræktinni í Vatnsholti þar sem boðið var upp á heitt súkkulaði, kex og sögustund við varðeld. Ævar Þór Benediktsson las úr hinni frábæru bók sinni „Þín eigin þjóðsaga“. Vel var mætt og veðrið var eins og best var á kosið. Ungliðar úr Björgunarsveitinni Suðurnes aðstoðuðu okkur við að klippa niður bleika filmu á ljósin og útteildu súkkulaði og kexi. Með þessari göngu lukum við árlegu árvekníataki varðandi krabbamein hjá konum.

Í marsfjáröfluninni seldum við heimagerða sultu merktá skeggmottu og félagsmerkinu okkar og vörur frá Raven design, kynntum félagið og öfluðum nýrra félaga. Sunnudaginn 22. mars var haldin blá kvöldmessa í Keflavíkirkirkju tileinkuð körlum og krabbameinum og nú voru það karlar sem voru í aðalhlutverkum með frásögn, lestri og söng. Í mars var Keflavíkirkirkja lýst blá eins og í fyrra og einnig lýsti HS Orka sínar byggingar bláar til að minna á Mottumars körlum til heiðurs.

Nú á vormánuðum voru haldin tvö námskeið á vegum félagsins, annars vegar námskeið í hugrænni atferlismeðferð og hins vegar námskeið í qigong. Fullt var á bæði námskeiðin. Áfram fá þeir sem greinst hafa með krabbamein frítt í jóga í Om-setrinu og á haustmánuðum náðum við að bæta við veigamiklum þætti í þá þjónustu sem við höfum getað veitt krabbameinssjúkum hér á svæðinu með því að ganga frá samkomulagi við lögfræðistofu Suðurnesja um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir okkar skjólstaðinga sem á því þurfa að halda.

Sigrún Ólafsdóttir.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar

Stofnað: 10. apríl 1949.

Félagsmenn: Um 480.

Netfang: krabb@isl.is

Vefsíða: www.krabb.is/hafnarfjordur

Stjórn kosin á aðalfundi 15. apríl 2015:

Formaður: Anna Borg Harðardóttir, Skipalóni 18, 220 Hafnarfirði 664 5851 annaborg@hafnarfjordur.is

Varaformaður: Hafrún Dóra Júlíusdóttir

Gjaldkeri: Jón Auðunn Jónsson, Klausturhvammi 9, 220 Hafnarfirði

Meðstjórnandi: Una Björk Harðardóttir, Lækjargötu 30, 220 Hafnarfirði

Meðstjórnandi: Gunnar Þór Jónsson

Meðstjórnandi: Magnús Gunnarsson

Meðstjórnandi: Ása Karin Hólm

Starfsemi 2014-2015

Á síðasta starfsári voru haldnir fimm stjórnarfundir á milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Fundirnir voru haldnir í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu og á Skipalóni 18. Aðalfundur félagsins var haldinn í sal í Hafnarfjarðarkirkju þann 28. apríl. Dagskrá var hefðbundin þ.e. venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Undir önnur mál voru samþykkt endurbætt lög félagsins. Fundinn sátu flestir stjórnarmenn en enginn félagsmaður mætti þar fyrir utan. Helstu verkefni á liðnu starfsári voru: þátttaka í Reykjarvíkurmarðoni, vinna við forvarnarverkefni gegn munntóbaki, formannafundur aðildarfélaganna og aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, fjárhagsstuðningur við ákveðin verkefni, bleiki mánuðurinn, skógarganga og mottumars.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 10. maí 2014 í Skógarhlíð og sóttu hann Anna Borg formaður og Hafrún Dóra varaformaður. Anna Borg sat formannafund aðildarfélaga Krabbameinsfélags Íslands sem að þessu sinni var haldinn laugardaginn 4. október 2014 á Akureyri.



Anna Borg, Hafrún Dóra og Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar, hittust í ágúst 2014 til að fara yfir og undirbúa forvarnarstarfið gegn munntóbaki, í grunnskólum Hafnarfjarðar. Átakið fór síðan í gang í lok janúar 2015 og eins og nokkur undanfarin ár var gengið til samstarfs við Jón Ragnar Jónsson, íþróttamann og tónlistarmann, um að fara í alla 8. bekkina á skólaárinu. Í stuttu máli fór Jón í alla sjö skólana, þar sem hann var eina kennslustund í hverjum bekk. Hann spjallaði við krakkana, sagði frá sínu lífi, ræddi heilbrigðan lífsstíl, talaði gegn munntóbaksnotkun og sagði frá tónlistarferlinum sínum og var með gítarinn í hönd og spilaði og söng. Skólastjórnendur og kennarar eru ákaflega ánægð og jákvæð fyrir þessu verkefni og eru farin að gera ráð fyrir því inn í kennsluáætlun sína. Garðaskóli í Garðabæ fékk Jón Ragnar einnig til sín í ár og er bara vonandi að hann komist yfir fleiri skóla með þetta flotta upplegg sitt gegn munntóbaksnotkun ungmenna. Þetta átak er svo sannarlega að sýna árangur og má vísa í nýjustu niðurstöður frá Rannsóknir & greining 2015 (niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2015) þar sem færri og færri krakkar nota reglubundið munntóbak. Átakið gegn munntóbaksnotkun ungmenna er langhlaup sem fylgja verður vel eftir inn í framtíðina. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar sótti um styrk til verkefnisins, 550 þúsund kr., í velunnarsjóð Krabbameinsfélags Íslands og fékk úthlutað 300 þúsund krónum. Einnig var sótt um styrk frá Lýðheilsusjóði og fengum við úthlutað 200 þúsund krónum til átaksins.

Því miður hefur samstarf við íþróttafélögin, FH og Hauka, ekki gengið nógu vel eftir á liðnu starfsári. Félagin hafa ekki staðið við þau verkefni sem þó hafði verið sammælt um á vormánuðum 2014 og ekki sýnt það frumkvæði að vera í sambandi við okkur um áframhaldandi samstarf. Þessi staða verður væntanlega rædd á næsta starfsári.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar var skráð hjá Reykjavíkumaraþoni og gátu hlauparar heitið á félagið, þ.e. hver km gaf ákveðna krónutölu. Félagið fékk engin áheiti að þessu sinni.

Kvöldganga í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var farin þriðjudaginn 23. september 2014 á vegum Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Félagar og aðrir áhugasamir, fjölmenntu (rúmlega 50), við Gróðrastöðina Þöll til að njóta skógarins í skjóli myrkurs og ganga saman í ævintýraljóma lukta. Gengið var um skóginn undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógræðings. Séra Jón Helgi Þórarinsson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, flutti hugvekju og Jóhann Guðni Reynisson, skáld með meiru, las upp frumsamin ljóð. Eftir gönguna var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar. Gangan tókst einstaklega vel og þátttakendur fóru sáttir og sælir heim eftir ævintýrlega upplifun um dimma skógarstíga. Stjórnarmenn voru þó sammála um varðandi næstu göngu, að leggja af stað hálf tíma seinna eða um 19:30 til að gangan standi betur undir nafni í rökkriinu.

Í bleika mánuðinum stóðu Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Brjóstaeill - Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónustan fyrir sameiginlegu málþingi og pallborðsumræðum, undir yfirskriftinni: „Er besta þjónusta í boði?“.

Að venju fór Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar í samstarf við bæjarstjóra og sóknarprest Hafnarfjarðarkirkju til að minna bæjarbúa á mikilvægi bleika mánaðarins. Fáni með bleiku slaufunni blakti út mánuðinn á fánastöng Ráðhússins og Hafnarfjarðarkirkjan var böðuð í bleiku ljósi. Að auki fór félagið í samstarf við hlaupahóp FH um að setja í gang „október-hlaupið“ og var það svo sannarlega gert með glæsibrag og stemningu fyrir hlaupara og ekki hvað síst fyrir bæjarlífið. Hlaupið var til styrktar krabbameinssjúkum börnum og söfnuðust samtals 160 þúsund krónur sem munu renna til stuðnings við krabbameinssjúk börn. Við gerð þessarar skýrslu standa yfir bréfaskriftir á milli Barnaspítala Hringisins og félagsins um það í hvað nákvæmlega styrkurinn fer í. Eiga félagar í hlaupahóp FH hinar bestu þakkir fyrir frábæran stuðning. Í bleika mánuðinum var haft samband við Miðbæjarsamtökin og Hafnarborg um samvinnu um að gera bæinn bleikan. Því miður tókst ekki að fylgja þessu almennilega eftir að þessu sinni en stefnt er að því að taka upp þráðinn haustið 2015, enda voru undirtektir jákvæðar.

Í mars hófst að venju átakið „Karlar og krabbamein – Mottumars“ á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hafnarfjarðarfélagið gerði sig áberandi í samfélaginu með því að selja bæjarbúum armbönd og segulmottu til styrktar starfsemi félagsins. Stjórnarmenn stóðu í anddyri Fjarðarkaups föstudaginn 13. mars og laugar daginn 14. mars og seldu rúmlega 210 stykki. Heldur minni sala var í ár en mörg undanfarin ár og má þar

fyrst og fremst um kenna mjög slæmu veðri þessa helgina þar sem fólk var hvatt til að vera heima vegna veðurs.

Á árinu styrkti Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar Heilsugæslustöðina við Sólvang um kaup á öflugri myndavél til að mynda húðbletti. Styrkurinn hljóðaði upp á rúmar 100 þúsund krónur.

Á formannafundinum á Akureyri í október 2014, tilkynnti Anna Borg fyrir hönd stjórnar, að Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar legði til 100 þúsund krónur í nýstofnaðan vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands. Stjórnin samþykkti jafnframt að leggja árlega til 200 krónur fyrir hvern félagsmann í sjóðinn.

Minningarkort félagsins eru seld á nokkrum stöðum hér í bænum og gefur það félaginu nokkrar tekjur. Þau er einnig hægt að fá gegnum vefinn hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Samþykkt var á aðalfundi 2014 að félagsgjöld yrðu áfram 1.000 kr. fyrir almenna félagsmenn og 10.000 kr. fyrir styrktarfélag og fyrirtæki. Stjórnin sá ekki ástæðu til hækkunar félagsgjalda.

Félagsmönnum fjölgaði lítillega á milli ára og eru nú um 483 talsins.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar hefur sótti um tvo stóra styrki fyrir liðið starfsár, til að standa straum af kostnaði við átakið geng munntóbaki. Sótt var um styrk hjá Lýðheilsusjóði og fengum við eins og áður hefur komið fram 200 þúsund krónur og hjá velunnarasjóði Krabbameinsfélags Íslands fengum við 300 þúsund krónur. Stjórn félagsins er afskaplega þakklát fyrir þennan stuðning við átaksverkefnið.

Tilgangur Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar hefur frá upphafi verið sá að styðja við baráttuna gegn krabbameini m.a. með fræðslu um krabbamein og krabbameinsvarnir, með styrkveitingu til ákveðinna verkefna og með stuðningi við krabbameinsjúklinga. Gildi forvarna er mjög mikilvægt t.d. varðandi munntóbaks- og tóbaksvarnir, mætingu í krabbameinsleit, mataræði og hreyfingu svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru atriði sem við þurfum sífellt að vera að minna á. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar vill leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að ástunda heilbrigða lífshætti og gerir það með því að vera sýnilegt í bæjarfélaginu og minna á þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni í þágu samfélagsins. Það er mikilvægt að missa ekki sjónar af tilgangi félagsins og þá sérstaklega því sem snýr að forvörnum.

Anna Borg Harðardóttir.

Brjóstaheill – Samhjálp kvenna



Fullt nafn: Brjóstaheill – Samhjálp kvenna, til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein. Stofnár: 1979 (sem formlegt félag sjálfboðaliða 2001). Formlegir félagsmenn eru um 50 en um 350 fá fundarboð. Netfang: samhjalp@krabb.is, vefsíða krabb.is/samhjalp, stuðningssími 898 1712.

Stjórn kosin á aðalfundi 25. september 2014:

Formaður: Brynja Björk Gunnarsdóttir, Klapparbergi 2, Reykjavík 894 7740 brynjagu@landspitali.is
Meðstjórnandi: Anna Sigríður Arnardóttir
Meðstjórnandi: Dóra Júlíussen
Meðstjórnandi: Guðrún Sigurjónsdóttir
Meðstjórnandi: Hrefna Ingólfssdóttir
Meðstjórnandi: Jónína Jónsdóttir
Meðstjórnandi: Ragnheiður Guðmundsdóttir

Starfsemi 2014-2015

Alþjóðabrjóstaheilsudagurinn. Þann 15. október ár hvert er haldinn sérstakur dagur sem helgaður er baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Dagurinn er haldinn í 46 löndum Evrópu undir merkjum Europa Donna. Í tilefni dagsins var gengið kringum Tjörnina undir merkjum Brjóstaheilla, Göngum saman, Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Málþing um um konur og krabbamein var haldið mánudaginn 20. október á vegum Brjóstaheilla, Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Þema málþingsins var: „Er besta þjónusta í boði“. Fundarstjóri var Þórunn Sveinbjarnardóttir framkvæmdarstjóri. Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri setti málþingið. Helgi Sigurðsson prófessor og yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala flutti erindið „Eru krabbameinslækningar á Íslandi í fallhættu?“ Gylfi Ólafsson heilsuhagfræðingur flutti erindið „Dýr og vandmeðfarin lyf, hver er innkaupastjórninn?“ Í lokin voru pallborðsumræður og þátttakendur voru Helgi Sigurðsson prófessor, Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson læknir, Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri, Rannveig Einarsdóttir lyfjafraeðingur og Þórunn Sævarsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Ráðstefna um brjóstakrabbamein og BRCA-stökkbreytingar var haldin 1. og 2. nóvember 2014 á vegum DeCode í samráði við Brjóstaheill og Krabbameinsfélagið.

Jólafundur var haldinn í byrjun desember 2014. Kristján Skúli Ásgeirsson sérfræðingur í brjóstaskurðlækningum hélt fræðsluerindið „Skurðmeðferð brjóstakrabbameina á Íslandi, hvar stöndum við í dag og framtíðarsýn.“

Kastað til bata. Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélagið hafa unnið sameiginlega að verkefninu „Kastað til bata“ og nú er verið að undirbúa það í sjötta sinn. Dagana 4.-6. maí 2015 býðst 14 konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein, að fara í laxveiði í Laxá í Kjós undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig eru með í för konur frá Brjóstaheillum konunum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist með eindæmum vel og hafa konurnar sem farið hafa haldið hópinn og stutt hver aðra áfram.

Erlent samstarf. Þrjár konur frá Brjóstaheillum sóttu ráðstefnu norrænu brjóstakrabbameinsfélaganna 12.-14. september sl. sem haldin var í Osló og er fyrirhugað að halda norrænu ráðstefnuna á Íslandi í september 2016. Brjóstaheill er í Europa Donna og starfar með samtökunum. Tveir fulltrúar, Anna Sigríður Arnardóttir lögfræðingur og stjórnarkona í Brjóstaheillum og Fjóra Viggósdóttir brjóstahjúkrunarfræðingur á brjóstamóttöku Landspítalans, sóttu sjálfbóðaliðanámskeið Europa Donna í Mílanó í nóvember 2014.

Brynja Björk Gunnarsdóttir.

Framför

Stofndagur: 12. febrúar 2007. Félagsmenn: 25.
Vefsíða framfor.is

Stjórn:

Formaður: Guðmundur Örn Jóhannsson
Gjaldkeri: Hinrik Greipsson
Meðstjórnandi: Einar Benediktsson
Meðstjórnandi: Hrafn Pálsson
Meðstjórnandi: Jón G. Ingvason

862 0537 framfor@framfor.is
892 3355 hinrik.greipsson@slr.stjr.is



Starfsemi 2013-2014

Helstu verkefni: Safnað fyrir nýjum línuhraðli, styrkir sóttir til fyrirtækja og páskaegg seld til fyrirtækja.

Guðmundur Örn Jóhannsson.

Kraftur

Fullt nafn: Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Stofndagur: 1. október 1999. Félagsmenn: Um 510.

Netfang kraftur@kraftur.org, vefsíða www.kraftur.org



Stjórn Krafts, kosin á aðalfundi 29. apríl 2015:

Formaður: Hulda Hjálmarsdóttir

Meðstjórnandi: Ástrós Rut Sigurðardóttir

Meðstjórnandi: Þórir Ármann Valdimarsson

Meðstjórnandi: Svanhildur Ásta Haig

Meðstjórnandi: Ólafur Einarsson

Starfsemi 2014-2015

Stjórn o.fl. Miklar breytingar áttu sér stað á stjórn Krafts á aðalfundi félagsins þann 29. apríl sl. Halldóra Víðisdóttir gaf ekki kost á sér áfram sem formaður og var Hulda Hjálmarsdóttir kjörin formaður til næstu tveggja ára. Julie Coadou og Sigríður Margrét Einarasdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Þrír fulltrúar voru kosnir í aðalstjórn og tveir í varastjórn.

Starfsmenn. Starfsmaður Krafts er Ragnheiður Davíðsdóttir, sem hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá 1. september 2013. Anna Sigríður Jökulsdóttir lét af starfi sálfræðings sl. haust og við tók Lilja Sif Þorsteinsdóttir. Hún sér um Stuðningsnet Krafts og sálfræðipjónustu við félagsmenn Krafts og skjólstæðinga Ráðgjafarþjónustunnar. Auk þess hélt hún námskeið fyrir nýja stuðningsfulltrúa snemma á þessu ári. Starfsmaður Ungliðahóps Krafts, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB) og Ljóssins er Kristján Friðriksson. Starfsmaður Fítónskrafts er Atli Már Sveinsson, íþróttافرæðingur.

Stuðningsnetið. Á árinu var haldið eitt stuðningsfulltrúanámskeið. Kraftur hélt áfram að efla Stuðningsnetið og er ætlunin að halda stuðningsfulltrúanámskeið á landsbyggðinni á þessu ári. Kraftur fékk styrk frá velferðarráðuneytinu sérstaklega til útbreiðslu stuðningsnetsins. Hulda Hjálmarsdóttir hefur gert rannsókn á áhrifum stuðningsnetsins og er það verkefni hennar til BS-prófs í sálfræði við HÍ. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hafa ekki enn verið birtar en ljóst er þó að þær lofa góðu og eru jákvæðar í garð starfseminnar og verða notaðar til þess að efla Stuðningsnet Krafts enn frekar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar. Reglulega er settar fréttir, myndir og fróðleikur inn á www.kraftur.org. Ný heimasíða var tekin í notkun á síðasta ári sem hefur fallið í góðan jarðveg. Facebook-síða Krafts er talsvert mikið notuð og skrá félagsmenn sig gjarnan á viðburði félagsins á síðunni. Nú eru fylgjendur Facebook síðu félagsins um 1.650 að tölu. Þá hefur félagið sett á lagginnar Facebook-síðu Fítónskrafts þar sem fréttir eru reglulega settar inn og tilkynningar um starfsemina. Auk þess eru sérstakar Facebook-síður starfræktar á vegum Ungliðahópsins og Stuðningsnetsins.

Útgáfumál. Bókin Lífs-Kraftur, hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur, var gefin út í fjórða sinn á síðasta ári. Bókin nýtur alltaf jafn mikilla vinsælda og er regluleg eftirspurn eftir henni í heilbrigðiskerfinu og víðar. Krafts-blaðið var gefið út síðasta haust og var um að ræða sérstaka viðhafnarútgáfu í tilefni 15 ára afmælis félagsins og kom það í stað þeirra tveggja blaða sem jafnan eru gefin út árlega. Lilja Sif Þorsteinsdóttir, sálfræðingur, skrifaði texta í bækling um viðbrögð við áföllum og er honum dreift sem víðast til þeirra sem á þurfa að halda. Kraftur gaf út bókina „Þegar foreldri fær krabbamein“ sem er þýdd bók eftir Wendy S. Harpham, lækni. Bókin er seld í bókabúðum á vegum Forlagsins en Kraftur fékk 100 höfundareintök sem seld hafa verið frá skrifstofu félagsins í fjáröflunarskyni. Það var fyrirtækið Gengur vel sem styrkti útgáfuna.

Fjármál og styrkir. Efnahagur Krafts er traustur. Umfangsmesta verkefnið sem Kraftur stóð fyrir á síðasta ári var stofnun Neyðarjós Krafts. Nú er verið að úthluta fyrstu styrkjunum úr sjóðnum en úthutað verður vor og

haust. Lögð var mikil vinna í markaðsstarf, bæði í fjölmiðlum og eins á netinu. Reykjavíkumaraþon var haldið í ágúst. Heildarafrakstur af áheitum einstaklinga færðu félaginu tæplega tvær milljónir króna. Þá seldi Kraftur konfekt fyrir jólin sem gaf félaginu 640 þúsund í hagnað. Auglýsingar og styrktarlínur voru seldar í blaðið og stóð sú sala undir kostnaði þess og gott betur. Ýmsir aðilar styrktu starfseminu með beinum hætti og má þar nefna fyrirtæki sem ákváðu að senda ekki jólakort en gefa Krafti fjármuni sem ella hefði verið varið í það, ágóða tónleika sem kórar héldu, framlög frá nemendafélögum framhaldsskóla, söfnun á vinnustöðum og fl. Birt var opnuauglýsing í Fréttablaðinu þar sem framlög til Reykjavíkumaraþonsins voru þökkuð og fengust ágætar tekjur af því.

Viðburðir. Árið 2014 var einstaklega viðburðarríkt í sögu félagsins enda hélt félagið uppá 15 ára afmæli sitt. Eins og áður er getið um var gefið út veglegt afmælisblað auk þess sem haldnir voru styrktartónleikar í Hörpu og afmælimálþing á afmælisdegi félagsins þann 1. október sem bar yfirskriftina „Ungt fólk og krabbamein“. Styrktartónleikarnir voru afar vel heppnaðir en þar komu fram þekktir listamenn sem allir gáfu vinnu sína. Atlantssolía var aðalstyrktaraðili tónleikanna en fjölmargir aðrir styrktaraðilar komu að þeim á einn eða annan hátt. Uppselt var á tónleikana og komust færri að en vildu. Allur ágóði þeirra, tvær milljónir, rann óskiptur í Neyðarsjóð Krafts. Sumargrill Krafts var haldið í júní í Hellisgerði í Hafnarfirði og mættu um 70 manns. Vísindaferðir Krafts eru vinsælar meðal háskólanema en í þeim er starfsemi Krafts kynnt, sérstaklega fjallað um stuðningsnetið auk þess sem fenginn er fagmaður úr viðkomandi grein til að miðla af reynslu sinni. Í byrjun desember var haldin jólastund félagsins. Þar mætti hljómsveitin Dúndurfréttir og skemmti viðstöddum auk þess sem lesið var upp úr jólabók og dregið í veglegu happdrætti. Fyrirtækið Dalpay gerði Krafti kleift að bjóða upp á Dúndurfréttir og fjölmargir aðilar styrktu Kraft með happdrættisvinningum. Um sjötíu manns mættu á jólastundina. Fítónskraftur, endurhæfingar-, íþrótta- og útivistarhópur á vegum Krafts var stofnaður á árinu. Þetta er samstarfsverkefni Krafts og Ráðgjafarþjónustunnar og fékkst styrkur frá Sorpu til þess að hringja þessu verkefni, sem er tilraunaverkefni til sex mánaða, af stað. Atli Sveinsson, íþróttafræðingur með sérmenntun í endurhæfingu krabbameinsgreindra, hefur umsjón með Fítónskrafti.

Ragnheiður Davíðsdóttir.

Ný rödd

Fullt nafn: Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.

Stofndagur: 20. desember 1980. Félagsmenn: Um 20.

Netfang: nyrodd@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/nyrodd



Stjórn kosin á aðalfundi 3. mars 2015:

Formaður: Ragnar Davíðsson, Gnoðavogi 74, 104 Reykjavík

693 1426 ragnar@rikiskaup.is

Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson

Meðstjórnandi: Stefán Kr. Sverrisson

Starfsemi 2014-2015

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfseminni, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítalans, sem og talmeinafræðinga. Félagssfundir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Fulltrúar frá Nýrri rödd hafa í gegnum tíðina sótt norrænnar ráðstefnur systurfélaga sinna á Norðurlöndum þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlisláusra auk þess sem rætt er um framfarir í lækningum og aðgerðum sem vænta má á næstu árum.

Á aðalfundi í mars 2015 var samþykkt að sækja um aðild að Öryrkjabandalagi Íslands.



Ristilfélagið

Stofndagur: 30. júní 2009.

Félagsmenn: Um 65.

Vefsíða: krabb.is/ristilfelagid

Stjórn kosin á aðalfundi 3. mars 2015:

Formaður: Páll Sævar Guðjónsson

897 8103 psg@tandur.is

Meðstjórnandi: Gunnhildur Sigurðardóttir

Meðstjórnandi: Helena Eydís Ingólfssdóttir

Meðstjórnandi: Magnea Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi: Þorleifur Guðmundsson

Starfsemi 2014-2015

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunum þeirra sem greinst hafa með sjúkdóminn og kynningu á málefnum þeirra svo og að beita sér fyrir því að hafin verði leit að ristil- og endaparmskrabbameini á byrjunarstigi. Félagið hefur tekið þátt í samstarfshópi um fræðslumál o.fl.

Á aðalfundinum í vor var mikill hugur í fundarmönnum og er stefnt að aukinni starfsemi.

Páll Sævar Guðjónsson.

Stómasamtök Íslands

Stofndagur: 16. október 1980. Félagsmenn: 300.

Netfang: stoma@stoma.is

Vefsíða: www.stoma.is



Stjórn kosin á aðalfundi 2015:

Formaður: Jón Þorkelsson, Miðvangi 121, 220 Hafnarfirði

696 4395 jon@hyggir.is

Meðstjórnandi: Eva Bergmann

Meðstjórnandi: Inger Rós Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Kristján Freyr Helgason

Meðstjórnandi: Sigurður Jón Ólafsson

Starfsemi 2014-2015

Starfsárið var með hefðbundnu sniði hjá félaginu. Haldnir voru sex almennir félagsfundir á starfsárinu og voru þeir sem hér segir: Almennir félagsfundir voru haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá október til apríl að janúar mánuði undanskildum. Almennur fundur var haldinn á Akureyri í maí. Aðalfundur félagsins var síðan haldinn í maí eins og lög félagsins segja til um. Ungir stómaþegar hittust nokkrum sinnum óformlega yfir árið.

Innlent samstarf. Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan Krabbameinsfélags Íslands eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Einnig á formaður sæti í stjórn Krabbameinsfélagsins og fjáröflunarráði þess. Fulltrúi félagsins á síðan sæti í aðalstjórn Öryrkjabandalagsins og sótti þar fundi reglulega auk þess sem sem þrjú fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund Öryrkjabandalagsins. Einnig var formaður samtakanna kosinn til setu í kjörnefnd Öryrkjabandalagsins fjórða árið í röð. Sömuleiðis var haldinn sameiginlegur fundur með CCU-samtökunum.

Erlent samstarf. Nokkrar sendingar af afskrifuðum stómavarningi fóru til Úkraínu en undir það síðasta urðu tafir á frekari sendingum vegna ástandsins þar. Einnig aðstoðuðum við sænsku samtökin (ILCO) við starf í Zimbabwe en Svíar eru þar með hjálparstarf í gangi. Formaður samtakanna var áfram í stjórn Evrópusam-

takanna, EOA, og tók þátt í stjórnarstörfum. Norræn ráðstefna var haldin í Reykjavík í september síðastliðnum og tókst mjög vel þrátt fyrir fjarveru Norðmanna.

Útgáfumál. Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út samkvæmt venju, kom út fimm sinnum og er sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf-formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is. Endurhönnun á heimasíðu félagsins hófst síðan núna snemma á vordögum og hefur gengið nokkuð vel fyrir sig. Smávægileg fínþússning á verkinu er ennþá eftir en heimasíðan lítur orðið mjög vel út og ætti hún að nýtast vel á næstu árum.

Almennt. Í lok starfsársins voru félagsmenn um 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Ítrekað hefur verið reynt að fá styrki til starfseminnar víða að en það gengur mjög illa nema kannski helst á hefðbundnum slóðum innan Krabbameinsfélagsins og Öryrkjabandalagsins.

Jón Þorkelsson.

Styrkur

Fullt nafn: Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.

Stofndagur: 20. október 1987. Félagsmenn: Um 350.

Netfang: styrkur@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/styrkur



Stjórn kosin á aðalfundi 15. maí 2014:

Formaður: Steinunn H. Friðriksdóttir, Austurströnd 12, 170 Seltj. 896 5808 5525058@internet.is

Varaformaður: Hólmfríður Friðriksdóttir, Kaplaskjólsvégi 93, 107 R.

Meðstjórnandi: Bertha Biering

Meðstjórnandi: Bryndís Konráðsdóttir

Meðstjórnandi: Snorri Ingimarsson

Meðstjórnandi: Erna Nielsen

Meðstjórnandi: Þrúður Hjaltadóttir

Starfsemi 2014-2015

Formaður og varaformaður sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí og formaður formannafund á Akureyri í október. Fjáröflun var í september með aðstoð Lionsfélaga í Eir og fimleikahóps telpna í Gróttu á Seltjarnarnesi og félaga í Styrk. Salan gekk vel, seldir voru pennar, spil og málbönd. Jólakort með myndum eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur voru seld í desember.

Sú breyting var gerð á fundardögum að við færðum okkur yfir á mánudaga. Fundir eru nú haldnir annan mánudag í mánuði, eins og við vorum upphaflega, en kl. 17 í stað kl. 20.

Frönn Harðardóttir lungnasérfræðingur kom til okkar í nóvember ásamt Gunnari Bjarna Ragnarssyni krabbameinsslækni. Rætt var um reykingar, hættur og afleiðingar. Jólafundur var í desember. Hildur Friðriksdóttir blaðamaður flutti jólahugvekkju, Ragnar Jónasson og Þorgrímur Þráinsson lásu úr bókum sínum, Marta Kristín Friðriksdóttir nemi gladdi okkur með frábærum söng og glæsileik. Boðið var upp á heitt súkkulaði, jólatertur og kökur.

Á opnu húsi í janúar las Eyrún Ósk Jónsdóttir rithöfundur og leikstjóri úr bókum sínum söngur Snáksins og Lórelei, ævintýri um ástina. Þorrablót var í febrúar, matur frá Múlakaffi að venju. Markús Þórhallsson sagnfræðingur sagði frá íslenski kvennhetju. Dansnemar sýndu okkur danssporin á heimsvísu. Maja, Valli og Jón sungu og spiluðu. Félagfundir voru í mars og apríl.

Steinunn Helga Friðriksdóttir.

Lög Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er að styðja og efla í hvítvetna baráttuna gegn krabbameini, svo sem með því að:

1. Beita sér fyrir virkri opinberri stefnu (krabbameinsáætlun) í forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein.
2. Stuðla að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameinsvarnir.
3. Efla krabbameinsrannsóknir, m.a. með söfnun og vísindalegri úrvinnslu upplýsinga og með rekstri vísindasjóðs.
4. Beita sér fyrir leit að krabbameini á byrjunarstigi.
5. Styðja framfarir í meðferð krabbameins og umönnun krabbameinssjúklinga.
6. Beita sér fyrir stuðningi við krabbameinssjúklinga og aðstandendur.
7. Vera málsvari krabbameinssjúklinga og beita sér fyrir réttindum þeirra.

3. gr. Stjórnun.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar, sem haldinn skal fyrir maílok ár hvert. Boða skal til hans bréflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrslur aðildarféлага.
4. Lagabreytingar.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.
8. Önnur mál.

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands fulltrúarétt á aðalfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveim til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Við skipan stjórnar skal þess gætt að fulltrúar séu bæði frá svæðafélögum og stuðningshópum. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund kýs stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfunda að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrír stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Formannafundur skal að jafnaði haldinn í október. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum félagsins á hverjum tíma. Tillögur samþykktar á formannafundi skulu vera bindandi fyrir stjórn, enda skulu þær hljóta meirihluta greiddra atkvæða þeirra sem hefðu haft atkvæðisrétt á síðasta aðalfundi.

4. gr. Rekstur.

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins.

5. gr. Fjármál.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjáröflunar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu sendar formanni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Skulu þær kynntar í fundarboði.

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögnum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

7. gr. Félagsslit.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki tveggja aðalfunda í röð og séu félagsslitin samþykkt með a.m.k. 4/5 greiddra atkvæða á hvorum fundi. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.

Verði félagið lagt niður skal eignum þess ráðstafað til líknarstarfa í samráði við heilbrigðisráðuneytið. Því ákvæði má aldrei breyta.

Lögin í heild voru samþykkt á aðalfundi 6. maí 2000, breyting á 3. grein (uppstillingarnefnd) á aðalfundi 3. maí 2003 breyting á 2. grein (vísindasjóður) og 3. grein (formannafundur) á aðalfundi 7. maí 2005 og breyting á 2. gr. (1., 6. og 7. töluliður) á aðalfundi 7. maí 2011.

